JOSÉ LUIS NUNEZ ALVAREZ
*Æfir fótbolta á fullu*
Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ROGER MOORE
*Keypti íslenska jólasveina*
Frægir kaupa jólaskraut á Skólavörðustígnum
FÓLK 38



ANNA S. SNORRADÓTTIR
*Semur limrur fyrir fólk með góðan húmor*
Kynntist limrunni í Englandi rétt eftir stríð
TILVERA 16



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
7. nóvember 2006 — 298. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Ríkislögreglustjóri vottar um öryggi einstaklinga

**Uppáskriftar íslenskra stjórnvalda er krafist um áreiðanleika þeirra sem starfa fyrir NATO. Árni Páll Árnason, fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins, segist ekki geta tjáð sig um símhleranir sem hann telur sig hafa orðið fyrir því þá þurfi hann að skýra frá eftirliti og útgáfu öryggisvottorða um einstaklinga.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Innan embættis ríkislögreglustjóra er deild sem sér um að gefa út öryggisvottorð um einstaklinga. Áður var það á verksviði lögreglunnar í Reykjavík að gefa út öryggisvottorðin, samkvæmt upplýsingum frá Böðvari Bragasyni lögreglustjóra í Reykjavík.

Öryggisvottorðin eru gefin út um einstaklinga sem eru á leið til starfa fyrir NATO og hefur utanríkisráðuneytið milligöngu þar um. Að sögn Böðvars fer öryggisvottunin fram eftir reglum NATO þar sem farið er fram á uppáskrift íslenskra yfirvalda um áreiðanleika þeirra sem starfa munu á vegum NATO. „Það er ekkert hernaðarleyndarmál að hér séu gefin út öryggisvottorð fyrir NATO,“ segir Böðvar. „Hins vegar er rétt að utanríkisráðuneyti upplýsi um þetta mál því það fer með málefni NATO,“ segir hann.

Róbert Trausti Árnason, fyrrum ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, segir að ráðuneytið hafi engin afskipti önnur af öryggisvottuninni en að biðja um hana frá lögreglu. Í beiðninni komi fram nafn starfsmanns sem óskað er vottunar á og á hvaða stigi öryggisvottunin þurfi að vera af þeim fjórum stigum sem NATO tilgreinir.

Í bréfi sem Árni Páll Árnason, fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins, sendi Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra 26. október, óskar hann eftir leiðbeiningum ráðuneytisins um hverju hann geti skýrt frá í skýrslutöku sýslumannsins á Akranesi vegna upplýsinga sem fram hafa komið um hugsanlegar hleranir á síma Árna Páls í utanríkisráðuneytinu árið 1995.

Í bréfinu segir: „Ef ég á við skýrslutöku að upplýsa frekar en þegar hefur verið gert um atvik er varða meintar ólögmætar hleranir þarf ég að geta fjallað með heildstæðum og ítarlegum hætti um atriði er varða öryggismál ráðuneytisins og annað sem er til þess fallið að varpa ljósi á heildarsamhengi eftirlits með þeim mönnum sem fóru á þeim tíma með mál er varða öryggismál ríkisins og þá sérstaklega þá verkferla sem liggja að baki útgáfu öryggisvottorða á hæsta stigi, jafnt hér á landi og í öðrum löndum.“

Spurður hvort hann eigi með þessu við að hér sé starfandi öryggisdeild sem sjái um eftirlit með einstaklingum svarar Árni Páll: „Ég ætla ekki að tjá mig frekar um þetta mál en greinir í þessu bréfi.“

Árni hafði í gærkvöldi ekki fengið svar frá ráðuneytinu. Hann fór í skýrslutöku í gær og gat ekki tjáð sig um málið vegna trúnaðarskyldu sem hann gekkst undir þegar hann starfaði hjá ráðuneytinu. Brjóti hann þann trúnað á hann yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsisdóm.

Ekki náðist í Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra í gær, né heldur Grétar Má Sigurðsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins.

- sda



**BERST FRAM Á SÍÐUSTU STUNDU** George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur notað síðustu dagana fyrir þingkosningarnar í Bandaríkjunum til þess að ferðast um þau ríki þar sem meirihluti Repúblikanaflokksins þykir í mestri hættu. Í dag ræðst hvort Repúblikanaflokkur forsetans hefur þingmeirihluta þau tvö ár sem eftir eru af kjörtímabili Bush. Myndin er tekin á kosningafundi í Kansas á sunnudaginn. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tillögur nefndar um umgjörð stjórnmálaflokkanna felur í sér grundvallarbreytingu:

## Bókhald flokka verði opnað

**STJÓRNMÁL** Formenn allra stjórnmálaflokkanna hafa fallist á að bókhald stjórnmálaflokkanna verði opnað og fært upp á yfirborðið, að tilteknum ákveðnum skilyrðum og fullri sátt um þau. Þetta staðfesti heimildarmaður Fréttablaðsins. Niðurstöður nefndarstarfs verða kynntar um leið og nefndarvinnu lýkur.

Formenn allra stjórnmálaflokkanna funduðu um tillögur nefndar um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á laugardag og hafa tillögurnar þegar verið kynntar stuttlega í þingflokkunum. Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar, Kjartan Gunnarsson varaformaður og Árni Páll Árnason ritari sátu einnig fundinn með formönnum flokkanna. Þeir voru ekki tilbúnir til þess að tjá sig um nefndarstarfið, eða fundinn með formönnum flokkanna, og báru fyrir sig trúnað. Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, staðfesti að fundurinn hefði farið fram en bar fyrir sig trúnað um efni hans.

Tillögur nefndarinnar, sem ræddar voru á fundi með formönnum flokkanna, miða meðal annars að því að fjárframlag komi frá hinu opinbera í meira mæli heldur en nú, og það verði í höndum Ríkisendurskoðunar að móta reglur og hafa eftirlit með fjármálum flokkanna.

Í nefndinni sitja, auk Sigurðar og Kjartans, Eyjólfur Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Svavarsson, Gunnar Sverrir Ragnars, Helgi S. Guðmundsson, Kristín Halldórsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir. - mh

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Björgvin leiðir í Suðurkjördæmi

**PRÓFKJÖR** Björgvin G. Sigurðsson sigraði í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi. Prófkjörið fór fram á laugardag og sunnudag en atkvæði voru talin í gær þar sem kjörgögn bárust ekki frá Vestmannaeyjum um liðna helgi vegna veðurs.

Björgvin segir prófkjörið styrkja Samfylkinguna fyrir kosningarnar í vor. „Ég er vitanlega ánægður með þessa niðurstöðu og lista flokksins í kjördæminu, sem sýnir hversu sterkum stjórnmálamönnum og konum Samfylkingin getur teflt fram í kjördæminu.“ Alls kusu 5.146 í prófkjörinu. - mh/sjá síðu 2

Yfirtöku spáð á Storebrand:

## KB banki sagður hafa áhuga

**VIÐSKIPTI Hlutabréf í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand náðu methæðum í gær, sama dag og Kaupþing tilkynnti um áform um sölu á nýju hlutafé til erlendra fjárfesta. Er hækkunin rakin til væntinga um að Kaupþing muni ráðast í yfirtöku á Storebrand.**

**Kaupþing, sem heldur utan um tæplega átta prósenta hlut í Storebrand, gæti fengið um 55 milljarða með sölu bréfanna og myndi nýta þá fjárhæð til ytri vaxtar, sennilega á næsta ári. Sérfræðingur sem norski vefmiðillinn Hegnar ræddi við telur líklegt að Kaupþing fari yfir tíu prósenta hlut innan skamms.**

**Storebrand er metið á rúma 200 milljarða króna.** - eþa/sjá síðu 37

## ÞRIÐJUDAGUR

### Hlustað eftir sögunni



Sigrún Sigurðardóttir, sagn- og menningarfræðingur, heldur erindi um möguleika og sannleiksgildi munnlegra heimilda í Þjóðminjasafninu í dag. MENNING 28

### Langar í íbúð á Íslandi



Hryllingsmyndaleikstjóranum Eli Roth var vel tekið um helgina í Reykjavík. FÓLK 38

### Að þekkja takmörk

„Þegar kosningar nálgast verða ráðamenn að þekkja takmörk sín, þeir geta ekki og mega ekki lofa því sem þeir hafa engin völd og ekkert leyfi til að lofa,“ segir Valgerður Bjarnadóttir. Í DAG 20

### Eggert að hætta?



Ef Eggert Magnússon kaupir West Ham hættir hann hjá KSÍ. Fréttablaðið nefnir mögulega eftirmenn hans. ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg átt en norðaustan 8-13 á Vestfjörðum. Skúrir eða él vestan til en bjart allra austast. Hiti um eða undir frostmarki norðan til en frostlaust syðra og vestra að deginum. Kólnandi veður. VEÐUR 4



## SPURNING DAGSINS



*Halldór, er stutt í samkynhneigða glímubóndann í þér?*

„Hann býr í okkur öllum."

Halldór Gylfason leikur samkynhneigðan glímukappa, sem jafnframt er bóndi, í nýrri stuttmynd eftir Grím Hákonarson sem heitir Bræðrabylta.

Fyrstu tölur í forsetakosningunum í Níkaragva:

# Sandinistar ná völdum á ný

**NÍKARAGVA** Allt benti til þess í gær að sandinistar, með fyrrum forseta landsins Daniel Ortega í fararbroddi, næðu aftur völdum í landinu, eftir sextán ára stjórn hægrimanna. Eftir þriðju tölur úr talningu atkvæða, þegar 40,43 prósent atkvæða höfðu verið talin, leiddi hann með 40,10 prósent atkvæða, en næsti keppinautur hans, Eduardo Montealegre, taldist með 32,72 prósent atkvæða. Samkvæmt stjórnarskrá landsins nægja 35 prósent atkvæða til sigurs, fái næsti frambjóðandi fimm prósentum lægra fylgi. Öðrum kosti þarf að kjósa á ný milli þeirra tveggja efstu.

Þetta þykja ill tíðindi fyrir ráðamenn í Washington, því Ortega er í hópi hörðustu andófsmanna bandarískra áhrifa í álfunni, líklegur samstarfsmaður Fidels Castro og Hugos Chávez. Þegar Ortega var við völd setti Ronald Reagan viðskiptabann á landið og skrúfaði fyrir fjárhagsaðstoð til þess, utan að kontra-skæruliðar fengu gríðarlegt fé til að halda úti borgarastyrjöld þar.

Ortega segist nú gjörbreyttur maður frá því hann var marxískur skæruliðaforingi og til marks um það fékk hann fyrrum talsmann kontra-skæruliða í hlutverk varaforseta í kosningabaráttunni. Alþjóðlegu eftirliti með framkvæmd kosninganna bar saman um að þær hefðu að mestu leyti farið vel fram. **- kóþ**



**DANIEL ORTEGA YFIRGEFUR KJÖRSTAÐ ÁSAMT EIGINKONU SINNI, ROSARIO MURILLO** Ortega var forseti landsins árin 1985 til 1990. Á þeim tíma veittu bandarísk yfirvöld ómældu fé til kontra-skæruliða og borgarastyrjöldi ríkti í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lést á hótelherbergi af völdum e-töflu

**Liðlega tvítug stúlka fannst látin á hótelherbergi í Reykjavík á laugardagsmorgun eftir að hafa tekið e-töflu. Tveir unglingspiltar voru fluttir fárveikir á Barnaspítalann um helgina. Þeir höfðu einnig tekið e-töflur. Þeir eru útskrifaðir.**

**LÖGREGLUMÁL** Liðlega tvítug stúlka lést á hótelherbergi í Reykjavík um helgina eftir að hafa tekið e-töflu. Þá voru tveir unglingspiltar á aldrinum 16 til 17 ára fluttir alvarlega veikir á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi og þaðan á Barnaspítala Hringsins. Þeir höfðu einnig tekið e-töflur. Lögreglan í Reykjavík sendi í gær frá sér viðvörun vegna þessara mála.

Stúlkan hafði tekið sér hótelherbergi á leigu í borginni á föstudagskvöld, ásamt ungum manni. Hún var búsett á höfuðborgarsvæðinu, en hann utan af landi. E-taflna var neytt og á laugardagsmorgun þegar pilturinn vaknaði var stúlkan látin við hlið hans, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Unglingspiltarnir tveir voru fluttir fárveikir á Barnaspítala Hringsins á sunnudagsmorgun. Þeir hafa nú náð fullri heilsu og verið útskrifaðir af spítalanum.

„Það er skylda okkar að tilkynna tilvik af þessum toga á hefðbundinn hátt til barnaverndaryfirvalda þegar krakkar undir átján ára aldri verða fyrir svona áföllum," sagði Gunnar Jónasson, yfirlæknir á Barnaspítalanum. „Síðan fáum við í lið með okkur starfsfólk frá barna- og unglingageðdeildinni sem býður upp á viðtalsmeðferð. Mál þeirra eru komin í farveg og það verður leitast við að veita þeim þá hjálp sem unnt er að bjóða upp á."

Í tilkynningu frá Lögreglunni í Reykjavík í gær kom fram að talið sé að stúlkan sem lést hafi keypt e-töflu af óþekktum aðila, sennilega á föstudagskvöld. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins segist manninum sem hún dvaldi með á hótelinu svo frá að hún hafi keypt efnið og hann hafi ekki vitað af hverjum.

„Í ljósi þessa alvarlegu atburða telur lögreglan rétt að vara sérstaklega við notkun e-taflna," segir í tilkynningu frá lögreglunni í Reykjavík. „Neysla þeirra er að sjálfsögðu ávallt hættuleg og best væri ef fólk léti þær alfarið eiga sig."

**jss@frettabladid.is**



**BARNASPÍTALI HRINGSINS** Unglingspiltarnir voru fluttir á slysa- og bráðamóttöku í Fossvogi og þaðan á Barnaspítala Hringsins. Þeir eru komnir til heilsu og hafa verið útskrifaðir.

## Börn niður í 12 ára leita aðstoðar vegna eiturlyfja

Börn allt niður í 12-13 ára koma reglulega inn á slysa- og bráðamóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss eftir neyslu eiturlyfja, að sögn Ófeigs Þorgeirssonar yfirlæknis þar.

„Við sjáum allt frá því að þau eru að fara á slæmt „trip" eins og það heitir upp í það að krakkar reyna að fremja sjálfsvíg. Við sjáum allt litróf þessara mannlegu hörmunga og svo virðist sem þessi aldur sé mjög viðkvæmur fyrir því."

Ófeigur segir sum barnanna illa farin séu þau búin að vera lengi í fíkniefnum. Þau virðist taka það sem til er á götunni hverju sinni. Bæta megi við að fíkniefnaneytendur sjáist sjaldan eldri en 40-45 ára gamlir. Þeir séu yfirleitt annaðhvort búnir að missa heilsuna eða dánir.

Ófeigur lýsir almennt hvernig „yfirskammtur" örvandi efna, e-pilla, amfetamíns og kókaíns, lýsir sér.

„Neysla þessara efna lýsir sér sem mikil ofvirkni í líkamanum almennt, svipað og adrenalíni væri sprautað í stórum skömmtum inn í líkamann. Fólk fær mikinn hjartslátt, titring, blóðþrýstingshækkun, húðin fölnar upp og andleg og líkamleg vanlíðan er mikil. Við getum séð þetta allt upp í hjartaáföll, heilablóðföll og lungnabjúg. Þegar fólk er farið að deyja af þessu er það komið yfir í fjöllíffærabilanir og það getur svo sannarlega gerst." **- jss**



**FRAMKVÆMDASTJÓRN WHO** Atkvæðagreiðslur standa yfir þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr framkvæmdastjóri WHO:

## Fimm manns koma til greina

**GENF, AP** **Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, velur sér nýjan framkvæmdastjóra nú í vikunni. Ellefu manns buðu sig fram, þeirra á meðal Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, sem situr í stjórn stofnunarinnar.**

**Líklegust til að hreppa embættið þykja þó Kazeem Behbehani frá Kúvæt, Shigero Omi frá Japan, Margaret Chan frá Kína, Júlíus Frenk frá Mexíkó og Elena Salgado Mendez frá Spáni.**

**Þriggja daga ráðstefna hófst í gær og er stefnt að því að nýr framkvæmdastjóri verði fundinn áður en henni lýkur.** **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kviknaði í eldavél

Talsverðar skemmdir urðu á íbúð fjölbýlishúss við Keilusíðu á Akureyri síðdegis í gær. Talið er að eldurinn hafi kviknað vegna straums á eldavél en íbúðin var mannlaus þegar eldsins varð vart.

### Sluppu með skrekkinn

Bíll valt á Svalbarðsströnd í Eyjafirði síðdegis í gær. Bílstjórinn hlaut skrámur á hendi en þrjú börn sem voru farþegar í bílnum sakaði ekki.

Samtök fiskvinnslu án útgerðar:

## Þakkarskuld gagnvart erlendu fólki

**INNFLYTJENDAMÁL** Óskar Þór Karlsson, formaður Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, segir augljóst að fjöldi fyrirtækja úr ýmsum greinum hefði hrakist með starfsemi sína úr landi, þar á meðal flest fiskvinnslufyrirtæki, hefði landið verið lokað fyrir erlendu verkafólki.

Óskar segir í grein í Fiskifréttum að fiskvinnslan væri ekki svipur hjá sjón hefði erlenda verkafólksins ekki notið við. „Það er til dæmis ekkert því til fyrirstöðu að flytja út óunnið hráefni og er reyndar gert í miklum mæli, því miður vegna þess að það dregur úr verðmætamyndun í greininni," segir hann. „Íslenskt samfélag á öllu því erlenda starfsfólki sem hingað hefur komið til vinnu mikla þakkarskuld að gjalda." **- ghs**

Flokksskrá Sjálfstæðisflokks:

## Reglur verða endurskoðaðar

**STJÓRNMÁL** **Ný úttekt skrifstofu Sjálfstæðisflokksins á meðferð skráa í prófkjörinu í Reykjavík liggur fyrir og var málið rætt á fundi framkvæmdastjórnar í gærmorgun að sögn Andra Óttarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins.**

**„Framkvæmdastjórnin sá ekki tilefni til frekari aðgerða vegna málsins og mun beita sér fyrir heildstæðri framkvæmdastjórnin endurskoðun á reglum flokksins um meðferð og miðlun flokksskrár í framtíðinni."**

**Í framkvæmdastjórn sitja Geir H. Haarde formaður, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir þingflokksformaður og Borgar Þór Einarsson og Ásta Möller sem fulltrúar miðstjórnar.** **- sdg**






Atkvæðin í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi voru talin í gær:

# Björgvin vann afgerandi sigur

**PRÓFKJÖR** Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, vann afgerandi sigur í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi. Björgvin sagðist líta á úrslitin sem sigur fyrir Samfylkinguna. „Ég bjóst við að baráttan á toppnum yrði jafnari, vegna þess að afburðafólk bauð sig fram í efstu sætin. Mér líst afar vel á útkomuna úr prófkjörinu og er viss um að Samfylkingin nær góðum árangri í kosningunum næsta vor. Ég get ekki annað en litið á þessi úrslit sem persónulegan sigur fyrir mig og Samfylkinguna í heild."

Róbert Marshall, fyrrverandi framkvæmdastjóri sjónvarpsstöðvarinnar NFS, varð þriðji í prófkjörinu. Hann sagði niðurstöðuna óvænta en jafnframt ánægjulega. „Ég fann fyrir því í aðdraganda kosninganna að ég nyti trausts hjá nokkuð stórum hópi. Ég er hins vegar óreyndur í stjórnmálum og vissi því ekki hvernig landið lá fyrr en niðurstöður lágu fyrir," sagði Róbert og ítrekaði að hans verkefni væri að hjálpa til við að fella núverandi ríkisstjórn í kosningunum næsta vor. „Ég spurði fólk því í kjördæminu, hvort það mætti bjóða því nýjan þingmann? Það svaraði já, eins og niðurstöður prófkjörsins gefa til kynna. Nú hef ég undirbúning að því að fella ríkisstjórnina og spyr fólk hvort það vilji nýja ríkisstjórn. Vonandi svarar almenningur í landinu því játandi í kosningunum næsta vor."

Vestmannaeyingar eiga þrjá fulltrúa meðal þriggja efstu í prófkjörinu, Róbert Marshall, Lúðvík Bergvinsson og Guðrúnu Erlingsdóttur sem tók fimmta sætið á listanum þrátt fyrir að verða sjötta í prófkjörinu.

Jón Gunnarsson varð fimmti en jafnréttisreglur Samfylkingarinnar gera ráð fyrir því að hvort kyn eigi að minnsta kosti fjörutíu prósent fulltrúa og Guðrún Erlingsdóttir fer því fyrir ofan Jón.

Lúðvík Bergvinsson og Ragnheiður Hergeirsdóttir börðust lengi um annað sætið en Lúðvík vann með naumindum. **- mh**

**PRÓFKJÖR Samfylkingar**

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Björgvin G. Sigurðsson |
| 2. sæti | Lúðvík Bergvinsson |
| 3. sæti | Róbert Marshall |
| 4. sæti | Ragnheiður Hergeirsdóttir |
| 5. sæti | Jón Gunnarsson |
| 6. sæti | Guðrún Erlingsdóttir |

# Î €vrôpu ěrû mørg ólîk löŋd òg øll häfà þaü sìn sěrkennï

## Með Vodafone Passport sameinast þau í eitt mínútuverð. Það sama og á Íslandi.




**Vodafone Passport** er ný byltingarkennd þjónusta sem gerir viðskiptavinum Vodafone kleift að hringja á sama mínútuverði í 18 löndum í Evrópu og heima á Íslandi. Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað til dæmis 48% í Danmörku, 59% á Spáni og 76% í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Það er enginn stofnkostnaður og ekkert mánaðargjald.

Fiton/SIA

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

## GENGIÐ 6.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,02 | 68,18 |
| Sterlingspund | 129,08 | 129,39 |
| Evra | 86,39 | 86,63 |
| Dönsk króna | 11,583 | 11,617 |
| Norsk króna | 10,469 | 105 |
| Sænsk króna | 9,436 | 9,464 |
| Japanskt jen | 0,5746 | 0,5763 |
| SDR | 100,6 | 100,9 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,5152

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þorgerður Katrín menntamálaráðherra um íslenskukennslu fyrir innflytjendur:

# Varar við plástursmeðferð

**MENNTAMÁL** Nauðsynlegt er að taka fyrirkomulag íslenskukennslu fyrir útlendinga fastari tökum, í ljósi þess mikla fjölda útlendinga sem hingað sækir. Þetta er mat Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Hún segir unnið að áætlun og tillögum innan ráðuneytisins. Í þeim eigi að skilgreina verkaskiptingu og ábyrgðarsvið ráðuneyta í samráði við félags- og dómsmálaráðuneyti, en menntamálaráðuneyti annist yfirstjórn á verkefninu. Hún segir vilja til þessa innan ráðuneytisins og mikilvægt að vandlega sé að þessu staðið. „Ég vara við einhverri plástursmeðferð, ég vil að það verði sett fram heildarlausn í íslenskukennslunni,“ segir Þorgerður og tekur fram að tryggja verði að þetta komi ekki í hausinn á stjórnvöldum eftir nokkur ár.

Gagnrýnt hefur verið að ákveðin íslenskukunnátta sé skilyrði fyrir ríkisborgararétti samkvæmt lögum, en ekki sé tryggður aðgangur að íslenskunámi á móti. Þorgerður segir að nýtt frumvarp um ríkisborgararétt sé í bígerð og í því verði ákvæði um íslenskukunnáttu skýrari.

Þorgerður Katrín vill ekki nefna ákveðna dagsetningu, en aftekur ekki að tillögur um þetta komi úr ráðuneyti sínu fyrir áramót. „Við þurfum að hafa hraðar hendur.“ **- kóþ**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Segir almennt samþykki ríkja um að íslenskukunnátta sé lykillinn að íslensku samfélagi og því brýnt að halda vel á spilunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Horuðu hrossin í Dalabyggð:

## Tilsjónarmaður var skipaður

**DÝRAHALD** Tilsjónarmaður hefur verið skipaður með hrossum sem voru vanhaldin á jörð í Dalabyggð, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku. Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri segir að tilsjónarmaðurinn eigi að sjá um að nægt fóður og skjól verði á jörðinni fyrir hrossin og að málið sé þar með leyst.

Héraðsdýralæknir og búfjáreftirlitsmaður höfðu gert alvarlegar athugasemdir við ástand hrossanna, svo og aðbúnað þeirra. Einnig að girðingar umhverfis jörðina, sem tveir menn á höfuðborgarsvæðinu eiga, hafi verið mjög lélegar. **- jss**



**STARFSMENN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Meirihluti þeirra vill vinna að svipuðum verkefnum í framtíðinni.

Virkjanaframkvæmdir:

## Ánægðir með vinnuumhverfi

**VINNUMARKAÐUR Meirihluti starfsmanna á framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar er ánægður með mikilvæga þætti eins og öryggismál, samskipti á vinnustað og samskipti við yfirmenn. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun sem Tryggvi Hallgrímsson, nemi í Háskólanum í Tromsö, hefur gert.**

**Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að yfir 80 prósent svarenda höfðu áður starfað við virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir og svipað hlutfall hafði áhuga á að vinna að svipuðum verkefnum í framtíðinni. Laun eru helsta ástæða þess að erlendu starfsmennirnir komu hingað til starfa.** - hs

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Á sjúkrahús vegna ölvunar**

Unglingsstúlka var flutt á sjúkrahús Ísafjarðar vegna ölvunar um helgina. Borgari gerði lögreglu viðvart vegna 14-15 ára ungmenna sem voru óviðræðuhæf vegna ölvunar og var forráðamönnum þeirra gert viðvart.

### ATVINNULÍFIÐ

**Fundaröð um umhverfið**

Á morgun, miðvikudag, hefst fundaröð Samtaka atvinnulífsins um atvinnulíf og umhverfi. Fjallað verður um íslensk fyrirtæki, áhrif þeirra á umhverfið og staða umhverfismála sett í alþjóðlegt samhengi.

# Kosningaskjálfti í hámarki

**Í dag ræðst hvort Bush Bandaríkjaforseti getur áfram treyst á meirihluta Repúblikanaflokksins á Bandaríkjaþingi, eða hvort hann þarf að treysta á andstæðinga sína þau tvö ár sem eftir eru af kjörtímabili hans.**

**BANDARÍKIN, AP** Mikil spenna ríkir í kringum þingkosningar í Bandaríkjunum, sem haldnar verða í dag. Skoðanakannanir hafa undanfarið flestar bent til þess að demókratar nái meirihluta í fulltrúadeild þingsins og jafnvel í öldungadeildinni líka. Mjótt er þó á mununum og heldur hefur dregið saman með flokkunum nú allra síðustu dagana.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur notað síðustu dagana fyrir kosningar til þess að ferðast um þau ríki þar sem meirihluti repúblikana er helst talinn í hættu. „Farið að kjósa. Fáið nágranna ykkar og vini til þess að kjósa,“ hrópaði hann á kosningafundi í Kansas í gær.

Demókrataflokkurinn hefur ekki heldur setið auðum höndum, til dæmis hefur Bill Clinton fyrrverandi forseti ferðast um og reynt sitt til að fá fólk til liðs við flokkinn.

Báðir flokkarnir hafa sent þúsundir sjálfboðaliða til þeirra ríkja þar sem vitað er að mjótt verður á mununum til þess að hvetja fólk til að kjósa.

Óánægja með Íraksstríðið hefur kostað repúblikana fylgistap, en svo virðist sem ótti við bæði hugsanleg hryðjuverk og aukna skatta fæli stóran hluta kjósenda frá því að greiða demókrötum atkvæði sitt.

„Ef demókratar eru svona góðir í því að vera flokkur í stjórnarandstöðu, þá skulum við bara hafa þá áfram í stjórnarandstöðu,“ sagði Bush á kosningafundi í Nebraska.

Kosningarnar í dag snúast þó engan veginn bara um efri og neðri deild þingsins í Washington. Í 36 ríkjum eru haldnar ríkisstjórakosningar og í öllum ríkjunum er kosið nýtt ríkisþing. Í mörgum ríkjanna eru ýmis mál einnig lögð í hendur kjósenda, sem fá að taka ákvörðun í þessum kosningum til dæmis um hjónabönd samkynhneigðra, lágmarkslaun og fjárveitingar til skólamála.

Í Bandaríkjunum eru það yfirleitt frekar þessi mál, sem varða fólk beint í hverju ríki, sem draga fólk á kjörstað frekar en kosningar til þjóðþingsins í Washington sem margir Bandaríkjamenn láta sig í raun litlu varða.

gudsteinn@frettabladid.is

## Þingmeirihlutinn í húfi

**Þrjátíu og þrjú þingsæti af alls 100 í öldungadeild Bandaríkjanna og öll 435 þingsætin í fulltrúadeildinni eru í kjöri í kosningunum í dag. Til þess að ná meirihluta þurfa demókratar að bæta við sig sex sætum í öldungadeildinni og 15 sætum í fulltrúadeildinni.**




**Þar sem úrslitin ráðast**
Fyrri þingmaður og fylgi hans nú (nóv. 2006)

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Líklegt að repúblikani nái sigri** | | |
| 1 | **Arizona:** | Fyrri þingm. hættir | - |
| | **Líklegt að demókratar nái sigri** | | |
| 2 | **Maryland** | Fyrri þingmaður hættir | - |
| 3 | **Michigan:** | Debbie Stabenow ***(D)*** | 53% |
| 4 | **Minnesota:** | Fyrri þingm. hættir | - |
| 5 | **Montana:** | Conrad Burns ***(R)*** | 36% |
| 6 | **Ohio:** | Mike DeWine ***(R)*** | 44% |
| 7 | **Pennsylvania:** | Rick Santorum ***(R)*** | 39% |
| 8 | **Rhode Island:** | Lincoln Chafee ***(R)*** | 46% |
| 9 | **Washington:** | Maria Cantwell | 53% |
| | **Úrslit óviss** | | |
| 10 | **New Jersey:** | Robert Menendez ***(D)*** | 48% |
| 11 | **Missouri:** | Jim Talent ***(R)*** | 45% |
| 12 | **Tennessee:** | Fyrri þingm. hættir | - |
| 13 | **Virginia:** | George Allen ***(R)*** | 45% |


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU LEGACY GL**

Nýskr. 08.04 - Beinskiptur - Ekinn 42 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÓLNANDI**

Það er kólnandi veður í kortunum. Í dag ætti þó að verða frostlaust sunnan og vestan til en á morgun frystir um allt land og má búast við töluverðu frosti annað kvöld og aðra nótt. Í dag verða víða skúrir eða él en bjart veður fyrir austan. Á morgun hins vegar verður éljagangur með öllu norðan- og austanverðu landinu. Það hlýnar síðan á ný á fimmtudag með slyddu og síðar rigningu sunnan og vestan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur hæg suðvestlæg átt. Skýjað og stöku skúrir. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



3-13 m/s, hvassast suðaustan til.

*» fimmtudagur*



8-15 m/s hvassast á annesjum vestan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C léttskýjað | London | 14°C léttskýjað | Alicante | 21°C skýjað |
| Þórshöfn | 9°C skúrir | París | 13°C léttskýjað | Barcelona | 21°C léttskýjað |
| Osló | 11°C léttskýjað | Frankfurt | 14°C léttskýjað | Algarve | 20°C skúirir |
| Stokkhólmur | 10°C skýjað | Friedrichshafen | 12°C skýjað | Krít | 20°C léttskýjað |
| Gautaborg | 11°C skýjað | Berlín | 12° C léttskýjað | Las Palmas | 25°C skúrir |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34852 11/2006

## RAV4 - með glæsilegum aukahlutapakka

RAV4 boðar breyttar áherslur í lífi þínu. Ríkulega búinn staðalbúnaði dregur hann þig út á vegina og þú upplifir nýtt land á nýjum bíl.

**Alveg nýr heimur**

RAV4 sameinar kosti borgarbílsins og fjölhæfni og kraft jeppans. Hvort sem menn eru að sinna erindum sínum í bænum eða utan hans þá er RAV4 bíllinn sem fer alla leið.

Nú bjóðum við RAV4 með veglegum aukahlutapakka, vetrardekkjum, dráttarbeisli, mottu í skott og filmum í rúður, að verðmæti 214.000 kr.

**Verð frá 2.880.000. kr.**


Vetrardekk


Gólfmotta í skott



Dráttarbeisli


Skyggðar rúður

Aukahlutapakki að verðmæti 214.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú kosið í prófkjöri í ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,0% |
| Nei | 66,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að það séu of margir innflytjendur á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Mikil vinna hefur verið lögð í gæðamál í þjónustu aldraðra hjá ráðuneytinu:

# Vinnan ígildi þjónustusamninga

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir búið að vinna ötullega í þjónustumálum aldraðra síðan Ríkisendurskoðun gaf út sitt álit. Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að ekkert hefði verið aðhafst varðandi gerð þjónustusamninga við dvalar- og hjúkrunarheimili.

Siv segir að sú vinna sem fram hafi farið í ráðuneytinu sé ígildi þjónustusamninga og að verið sé að skilgreina betur gæðaeftirlit og hvernig sjúklingar séu valdir inn á sjúkrahúsin.

„Við í ráðuneytinu höfum lagt mikla vinnu í gæðamál í þjónustu aldraðra en ég mun skoða hvort þörf sé á að móta þessi mál enn frekar.“



**SÓLVANGUR Í HAFNARFIRÐI** Flest hjúkrunarheimili eru nálægt því að veita þær hjúkrunarstundir sem ráðuneytið ætlast til.

Siv segir að búið hafi verið til reiknilíkan þar sem tekið sé tillit til stærðar stofnana og að þær stofnanir sem sinni þyngri sjúklingum fái hærri greiðslur.

Matthías Halldórsson landlæknir segir að hjá landlæknisembættinu sé starfsmaður í fullu starfi sem sjái um gæðamat dvalar- og hjúkrunarheimila en að embættið hafi ekki reglubundið eftirlit með því að þjónustan sem greitt sé fyrir sé veitt. „Ríkisendurskoðun gerði úttekt sem sýndi að flest hjúkrunarheimili eru nálægt því að veita þær hjúkrunarstundir sem ráðuneytið ætlast til.“

**- hs/shá**

Utanríkisráðherra í Úkraínu:

# Fundaði með forseta landsins

**UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra fundaði í gær með Viktor Jústsjenkó forseta Úkraínu og Borys Tarasjúk utanríkisráðherra.**

**Á fundi Valgerðar og forseta Úkraínu var meðal annars fjallað um tvíhliða samskipti Íslands og Úkraínu og fögnuðu þau vaxandi samskiptum landanna.**

**Á fundi Valgerðar með Borys Tarasjúk utanríkisráðherra var meðal annars fjallað um tvíhliða samskipti, auknar fjárfestingar Íslendinga í Úkraínu, samskiptin við Evrópusambandið og möguleika á auknu samstarfi EFTA og Úkraínu.**

**- hs**






# Frjálslyndir vilja fordómalausa umræðu

**Það voru mistök að heimila frjálst flæði vinnuafls í sumar, segja leiðtogar Frjálslynda flokksins. Þeir hafna því alfarið að skoðanir þeirra á innflytjendamálum endurspegli fordóma og segja aðgerðir stjórnvalda ábyrgðarlausar.**

**INNFLYTJENDAMÁL** Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, tekur undir það sjónarmið að nýta hefði átt fyrirvara um flæði vinnuafls frá ríkjum innan Evrópusambandsins fyrr á þessu ári. Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslyndra, og Margrét Sverrisdóttir framkvæmdastjóri gera það einnig. Öll hafna þau því alfarið að málflutningur flokksins um innflytjendamál endurspegli kynþáttafordóma.

„Það er ljóst að við höfum mikla þörf fyrir erlendan vinnukraft hér á landi en við töldum að ástæða væri til að nýta okkur takmarkanirnar svo að við gætum þróað það kerfi sem auðveldar útlendingum að koma hingað til að vinna. Það var þörf fyrir slíkar reglur en frjálsa flæðið gerir það að verkum að við höfum enga stjórn á komum innflytjenda lengur,“ segir Guðjón. „Ég hef hins vegar enga andúð á trúarhópum en við sjáum samt að á Norðurlöndunum hafa múslimar myndað ákveðin vandamál. Við þekkjum fjölskyldumorð í hópum á Norðurlöndum vegna trúarskoðana múslima. Ég hef enga fordóma en vil að við drögum lærdóm af reynslu annarra þjóða.“

Ólafur F. Magnússon segir að það verði að taka á þessum málaflokki og kallar á fordóma- og undanbragðalausa umræðu um innflytjendamál í heild sinni. „Alþingi hefði átt að fresta frjálsu flæði vinnuafls til Íslands eins og Frjálslyndir lögðu til. Eins og staðan er núna sýnist mér vera opin flóðgátt inn í landið fyrir hvern sem er. Það gengur ekki fyrir lítið samfélag eins og Ísland að taka við tíu þúsund innflytjendum á örfáum mánuðum. Flestir koma í góðum tilgangi en ekki allir eins og dæmin sanna.“ Ólafur segir að áhugi stjórnvalda á því að ná utan um þessi mál minni en enginn. Hann segir jafnframt að hann heyri áhyggjuraddir almennings í samfélaginu og að stjórnvöld stefni leynt og ljóst að því að ná í ódýrt vinnuafl á kostnað þeirra sem lakast standa í samfélaginu.



**Í NÝJU LANDI** Frjálslyndir kalla eftir fordómalausri umræðu um málefni innflytjenda.
FRÉTTABLAÐIÐ/FREYR

Margrét Sverrisdóttir segir það fáránlegt að halda því fram að flokkurinn sé hafi andúð á innflytjendum. „Við tókum vel á móti útlendingum en það er ekki lengur. Fjöldinn er meiri en við önnum. Við sjáum þetta í skólunum, í félagslega kerfinu og á vinnumarkaði. Maður spyr sig hvort skortur á eftirliti skilji landið eftir opið fyrir misindismönnum sem hingað til hefur ekki verið.“

**svavar@frettabladid.is**

## MISSKILNINGS GÆTIR

„Mér finnst mjög miður hvernig Magnús Þór nálgast þessi mál,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

„Kallað hefur verið eftir þessu fólki á vinnumarkað sem hefur staðið undir hagvextinum undanfarið. Fólkið hefur staðið við þær kröfur sem gerðar eru til þess en stjórnvöld ekki staðið við skyldur um að tryggja aðlögun.“

Ingibjörg telur misskilnings gæta um að frjáls för launafólks hafi haft áhrif til lækkunar launa. „Áður fór þetta í gegnum starfsmannaleigur þar sem undirboð voru í gangi. Þegar fólk kemur á vinnumarkaðinn á sömu forsendum og Íslendingar verður að borga þeim sömu kjör og minni hætta er á undirboðum.“

## HLYNNT FRJÁLSU FLÆÐI

„Við erum hlynnt frjálsu flæði fólks og við Íslendingar höfum verið að nýta okkur þessi ákvæði í okkar útrás. Þetta er auðvitað gagnkvæmt eins og aðrir slíkir samningar,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR**

Arnbjörg segir mikilvægt að hjálpa fólki að aðlagast og þar vegi tungumálakennslan mest.

„Og ég ætla að vona að menn fari ekki út í neina rasistaumræðu enda ekki eðli Íslendinga að hafa slíkar skoðanir. Við erum yfir höfuð upplýst og menntuð þjóð. Auðvitað er sjálfsagt að ræða alla hluti en maður vonar að það verði ekki á einhverjum óupplýstum nótum.“

## VANDINN ÓTVÍRÆÐUR

„Það skiptir miklu máli hvernig á þessu verður tekið því vandinn er ótvíræður þegar hingað streymir erlent launafólk í þúsundatali,“ segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna, sem telur að horfa þurfi á hvaða ástæður liggi þar að baki.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

„Það er gengdarlaus þensla sem skrifast á ábyrgð stjórnvalda. Og margir atvinnurekendur gera mikið í að fá erlent vinnuafl til landsins til að undirbjóða íslenskt launafólk. Í þessu liggur stóra hættan, að hér verði tvískiptur launamarkaður.“

Ögmundur segir verkefnið að berjast gegn undirboðum á launamarkaði til að koma í veg fyrir að samfélagið rifni í sundur.

## ÓHEPPILEG UMRÆÐA

„Þetta er mjög óheppileg umræða eins og hún er hafin núna,“ segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins.



**JÓN SIGURÐSSON**

„Það er vafalaust að við þurfum að standa okkur betur í móttöku og aðlögun og ekki síst að því er lýtur að íslenskukennslu. Það hafa margir áhyggjur af framþróuninni en það er óheppilegt að bregðast við á þann hátt sem nú hefur verið gert. Góðu heilli þá eigum við önnur betri úrræði á þessu sviði.“

Jón segist telja þetta vera skyndiupphlaup og á misskilningi byggt. „Ég geri mér grein fyrir því að við þurfum að gera betur. En langt í frá að við séum komin í þær aðstæður sem talað er um í nágrannalöndum okkar.“








EKKI SEINNA
EN NÚ ÞEGAR
KB BANKI
Byrjaðu strax að leggja grunninn að fjárhagslegu frelsi þínu svo þú eigir kost á að gera það sem þú vilt – þegar þú vilt. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444 7000 eða á kbbanki.is – ekki seinna en nú þegar!
Þegar er fjármálaráðgjöf og langtímasparnaður.

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hver mun leiða lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi?*

**2** *Hvar fékk Ásatrúarfélagið úthlutað lóð fyrir hof?*

**3** *Hvað er reyðarhvalurinn hrefna einnig kallaður?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Brotnaði úr sjóvarnagarði; sjór flæddi upp á land:

# Milljónatjón varð í Búðardal

**VEÐUR** Vonskuveðrið sem gekk yfir landið um helgina olli fimmtán til tuttugu milljóna króna tjóni í Búðardal á milli klukkan átta og níu á sunnudagsmorgun.

Um áttaleytið, þegar flóðastaða var sem hæst á sjó, var gríðarlega mikið rok í bænum: vestanstrekkingur. Sjórinn braut úr varnargarðinum við höfnina og gekk upp á land. Mikill sjór flæddi yfir höfnina og skemmdi bundið slitlag á henni, sem og hornið á 600 til 700 fermetra álrétt sem stendur við sláturhúsið í bænum rétt við höfnina. Auk þess er ónýt gangstéttar- og torfvinna, sem unnin hefur verið að undanförnu við svokallað Leifssafn, að sögn Jóhannesar B. Björgvinssonar, aðalvarðsstjóra í lögreglunni í Búðardal.

„Þetta eru miklar skemmdir. Það þarf að laga sjóvarnargarðinn, en mesta tjónið liggur í malbiki á stóru svæði á höfninni, sem er ónýtt,“ segir Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Sveitarstjórinn á ekki von á að Dalabyggð fái tjónið bætt úr tryggingunum því einungis það sem er brunabótatryggt verði bætt. „Ég held við fáum bara bætur fyrir álréttina því annað var ekki tryggt, en við eigum nú eftir að skoða þetta betur. Þetta fór allt á versta veg á sunnudaginn og hafa slík ósköp ekki dunið áður á bænum.“ **- ifv**



**VONSKUVEÐUR** Sjór flæddi upp á land í Búðardal á sunnudagsmorgun og olli skemmdum í bænum sem metnar eru á 15 til 20 milljónir króna.

Félagsmönnum VR fjölgar:

# Rúmlega 25 þúsund félagar

**VERKALÝÐSMÁL Fjöldi félagsmanna VR hefur tvöfaldast á innan við tuttugu árum. Árið 1988 voru þeir 10.600 en eru nú 25.600 og nemur aukningin 140 prósentum. Þetta kemur fram á heimasíðu VR.**

**Skýringar fjölgunarinnar eru að hluta til þær að fyrr á þessu ári tóku í gildi samningar við Verslunarmannafélag Vestmannaeyja og Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar og eru félagsmenn þessara félaga taldir með í heildarfjöldanum.**

**Á tímabilinu hefur kynjahlutfallið einnig breyst og hefur konum fækkað úr 65,8 prósentum árið 1998 í 59,5 prósent nú.** **- hs**






# Ríkið er stærst í hugbúnaðargerð

**Opinberar stofnanir verja um 2,4 milljörðum króna í hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu á þessu ári. Stöðugildin eru 330. Ef þessi starfsemi væri tekin út úr ríkisstofnunum yrði þetta stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Samtök iðnaðarins hafa látið kanna hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu hjá ríkisstofnunum. Í könnuninni kemur fram að opinber stofnanir verja 2,4 milljörðum í hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu á þessu ári. Stöðugildin eru ríflega 300.

Tæplega helmingur svarenda stundar hugbúnaðargerð hjá ríkisstofnunum og hækkar hlutfallið verulega eftir því sem stofnanirnar eru stærri. Tæp sjötíu prósent stofnana kaupa þjónustu við hugbúnaðargerð og hækkar þetta hlutfall með stærri stofnunum. Heildarkostnaður við hugbúnaðarkaup er talinn 1,3-1,5 milljarðar á þessu ári. Meiri líkur eru á að rekstrarþjónusta sé innanhúss eftir því sem stofnanir eru stærri. Heildarkostnaður við kaup á rekstrarþjónustu er 800-900 milljónir króna.



„Þegar virðisaukaskattur er af vinnu hjá hugbúnaðarfyrirtæki úti í bæ þá er ódýrara að nota starfsmann innanhúss,“ segir Ingvar Kristinsson.

Ingvar Kristinsson, formaður Félags upplýsingatæknifyrirtækja, segir að það komi á óvart hve mikil hugbúnaðarstarfsemin sé hjá ríkinu. „Það kemur einnig á óvart hversu misvísandi upplýsingar koma fram,“ segir hann og bendir á að í auglýsingum komi fram að starfsemi ríkisstofnana í upplýsingatækni sé mun meiri en kemur fram í könnuninni.

„Ég held að þeir sem svara könnuninni viti ekki betur. Það kemur í ljós að opinber stofnanir nota almennt ekki verkbókhald og þar af leiðandi vita stjórnendur ekki hvað fólk er að gera í vinnunni,“ segir hann. „Ef þessi 330 störf væru tekin út úr ríkisstofnunum þá yrði það stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Það finnst okkur athyglisvert.“

Ingvar bendir á að svarendur segist gjarnan vilja að hugbúnaðarþróun væri unnin annars staðar en innanhúss. „Stjórnendur þurfa að reyna að halda niðri kostnaði. Þegar virðisaukaskattur er á vinnu hjá hugbúnaðarfyrirtæki úti í bæ þá er ódýrara að nota starfsmann innanhúss,“ segir hann.

„Svo eru margar þessar stofnanir ekki nógu vel upplýstar. Þær veigra sér við að fara af stað og telja finna fyrirtæki á markaði og telja einfaldara að fá starfsmann sem kann eitthvað á tölvur til að vinna verkin.“ **ghs@frettabladid.is**






Forsætisráðherra Breta andvígur dauðadómi yfir Saddam Hussein:

# Útgöngubanni aflétt í Bagdad

**ÍRAK, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagðist í gær andvígur dauðadómnum yfir Saddam Hussein, sem kveðinn var upp á sunnudag, enda sé það stefna breskra stjórnvalda að dauðadómar eigi ekki rétt á sér. Leiðtogar margra Evrópuríkja tóku í sama streng.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði dóminn á hinn bóginn marka tímamót í „viðleitni írösku þjóðarinnar til þess að koma sér upp réttarríki í skiptum fyrir harðstjórnarríki.“

Útgöngubanni var aflétt í Bagdad í gærmorgun, en strangt útgöngubann var lagt þar á eftir að dómurinn féll á sunnudag til þess að sporna gegn átökum og óeirðum. Þrátt fyrir það sprungu í gær nokkrar sprengjur í einu hverfi borgarinnar, þar sem súnní-múslimar eru í miklum meirihluta. Landamærastöðvar við Íran og Kúveit voru einnig lokaðar, eins og venja er til þegar hættuástand ríkir í Írak.



**GLEYPA Í SIG FRÉTTIRNAR** Strax og útgöngubanni hafði verið aflétt í Bagdad í gærmorgun settist fólk að dagblaðalestri til að forvitnast um dóminn yfir Saddam Hussein. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um það bil 500 sjía-múslimar komu saman í bænum Hillah í suðurhluta Íraks. Hópurinn gekk um götur bæjarins og hrópaði ókvæðisorð um Saddam Hussein, sem er sakaður um að hafa látið drepa tugi þúsunda sjía eftir að gerð var uppreisnartilraun gegn honum árið 1991.

Kúrdar í norðanverðu Írak hættu hins vegar af öryggisástæðum við útifund í borginni Mosul þar sem fagna átti dauðadómnum yfir Saddam.

Saddam á að mæta í dag í dómsalinn þar sem enn stendur yfir önnur réttarhöld á hendur honum og sex öðrum sakborningum fyrir fjöldamorð á Kúrdum á níunda áratug síðustu aldar. **- gb**




# Vörulistinn 2007 kominn!




**Þú ert númer hjá okkur!**
Geymdu listann á góðum stað og athugaðu svo um leið og nýtt tilboðsblað kemur frá okkur hvort heppnin elti þig og samstarfsfélagana. Þið gætuð unnið einhvern 12 glæsilegra vinninga sem sýndir eru í nýja vörulistanum.

**Fyrsta vinningsnúmerið verður í desembertilboðsblaðinu!**

Útgáfutilboð fylgir nýja vörulistanum. Allt að 40% afsláttur!

ODDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

Oddi VO_C2499



**FORSETAKOSNINGAR Í TADJIKISTAN** Þessir tveir Tadjikar greiddu atkvæði í gær á kjörstað í Dushanbe. Fastlega er reiknað með því að Rakhmonov, núverandi forseti, sigri en efasemdir eru um að framkvæmd kosninganna sé heiðarleg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Amnesty International mótmælir dauðadómnum yfir Saddam Hussein:

# Dauðadómur eðlilegur í Írak

**UTANRÍKISMÁL** Amnesty International er alfarið á móti dauðadómum. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty International á Íslandi, segir að Amnesty mótmæli dauðadómnum yfir Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseta.

„Við hörmum þessa niðurstöðu. Það er mjög alvarlegt mál að maðurinn sé dæmdur til dauða eftir að það hefur ítrekað komið fram að það eru alls konar vankantar á þessum réttarhöldum, sérstaklega þar sem ekki er hægt að segja að hann hafi fengið réttláta dómsmeðferð.“

Jóhanna telur að með dauðarefsingum sé verið að senda þau skilaboð út í samfélagið að ofbeldi sé ásættanlegt. Hún bendir á að málið fari fyrir áfrýjunardómstól. Ef áfrýjunardómstóllinn geri ekki athugasemd þá fari aftakan fram innan þrjátíu daga.

Mikael Karlsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, segist ekkert vera hrifinn af dauðarefsingum og kveðst hafa mörg rök gegn þeim en það sé ekkert óeðlilegt við dauðadóm í Írak.

„Það er reyndar ekki hægt að ætlast til annars en dauðadóms í þessu máli því Hussein er sakaður um morð,“ segir Mikael og telur að það geti haft mikil áhrif að dæma Hussein til dauða en hjálpi ekki upp á sakirnar í Írak. - ghs



**SADDAM HUSSEIN** „Það er reyndar ekki hægt að ætlast til annars en dauðadóms í þessu máli því Hussein er sakaður um morð,“ segir Mikael Karlsson prófessor um dauðadóminn yfir Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseta.

Formaður Innflytjendaráðs:

## Mikilvægt fyrir framþróunina

**UTANRÍKISMÁL Sæunn Stefánsdóttir, formaður Innflytjendaráðs, telur mikilvægt fyrir framþróunina í Írak að mál írösku þjóðarinnar gagnvart Saddam Hussein, fyrrverandi forseta landsins, verði leidd til lykta þó að þau hroðaverk sem hann hafi staðið fyrir verði aldrei að fullu gerð upp fyrir dómstólum.**

**„Ég er prívat og persónulega ekki hlynnt dauðarefsingum eins og ég býst við að flestir Íslendingar séu en um leið verðum við að bera virðingu fyrir leikreglum hvers réttarríkis fyrir sig. Þetta er sú leið sem Írakar hafa kosið að fara,“ segir hún.** - ghs






# Samfélagið slegið yfir atburðinum

**Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík, segir mildi að ekki fór verr þegar karl og kona voru stungin hnífi og kveikt var í íbúðarhúsi í bænum í fyrrinótt. Konan liggur á gjörgæsludeild. Árásarmanninum hefur verið sleppt úr haldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri stakk konu í bakið og karlmann í síðuna með fjaðurhnífi á Húsavík á sunnudagskvöldið. Eftir það kveikti hann í gluggatjöldum í stofunni í húsinu, þar sem hann var gestkomandi.

Konan sem hlaut stungusárið hringdi í Neyðarlínuna laust eftir klukkan ellefu um kvöldið. Þegar lögreglan kom á vettvang var húsið allt fullt af reyk og höfðu mennirnir tveir komið sér út, en konan var ennþá inni. Árásarmaðurinn veittist að lögreglumönnunum með fjaðurhnífnum, en þeir náðu að yfirbuga hann og kalla á slökkviliðið.

Fimmtán slökkviliðsmenn komu á vettvang um klukkan fimmtán mínútur yfir ellefu og „logaði eldurinn þá út um glugga og aðaldyr íbúðarinnar,“ að sögn Jóns Ásbergs Salómonssonar slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsmennirnir náðu að slökkva eldinn á fimm til sjö mínútum.

Að sögn Jóns Ásbergs er húsið mikið skemmt og voru liðsmenn slökkviliðsins til klukkan hálf þrjú að slökkva í glóð í einangrun þess.

Árásarmaðurinn gisti fangageymslur lögreglunnar aðfaranótt mánudagsins og var hann yfirheyrður í gær. Að sögn lögreglunnar á Húsavík var maðurinn í annarlegu ástandi þegar hann framdi verknaðinn. Hann mun vera „góðkunningi“ hennar.

Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík, segir að samfélagið sé slegið yfir þessum hörmulega atburði, en að það hefði jafnvel getað farið verr. Hann telur að árásarmaðurinn þurfi að gangast undir geðrannsókn.



**SLÖKKVILIÐSMENN AÐ STÖRFUM** Slökkviliðsmenn á Húsavík slökkva eldinn sem árásarmaðurinn kveikti eftir að hafa stungið mann og konu með fjaðurhnífi.

Konan sem maðurinn stakk í bakið er á miðjum aldri. Hún var flutt á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Að sögn læknis á sjúkrahúsinu eru áverkarnir eftir hnífstunguna í brjóstholi konunnar auk þess sem hún hlaut brunasár. Konan er ekki í lífshættu og er líðan hennar sögð góð eftir atvikum.

Maðurinn sem var stunginn í síðuna er á fimmtugsaldri. Hann hlaut ekki alvarleg meiðsl og var gert að sárum hans á Húsavík. Hann var yfirheyrður í gær.

Tildrög árásarinnar liggja ekki fyrir og heldur rannsókn málsins áfram. ingi@frettabladid.is


Stjórnmál snúast um framtíðina

Spáð í spilin með Þórhildi Þorleifsdóttur

Fundur í Iðnó

miðvikudaginn 8. nóv.

kl. 20:30



Þórhildur Þorleifsdóttir

6. til 8. sæti

í prófkjöri Samfylkingarinnar

Samfylkingin

www.torhildur.is

**Andri Snær Magnason** rithöfundur

**Ingibjörg Hafstað** kennslustjóri Alþjóðahúss

**Margrét Pála Ólafsdóttir** höfundur og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar

**Rögnvaldur Sæmundsson** forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum

**Ólafía Hrönn Jónsdóttir** og **Halldóra Geirharðsdóttir**
**Hannes** **Smári**

**Halldór Gylfason** leikari og **Geirfuglarnir**

Fundarstjóri: **Edda Björgvinsdóttir**

Allir velkomnir. Kaffi og með því.


Gistinætur í september:

## Gistinóttum fjölgar mest norðanlands

**FERÐAMÁL** Gistinóttum á hótelum í september síðastliðnum fjölgaði um 22 prósent frá sama tíma í fyrra. Nú í september voru gistinætur 114.600 á landinu en voru 93.000 í fyrra að því er fram kemur á vef Hagstofunnar.

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum en aukningin er hlutfallslega mest á Norðurlandi þar sem gistinætur fóru úr 6.500 í 9.300 á milli ára sem er 43 prósenta auking. Á Austurlandi fjölgaði gistinóttum um 27 prósent og um 24 prósent á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða. Fjölgunin nam tuttugu prósentum á höfuðborgarsvæðinu á milli ára. - hs


FRJÁLSI

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

# SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.






Grand Vitara er glæsilegur og vandaður jeppi framleiddur í Japan af Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda heims, framleiðanda sem hefur áratuga reynslu í hönnun og framleiðslu á notendavænum og sparneytnum fjórhjóladrifsbílum og jeppum.
Grand Vitara er fullbúinn jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur.
Undir glæsilegri yfirbyggingunni leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi.
Öryggisbúnaðurinn er eins og best gerist. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnasólafestinga eru staðalbúnaður.
Síðast en ekki síst gera einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara aksturinn ánægjulegan hvort sem ekið er í borgarumferðinni eða upp á fjöllum.

**Verð frá 2.790 þús.**

SUZUKI
*...er lífsstíll!*

Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 51 00. www.suzikibilar.is



**FÁNABERAR Á RAUÐA TORGINU** Rússneskir kommúnistar komu saman á Rauða torginu í Moskvu í gær, daginn áður en þeir halda upp á 89 ára afmæli byltingarinnar frá 1917. Pútín Rússlandsforseti ákvað fyrir tveimur árum að leggja niður öll hátíðarhöld í tengslum við byltingarafmælið þann 7. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjötíu vagnstjórar hafa skrifað á undirskriftalista vegna tungumálaörðugleika:

# Pólverjar eru úrvalsbílstjórar

**VINNUMARKAÐUR** Um sjötíu vagnstjórar hafa skrifað nafnið sitt á undirskriftalista þar sem þess er krafist að gerð verði bragarbót varðandi tungumálaerfiðleika milli íslenskra og erlendra vagnstjóra og erlendra bílstjóra og farþega. Undirskriftalistarnir voru afhentir Ármanni Kr. Ólafssyni, stjórnarformanni Strætós. Hann segir að ekki sé litið á undirskriftalistana sem andúð í garð útlendinga.

Ásgeir Eiríksson, forstjóri Strætós, segir að erlendir bílstjórar séu 20–25 talsins, eða um tíu prósent af öllum vagnstjórum. Hann staðfestir að farþegar kvarti undan tungumálaörðugleikum við vagnstjóra. Vitað sé að erlendu bílstjórarnir skilji ekki það sem sagt er í talstöðina.

Pálmar Sigurðsson, starfsmannastjóri Hagvagna, segir að stjórnendur fyrirtækisins hafi farið á námskeið í menningarfærni og Pólverjarnir hafi sótt íslenskunámskeið og fari á annað námskeið eftir áramót. Næsta haust verði vandinn úr sögunni. Mennirnir séu komnir til að vera og sex þeirra séu komnir með fjölskyldur sínar hingað. „Það er algjör fjarstæða að fólk sé öruggara í bíl hjá Pólverjum.



**KVARTA UNDAN ÞJÓNUSTUNNI** Farþegar kvarta undan því að erlendir vagnstjórar kunni ekki íslensku.

Pólverjarnir vita hvernig þeir eiga að bregðast við. Pólverjarnir eru úrvalsbílstjórar.“ - ghs

Tengsl við Hvíta-Rússland:

# Aðalræðisskrifstofa í Minsk

**UTANRÍKISMÁL Heiðursræðisskrifstofa Íslands hefur verið opnuð í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands.**

**Heiðursræðismaður er Alexander Moshevskiy. Að sögn Igors Sekreta, fulltrúa hvítrússneska utanríkisráðuneytisins, mun tilkoma skrifstofunnar auðvelda nánari tengsl landanna í viðskiptum og á öðrum sviðum.**

**Flest lönd Evrópu halda stjórnmálasamskiptum við Hvíta-Rússland í lágmarki um þessar mundir vegna stjórnarhátta Alexanders Lúkasjenkós forseta.** - aa

Misheppnað innbrot:

# Þjófur faldi sig í steinullarbing

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan handtók þrítugan karlmann í fyrrinótt en maðurinn hafði brotist inn í nýbyggingu KB-banka í Borgartúni.

Lögreglunni var tilkynnt um grunsamlegar mannaferðir við bygginguna. Þegar lögreglan kom á vettvang hafði maðurinn falið sig undir steinullarbing og var víst orðið nokkuð heitt.

Að sögn varðstjóra hafði maðurinn líklega ætlað að stela einhverju úr nýbyggingunni. Maðurinn var færður til yfirheyrslu en var látinn laus að henni lokinni. - ifv

**KONGÓ**

## Kabila í forystu

Joseph Kabila, forseti Lýðveldisins Kongó, er með forskot á höfuðkeppinaut sinn, Jean-Pierre Bemba, í úrslitaumferð forsetakosninga í landinu. Þetta sýndu fyrstu tölur sem voru birtar opinberlega í gær.

**ÚTGÁFUMÁL**

## h-tímarit komið út

Fyrsta tölublaðs nýs tímarits, h-tímarits, kom út fyrir helgina og var fyrstu eintökunum dreift í Kringlunni. Dreifing um höfuðborgarsvæðið er hafin. Meðal efnis eru viðtöl við Kormák og Skjöld og Brynhildi Guðjónsdóttur leikkonu.

# Svikakröfur upp á hundruð þúsunda

**Fjárhagslegt tjón upp á hundruð þúsunda króna vofir yfir fjórum Íslendingum sem bitu á agnið og tóku þátt í svikastarfsemi sem tengist peningaþvætti. Þeir töldu sig vera komna í arðvænlegt starf á netinu, en sitja nú uppi með skaða.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir Íslendingar hafa fengið og eiga yfir höfði sér kröfur upp á hundruð þúsunda króna vegna þátttöku í starfsemi sem reyndist vera hrein fjársvik og peningaþvætti. Fólkið þvældist inn í svikamylluna í þeirri trú að það hefði verið að fá starf við markaðsverkefni og sölumennsku á netinu, eftir að það hafði fengið tölvupósta frá þekktum stórfyrirtækjum með „atvinnutilboði“.



**JÓN H. B. SNORRASON**

Jón H. B. Snorrason, saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir gang mála á þann veg að þegar fólk hafi sig tjáð sig fúst til starfans hafi það fengið sendan ráðningarsamning sem segi að það fái fimmtán evrur á tímann og fimm til átta prósenta þóknun af veltu. Í hendingu hafi það svo gerst, að fólk hafði fengið tilmæli um að gefa upp númer bankareikninga, þar sem „vinnuveitendurnir“ hafi síðan lagt inn fjárhæð. Reikningseigendurnir hafi svo fengið fyrirmæli um að taka peningana út, að frádreginni þóknuninni, og senda í reiðufé á tiltekin nöfn í útlöndum. Skömmu síðar fengu þeir svo kröfu frá bankanum, þar sem krafist var endurgreiðslu á fjárhæðinni sem komið hafi inn á reikningana, þar sem peningarnir sem lagðir hafi verið inn, hafi verið fengnir með auðgunarbroti í bankanum. Þannig stendur fólkið, sem taldi sig vera komið í vinnu, eftir með kröfur upp á hundruð þúsunda, þar sem það getur með engu móti gert grein fyrir því hvert það sendi peningana, því viðtakendur erlendis eru horfnir eins og jörðin hafi gleypt þá. Bankareikningar fórnarlambanna hér eru því síðasti viðkomustaður peninganna sem þekktur er. Og þangað hefur bankinn beint kröfum sínum um endurgreiðslu.



**SVIKAMYLLA** Ríkislögreglustjóri varaði fyrir helgi við svikamyllu sem getur leitt til þess að fórnarlömbin standi eftir með háar fjárkröfur. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem reynt er að leiða fólk í peningagildrur hér á landi og er skemmst að minnast tveggja Nígeríumanna sem svikið höfðu út hundrað þúsund evrur hér á landi. Myndin er af öðrum þeirra í fylgd lögreglu.

Íslendingarnir sem bitu á agnið nú tengjast tveimur málum. Þeir er ekki grunaðir um að eiga hlutdeild í brotunum, en hins vegar vofir yfir þeim verulegt fjárhagslegt tjón.

Ríkislögreglustjóri hefur varað við þessari svikastarfsemi, sem teygt hefur anga sína víða um Evrópu. jss@frettabladid.is







Viðbragðssveitir NATO:

## Finnum og Svíum boðið með

**FINNLAND** Atlantshafsbandalagið hefur boðið Finnum og Svíum að taka þátt í æfingum viðbragðssveita bandalagsins. Finnska ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún telji áhugavert fyrir finnska herinn að taka þátt í þessum æfingum. Þetta kom fram í finnska dagblaðinu Hufvudstadsbladet í gær.

Hufvudstadsbladet segir að Atlantshafsbandalagið sé reiðubúið að ganga lengra og á leiðtogafundi í Ríga í lok mánaðarins verði Finnum og Svíum boðið að taka þátt í aðgerðum á vegum viðbragðssveita NATO. Seppo Kääriäinen, varnarmálaráðherra Finna, hefur tekið vel í þetta. - ghs



**ÓHRESS MEÐ TYRKI** Angela Merkel kanslari á blaðamannafundi í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tyrkland og Evrópusambandið:

## Varnaðarorð frá Merkel

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, segir í dagblaðsviðtali sem birt var á sunnudag að deila Tyrkja við Evrópusambandið um Kýpur kunni að hafa „mjög alvarlegar" afleiðingar og veiki vonir þeirra um að fá einn góðan veðurdag aðild að sambandinu.

Í viðtalinu, sem birtist í dagblaðinu Süddeutsche Zeitung, sagði Merkel einnig að Þjóðverjar muni nýta formennskumisseri sitt í ESB á fyrri hluta næsta árs til að freista þess að hleypa nýju lífi í stjórnarskrársáttmálann strandaða. - aa

Styrkur fyrir tvo fylgdarmenn:

## Breytingin er réttlætismál

**HEILBRIGÐISMÁL** Greitt verður fyrir tvo fylgdarmenn barna sem þurfa að ferðast til útlanda vegna læknismeðferðar í stað eins áður.

Hrefna Haraldsdóttir foreldraráðgjafi á Sjónarhóli segir breytinguna mikið réttlætismál. „Það getur reynst foreldrum mjög erfitt að vera eitt í svona ferðum því oft er ætlast til þess að einhver sé hjá börnunum allan tímann. Þá getur þetta verið barátta upp á líf og dauða með tilheyrandi andlegu álagi." - hs

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Allir vanhæfir í lífeyrismáli

**HÉRAÐSDÓMUR** Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, hefur verið skipaður héraðsdómari í máli sem Logi Guðbrandsson, fyrrverandi héraðsdómari, höfðar á hendur ríkinu og lífeyrissjóði ríkisins. Niðurstaða málsins getur haft áhrif á stöðu dómara og þess vegna hafa allir dómarar landsins lýst sig vanhæfa.

Málið snýst um lífeyrisréttindi dómara. Reglurnar hafa verið þannig að ef dómari hættir eftir 65 ára aldur og áður en hann verður sjötugur þá skiptir máli hvort hann hættir af sjálfsdáðum eða er látinn hætta. Ef dómara er vikið úr starfi heldur hann lífeyrisréttindum eins og ef hann hefði unnið til sjötugs en ef hann segir sjálfur upp miðast réttindin við aldur hans þegar hann hættir störfum. Þetta er talið brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. - ghs





# Réttu hjálparhönd

Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu.
Fjölbreytt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.
Heilsdags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**
Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.
*www.kopavogur.is*

Meginmarkmið Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.

Félagsþjónusta Kópavogs

FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ

# LAGERSALA

FLOTT MERKI - FÍN FÖT - FRÁBÆRT VERÐ

DEBENHAMS
TOPSHOP
oasis
DOROTHY PERKINS
TOPMAN
evans.
ALLSAINTS
KAREN MILLEN
coast
Whistles
THE SHOE STUDIO
WAREHOUSE

500 - 1.000 - 1.500
2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA
4.-19. NÓVEMBER

# Heimsferðir opna þér nýjan ævintýraheim vestanhafs

## - Beint vikulegt flug til Montreal í Kanada sumarið 2007

## Frá aðeins 29.990 kr.*

**Þökkum frábærar viðtökur!**



# Montreal

## Heimsborg eins og þær gerast bestar

*– frábær áfangastaður fyrir alla fjölskylduna*





**10.000 kr.**
**afsláttur**
Þeir sem bóka strax geta tryggt sér 10.000 kr. afslátt á mann.
**Fyrstu 1000 sætin**
Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri dagsetningu.






***Skoðaðu bæklinginn***
*Kynntu þér bækling Heimsferða um beint flug til Montreal í Kanada. Þú getur fengið bæklinginn á skrifstofu okkar eða skoðað hann á www.heimsferdir.is*

## Frábært verð!

**Frá kr. 29.990**
*) Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A.
- ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessu verði.

**Frá kr. 48.595**
**– Montreal í viku**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-17 ára, vikuferð 24. eða 31. maí, á Hotel Lord Berri ***+ í Montreal.

**Frá kr. 49.995**
**– Mont Tremblant í viku**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-17 ára, vikuferð 24. eða 31. maí, á Hotel La Tour des Voyageurs **** í Mont Tremblant.

## Samsettar ferðir

**Montreal + Mont Tremblant**

**Frá kr. 48.595**
**3 dagar í Montreal + 4 dagar í Mont Tremblant**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-17 ára, vikuferð 24. eða 31. maí, 3 nætur á Hotel Lord Berri ***+ í Montreal og 4 nætur á Hotel La Tour des Voyageurs **** í Mont Tremblant.

**www.heimsferdir.is** **Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 •**






# Mont Tremblant

## Náttúruperlan við Montreal

*– sannkölluð fjölskyldu- og útivistarperla*



- Montreal
- Quebec
- Toronto
- Winnipeg
- Niagara fossarnir
- Klettafjöllin
- Mont Tremblant











## Ótrúlega spennandi sérferðir í boði

- Montreal - Quebec
- Toronto - Montreal - Niagara fossarnir
- Á Íslendingaslóðum
- Perlur Kanada



**Tryggðu þér sæti strax!**





Heimsferðir

## „ORÐRÉTT“

### Hómóerótísk glíma

**„Íþróttin getur verið svolítið erótísk, búningarnir og dansinn sem er stiginn.“**

GRÍMUR HÁKONARSON LEIKSTJÓRI UM ÍSLENSKU GLÍMUNA SEM ER Í FORGRUNNI Í NÆSTU MYND HANS SEM FJALLAR UM SAMKYNHNEIGÐA BÆNDUR.

**Fréttablaðið 6. nóvember.**

### Hræðsluáróður

**„Tal Magnúsar Þórs, um að hröð fjölgun útlendinga hér á landi sé að skapa umtalsverðan vanda, er ábyrgðarlaus hræðsluáróður.“**

EINAR SKÚLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞJÓÐAHÚSS, UM MÁLFLUTNING FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS Í INNFLYTJENDAMÁLUM.

**Fréttablaðið 6. nóvember.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EIRÍKUR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR

## *Með hljóðnema og ælufötu á lofti*



Eiríkur Guðmundsson, rithöfundur og útvarpsmaður, var að gefa út sína fyrstu skáldsögu sem heitir Undir himninum hjá bókaforlaginu Bjarti. Bók Eiríks fékk mjög góða dóma í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu um helgina. „Ég er búinn að vera að gubba núna í 36 klukkutíma. Því miður fagnaði ég útkomu bókarinnar Undir himninum með því að leggjast í rúmið með ælupest, rænulaus. Ég fékk óljós tíðindi af ágætum ritdómum í gegnum mókið og óráðið. En ég get ekki verið annað en mjög kátur með ritdómana og helgina þrátt fyrir veikindin,“ segir Eiríkur.

Eiríkur segir að það sé alltaf mikið átak að skrifa bók: „Ég var um ár í striklotu að skrifa bókina. En ég var búinn að ganga lengur með óljósa fugla í höfðinu sem voru búnir að fljúga um í einhvern tíma.“

Framundan hjá Eiríki eru upplestrarferðir út á land til að kynna nýju bókina. „Ég ætla að bera út fagnaðarerindi bókarinnar á næstu vikum, fara í landsbyggðarölt. Það er svo stutt síðan ég kláraði bókina að ég er ennþá hálftimbraður,“ segir Eiríkur sem var að vinna bókmenntaþátt fyrir Ríkisútvarpið þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég er með hljóðnemann í annarri og ælufötuna í hinni,“ segir Eiríkur sem íhugaði hvað hann ætti að fá sér í hádegismat: „Ég ætla að sjóða mér hafragraut, fá mér banana í eftirrétt og athuga hvort ég held því niðri,“ segir rithöfundurinn sem nú þegar er farinn að velta fyrir sér næstu bók sinni.

## LÍFSHÁSKI:

### KEMUR Í FEBRÚAR



Margir hafa fylgst spenntir með Lífsháska, eða Lost, eins og algengara er að kalla þættina. Byrjað var að sýna þriðju seríuna í Bandaríkjunum í byrjun október og verður sjötti þátturinn í nýju syrpunni sýndur annað kvöld. Ýmsar furður hafa þegar hent strandaglópana og margt torrætt hefur verið gefið í skyn í upprifjunum á lífi þeirra fyrir eyjarvistina. Semsé, allt er við það sama. Stóra spurningin er: Hvenær fáum við meira? Og svarið er: RÚV hefur sýningar um mánaðamótin janúar/febrúar.

## SJÓNARHÓLL

STEFNA FRJÁLSLYNDRA Í INNFLYTJENDAMÁLUM

### *Þjóðernissinnadraumur*



**PAUL F. NIKOLOV**
Blaðamaður

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, lét í veðri vaka í Silfri Egils á sunnudaginn að útlendingar sem „streymdu inn í landið“ væru að stela störfum frá Íslendingum. „Hvernig er hægt að segja þetta þegar atvinnuleysi á Íslandi hefur minnkað úr tæpum tveimur prósentum í september 2005 í eitt prósent í dag?,“ spyr Paul F. Nikolov blaðamaður. „Svarið er einfalt: Magnús Þór er að reyna að hræða fólk til að vinna sér fylgi. Hann segir líka að fólk frá Austur-Evrópu vinni fyrir lægri laun en Íslendingar, þannig að íslenskir verkamenn gætu misst vinnuna. Magnús getur hins vegar ekki sagt hversu margir Íslendingar hafa misst starf sitt út af þessu. Ef það væri satt, hverjir bera þá ábyrgð? Samkvæmt Magnúsi er það innflytjandanum sjálfum að kenna hvað hann fær lítið borgað. En eru það ekki bæði stéttarfélög og atvinnurekendur sem bera ábyrgð á því að sjá til þess að verkamenn fái borgað samkvæmt lögum? En lausn Magnúsar er að setja upp flóknara innflytjendaeftirlit. Það er ekki bara peningasóun, heldur leysir það engin vandamál. Lausnin er að efla eftirlit með atvinnurekendum. ASÍ er búið að taka saman frábæran bækling fyrir innflytjendur, sem útskýrir réttindi þeirra. Þessar upplýsingar þurfa að komast í hendur hverrar einustu manneskju sem flytur til landsins. Það væri bæði ódýrara, skilvirkara og áhrifameira en þjóðernissinnadraumur Magnúsar Þórs.“


www.jongunnarsson.is KRAFTMIKINN MANN Á ÞING!



■ Hagsmunir eldra fólks
„Það er mikil sóun að sá kraftur sem býr í þeim sem eldri eru skuli ekki nýtast betur á vinnumarkaði vegna óhóflegra skatta.“

4. sæti
Jón Gunnarsson
framkvstj. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) laugardaginn 11. nóvember nk.


# Útvarp innflytjenda segir halló Hafnarfjörður

**Í Hafnarfirði eru fimm prósent íbúanna af erlendu bergi brotin. Bærinn hefur reynt að ná til fólksins til að tryggja sem besta aðlögun, meðal annars gefið út upplýsingabæklinga á ýmsum tungumálum. Á föstudaginn varð að veruleika útvarp fyrir íbúa Hafnarfjarðar sem eru af erlendum uppruna.**



**LÚÐVÍK GEIRSSON, BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR, VAR GESTUR FYRSTA ÞÁTTARINS** Fjölbreytt og fræðandi í Hafnarfirðinum á FM 96,2. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verkefninu er ætlað að auka upplýsingaflæði og fræðslu til erlendra íbúa Hafnarfjarðar og ekki síður til að kynna fyrir Hafnfirðingum þá margvíslega menningu sem fyrirfinnst í bænum.

Útvarpsstöðin er samvinnuverkefni Hafnarfjarðarbæjar, Alþjóðahússins og Flensborgarskóla, en þar er rekin öflug fjölmiðladeild. Stöðin sendir út á tíðninni 96,2 og næst í Hafnarfirði og þar í kring. Dagskráin verður ekki flókin til að byrja með, bara einn þáttur, Halló Hafnarfjörður, sem þáttargerðarmenn skiptast á með að sjá um. Dagskrárgerðarfólkið kemur víða að og hefur yfir þrettán tungumálum að ráða. Útsendingar eru daglega kl. 18. Hverjum þætti er skipt í tvo korters langa helminga. Á milli kl. 11 og 13 á sunnudögum verða þættir vikunnar endurteknir. Einnig verður hægt að hlusta í gegnum vefsíðuna www.hafnarfjordur.is.

Á morgun sér Gwendolyn R. Castillon frá Filippseyjum um þáttinn. „Ég ætla að vera með fréttir frá Filippseyjum og reyna að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir hún. „Ég tala á móðurmáli mínu, tagalog, en ætla að reyna að tala íslensku líka. Kannski fæ ég einhvern frá heimalandi mínu með mér og ég spila örugglega filippseyska tónlist líka.“ Gwendolyn vinnur í Lækjarskóla og hefur búið í sjö ár á Íslandi.

Á fimmtudaginn er komið að Warapon Chanse sem er taílensk. „Ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég geri en það verður eitthvað tengt Loy Krathongn-hátíðinni sem nú stendur yfir,“ segir hún. „Það verður haldið upp á hátíðina í Ráðhúsinu næsta laugardag og ég ætla að kynna dagskrána þar. Ég ætla líka að spila taílenska tónlist.“ Warapon starfar sem túlkur og vinnur líka á veitingastað og í mötuneyti.

Hoda Tabet er frá Íran og tekur við þegar korteri Warapon er lokið á fimmtudaginn. Hún sér um sinn hluta ásamt Nadi frá Jórdaníu og þær tala arabísku. „Okkur langar að fjalla um arabíska list og menningu, en í fyrsta þættinum ætlum við að fjalla um menntamál ungra barna. Svo verður spiluð tónlist af nýjum geisladiski með arabískum söngvara,“ segir Hoda. Hún hefur starfað sem afleysingakennari en Nadi vinnur í Bláa lóninu.

„Við rennum alveg blint í sjóinn með þetta,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar. „Þetta er tilraunaverkefni til sex mánaða og þá verður athugað með framhaldið. Við höfum mikinn áhuga á að gera þetta stærra og stækka útsendingarsvæðið og vonandi verður grundvöllur fyrir því.“

gunnarh@frettabladid.is

# Limrubros í skammdeginu

Út er komin ljóðabókin Fimmtíu limrur eftir Önnu S. Snorradóttur. Limrurnar eru í gamansömum stíl og Anna segir að þær eigi ekki að taka alvarlega. „Limran er ljóðform sem er skemmtilegt og leikandi og fer í allar áttir,“ segir hún. „Það fer alveg eftir því hvort fólk hefur húmor eða ekki hvernig það tekur bókinni. Húmorslausu fólki finnst þetta bara vera bull og mér er svo sem sama um það, en þeir sem hafa húmor finnst þetta mörgum skemmtilegt. Ég lít nú ekki stórt á þessa útgáfu. Mér finnst það bara gott ef einhver getur brosað að þessu í skammdeginu.“

Anna vann á árum áður hjá KEA á Akureyri og kynntist limrunni þegar hún fór á vegum KEA í skóla í Norður-Englandi rétt eftir seinna stríð. „Þar voru fjörugir strákar sem gerðu það sér til skemmtunar að semja limrur. Þar fékk ég áhugann. Það var minna um þetta á Akureyri, en þó eitthvað um að strákar í Menntaskólanum væru að gera limrur. Ég var feimin við að sýna limrurnar mínar á Akureyri og komst ekki á skrið fyrr en ég fór að heiman.“

**Staurblanka stelpan**

Það lá eitthvað illa á Gógó
var auralaus átti ekkert tyggjó.
„Mig langar í ferð
en líkast til verð
að leggjast í hringferð með strætó.“

Anna segist ekki hafa samið limrurnar með það að markmiði að gefa þær út á bók heldur hafi hún gert þetta að gamni sínu og stundum gefið fólki limrur í tækifærisgjöf. Anna, sem er fædd árið 1930, segir það gera sér gott að leika sér í limrusmíðinni. „Það detta stundum í mig línur og svo sé ég til hvað kemur í viðbót.“

Bókin Fimmtíu limrur mun vera fyrsta limrubókin sem kemur út eftir konu á Íslandi og hana má fá í flestum bókabúðum.



**ANNA S. SNORRADÓTTIR** Semur limrur fyrir fólk með húmor. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Kærkomið frí fyrir börnin í Reykjavík

Mörg þúsund börn hafa verið í vetrarfríi í Reykjavík frá því fyrir helgi en vetrarfrí var í þrjátíu og níu af rúmlega fjörutíu skólum borgarinnar. Hátt í fimmtán hundruð börn eru í hverjum árgangi í Reykjavík.

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá ÍTR, segir að vetrarfrí hafi verið í flestum skólum á fimmtudag og föstudag og einhverjir líka í gær, mánudag, en heldur færri börn hafi verið í vetrarfríi þá.

Frístundaheimili borgarinnar eru lokuð þegar vetrarfrí er í skólunum en Soffía segir að ekki hafi borist mikið af kvörtunum frá foreldrum. Foreldrar séu farnir að gera ráð fyrir vetrarfríinu og geymi sumarfrí til að geta tekið frí með börnunum sínum. Þá hafa sumir foreldrar kost á að koma með börnin í vinnuna, eins og ljósmyndari Fréttablaðsins komst að hjá Vodafone í gær.

Soffía segir að borgaryfirvöld hafi reynt að undirstrika hvað hægt sé að gera skemmtilegt saman í vetrarfríinu. Það sé hægt að gera margt annað en að fara til útlanda, til dæmis að fara á bókasafnið, í sund og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

„Það er fjölskyldustefna Reykjavíkurborgar að styðja við fjölskyldusamveru, Börnin hafa rosalega þörf fyrir þessa hvíld og það er kærkomið fyrir þau að fá þessa daga í vetrarfrí á haustin og svo aftur í febrúar.“ - ghs



**Í VETRARFRÍI** Þúsundir barna hafa verið í vetrarfríi í Reykjavík síðustu daga. Þessi börn fóru í vinnuna með pabba og fengu að leika sér í leikherberginu sem þar er.



**ALLT Á FLOTI** Þessi stúlka þurfti að ösla vatnselginn til þess að komast leiðar sinnar á aðalgötunni í þorpinu Peturu á Indlandi í gær. Gífurlegt úrhelli hefur verið þar undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STEFÁN THORDERSEN** Segir farþega hafa verið með á nótunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## Farþegarnir mættu með plastpoka

**Afgreiðsla flugfarþega gekk vonum framar í gær þó að nýjar reglur um handfarangur hefðu tekið gildi. Samkvæmt nýju reglunum mega farþegar aðeins taka með sér samtals innan við einn lítra af vökva og er skylt að setja vökvann í glæran poka með plastrennilás.**

**Stefán Thordersen, yfirmaður öryggissviðs, segir að farþegar hafi verið vel með á nótunum. „Upplýsingar höfðu skilað sér vel til almennings og starfsfólk, bæði öryggisverðir og annað starfsfólk, gerði sitt besta til að fræða farþegana.“**

**Stefán segir að sumir farþegar hafi komið með plastpoka með rennilási í flugið í gærmorgun og aðrir hafi fengið slíkan poka í flugstöðinni. Handfarangur hafi verið minni en áður en Icelandair hafi breytt reglum þannig að leyfilegt var að setja 23 kíló í flug, í stað tuttugu áður. - ghs**



Nóvember gegn nauðgunum er heiti á átaki sem Jafningjafræðslan hratt af stað í byrjun mánaðarins.

## Viðhorfsbreytinga er þörf

Nóvember gegn nauðgun er heiti á átaki sem Jafningjafræðsla hins hússinns hrinti af stað nú í byrjun mánaðarins. Átakið hófst með fjölmennri göngu niður Laugarveginn á miðnætti á laugardagskvöld og endaði á Lækjartorgi.

Ösp Árnadóttir er framkvæmdastjóri Jafningjafræðslunnar og jafnframt í forsvari fyrir átakið. „Markmiðið er að ungt fólk á aldrinum 16-25 fræði jafnaldra sína. Við höfum fyrst og fremst unnið að forvörnum gegn fíkniefnum. En eftir að hafa orðið vör við aukin tilfelli misneytismála innan framhaldsskólanna og hrinu af nauðgunum í miðbæ Reykjavíkur ákváðum við að einblína á fræðslu um nauðganir,“ segir Ösp. Átakið stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá í samstarfi við framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu út nóvember.



Pantanir og upplýsingar í síma 525 9950
og á hotelsaga@hotelsaga.is
Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK

## Svona erum við

> Þróun launavísitölu 2006




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SMÁEYJAN HANI Í VESTMANNAEYJAKLASANUM

# *Lítur út fyrir að vera með hanakamb*

Veiðikofi flaug út í sjó í stórviðrinu í Vestmannaeyjum um helgina. Kofinn hafði staðið í eyjunni Hana frá 1984 en þar hafði hann verið byggður eftir að kofi sem var áður í eyjunni hafði fokið í viðlíka veðri. Kofinn hafði verið reistur ofar í eyjunni til að forða því að hann fyki líka út í sjó.

**Hvaða eyja er þetta eiginlega?**
Eyjan Hani er smáeyja í Vestmannaeyjaklasanum. Nafnið er dregið af því að eyjan lítur út fyrir að vera með kamb. Hani er 97 m hár, hæstur þar sem heitir Hanahöfuð. Eyjan er umkringd háum hömrum sem víðast eru þverhníptir nema helst að vestanverðu. Veiðikofi var í Hana þar til hann fauk um helgina og hafa menn komið í eyjuna í lundaveiði. Sauðfé hefur einnig verið sett á beit í Hana.

**Er Hani eina smáeyjan í klasanum?**
Nei. Vestmannaeyjaþyrpingin samanstendur af fjórtán eyjum auk þess sem þrjátíu drangar og sker tilheyra klasanum líka. Eyjarnar eru brattar og víðast þaktar graslendi. Heimaey er langstærst, eða ríflega þrettán ferkílómetrar. Stærstu eyjarnar í kringum hana eru Elliðaey og Bjarnarey í norðaustur og Suðurey, Álsey, Brandur, Hellisey og Surtsey í suðvestri. Hæna er önnur smáeyja og sú sem liggur þeirra syðst. Hún er 57 metra há. Hrauney liggur rétt norðan megin við Hana og er 91 metra há, eða álíka og Hani. Háir hamrar liggja umhverfis hana og er hún stærst ummáls af smáeyjunum.



**Hvaða jarðsögu eiga Vestmannaeyjar?**
Eyjarnar eru ungar á jarðsögulegan mælikvarða og hafa allar myndast í eldgosum, þær elstu fyrir um tólf þúsund árum. Margar hverjar eru gíglaga og á sumum eru gjallgígar. Vestmannaeyjar eru á umfangsmiklu eldgosasvæði sem er um þrjátíu og átta kílómetra langt og þrjátíu kílómetra breitt með sjötíu til áttatíu eldstöðvum eða leifum þeirra. Yngsta eyjan er ung á alla mælikvarða, jarðsögulega og sögulega. Surtsey heitir hún og myndaðist árið 1963.

**Heimild: www.heimaslod.is**

## SPURT & SVARAÐ
**SKÓLAGJÖLD VIÐ RÍKISHÁSKÓLA**

### *Ríkið reki háskólana*


**ÁSGEIR RUNÓLFSSON** Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur skrifað opið bréf til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra þar sem skólagjöldum við ríkisháskóla landsins er mótmælt.

**Hverju eruð þið að mótmæla?**
Við viljum fá meira fjármagn frá ríkisvaldinu til ríkisháskólanna og við viljum fá upplýsta umræðu um skólagjöld við þá en hún hefur ekki verið hingað til.

**Af hverju á ekki að taka upp skólagjöld við ríkisháskóla?**
Skólagjöld koma í veg fyrir að sem flestir geti stundað háskólanám, en það er lykillinn að því þekkingarþjóðfélagi sem við viljum búa í.

**Hver á að standa straum af rekstri ríkisháskólanna?**
Ríkið á að standa straum af rekstri þeirra. Það hefur gefist mjög vel á hinum Norðurlöndunum, en þar eru skólar sem eru á lista yfir hundrað bestu skóla í heimi.

# Af vetrarvertíð og villimennsku

**Atvinnuhvalveiðar Íslendinga hófust á nýjan leik 17. október síðastliðinn eftir rúmlega tuttugu ára hlé. Veiðarnar gengu vel en eru mjög umdeildar innanlands sem utan.**

Hvalur 9 hætti nýlega veiðum eftir að hafa veitt sjö langreyðar af þeim níu dýra kvóta sem gefinn var út um miðjan október vegna hvalveiða á fiskveiðiárinu 2006 til 2007. Ástæðan fyrir því var að skilyrði til veiðanna versnuðu en þær eru háðar birtu og sæmilega góðu sjólagi.

Eftir að birtuskilyrði og veðurútlit versnaði var ákveðið að hætta þessari fyrstu vetrarvertíð íslenskra hvalveiða. Veiðarnar gengu ævintýralega vel að mati Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals hf., og lýsti hann hvalaslóðinni við hverasvæði, svo mikið var af blásandi hval þegar veiðum var hætt.


**KOMINN Á LAND** Veiðum á langreyði er lokið á þessu ári en telja má líklegt að stærri kvóti verði gefinn út í vor. Hvalur 9 fer ekki aftur á veiðar að öðrum kosti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Skiptar skoðanir innanlands**
Ríkisstjórnin hefur frá upphafi rökstutt ákvörðun sína um að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni með því að þær falli að langtímahagsmunum þjóðarinnar. Bent hefur verið á að veiðarnar brjóti ekki í bága við alþjóðalög og þeir stofnar sem veitt verður úr séu ekki í útrýmingarhættu og veiðarnar séu að öllu leyti sjálfbærar. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vill þó ekki gera lítið úr því að ákvörðunin geti haft neikvæð áhrif til skemmri tíma. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra er eini ráðherrann sem sett hefur fyrirvara um atvinnuhvalveiðarnar. Hún segir þær hugsanlega geta skaðað orðspor Íslands með tilliti til umhverfismála.

Stjórnarandstaðan tók yfirlýsingunni um hvalveiðar misjafnlega í upphafi. Vinstri græn lýstu sig strax mótfallin atvinnuhvalveiðum en Frjálslyndi flokkurinn taldi níu langreyðar of lítinn kvóta. Samfylkingin var varkár í yfirlýsingum en eftir því sem leið á urðu efasemdaraddir þingmanna flokksins sterkari. Það sama má segja um almenningsálitið hér innanlands. Þótt erfitt sé að ráða í hvaða skoðun Íslendingar hafa á hvalveiðum almennt séð, virðist sem fleiri séu efins en skoðanakannanir hafa bent til. Margir styðja hvalveiðar en efast um að það sé skynsamlegt að hefja þær að nýju því mögulega geti meiri hagsmunum verið fórnað fyrir minni, svo algengt orðalag um hvalveiðarnar sé notað.

**Eldur í sinu**
Fréttin um að Íslendingar hygðust hefja atvinnuhvalveiðar eftir rúmlega tuttugu ára hlé fór sem eldur í sinu um heimsbyggðina. Allir helstu fjölmiðlar heims fjölluðu um málið dagana eftir að veiðileyfið var gefið, og gagnrýni málsmetandi stjórnmálamanna og málsvara umhverfissamtaka tók að berast úr öllum heimshornum. Hinn almenni borgari hefur líka haft sitt að segja því mótmælabréf hafa borist ráðuneytum, sendiráðum og fjölmiðlum í tugþúsundavís. Þessi gagnrýni kom engum á óvart en frekar hafa menn hváð yfir því hvernig stjórnvöld annarra þjóðríkja kusu að rökstyðja gagnrýni sína þegar henni var komið á framfæri við íslenska ráðamenn.

Mótmælaskjal frá 25 þjóðlöndum auk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem afhent var utanríkisráðuneytinu 1. nóvember, kristallar þann misskilning. Í mótmælaskjalinu segir að Íslendingar hafi ákveðið hvalveiðikvóta út frá gögnum sem hvorki hefðu verið kynnt, farið yfir né samþykkt af vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins. Á sama tíma voru upplýsingar Hafrannsóknastofnunar um mat á stofnstærð og sjálfbæru veiðiþoli birtar á heimasíðu Alþjóðahvalveiðiráðsins og hafa verið viðurkenndar af vísindasviði þess. Einar K. Guðfinnsson sagði það umhugsunarefni að svona margar þjóðir skuli hafa byggt málflutning sinn á tómum rangfærslum og gekk svo langt að segja það hneisu fyrir þjóðirnar 25 að hafa sent frá sér skjal sem var jafn illa rökstutt.

**Ósættanlegur ágreiningur**
Þeir sem eru fylgjandi hvalveiðum munu aldrei sannfæra þá sem eru á móti veiðunum að þær séu réttlætanlegar. Til þess ber einfaldlega of mikið í milli. Íslendingar hafa verið kallaðir blóðþyrstir villimenn og jafnvel hefur verið gengið svo langt að líkja hvalveiðunum við kjarnorkutilraunir Írana. Þeir sem vilja veiða hval yppta öxlum og láta sér fátt um finnast. Þeir fullyrða að hvalveiðarnar séu rökrétt ákvörðun þar sem stofnar hrefnu og langreyðar séu í sögulegu hámarki og veiðarnar langt innan þeirra marka sem sett eru vegna sjálfbærra veiða. Staðan sem við blasir er þrátefli.

Nú hefur Hvalur 9 verið bundinn við bryggju og bíður vors. Eftir er að veiða tvær langreyðar af útgefnum kvóta en ljóst er að veiðar hefjast ekki að nýju nema frekari kvóti verði gefinn út. Sjávarútvegsráðherra segist ekki hafa tekið ákvörðun um framhald veiðanna en rökrétt er að álykta að leyfi verði gefið til frekari veiða í sumar. Annars hefði ákvörðun um að hefja hvalveiðarnar varla verið tekin. Sá kvóti verður líklega mun stærri en sá sem gefinn var út í október og öldur mótmæla og andúðar gætu því risið mun hærra á sumri komanda.


FRÉTTASKÝRING
**SVAVAR HÁVARÐSSON**
svavar@frettabladid.is

**HVALVEIÐAR ÁRIÐ 2005**

| | | |
|---|---|---|
| **Japan** | 1.233 dýr | 5 búrhvalir, 100 sandreyðar, 50 skorureyðar og 1.078 hrefnur |
| **Noregur** | 647 dýr | 647 hrefnur |
| **Grænland** | 193 dýr | 13 langreyðar, 180 hrefnur |
| **Rússland** | 126 dýr | 124 sandlægjur og 2 norðhvalir |
| **Bandaríkin** | 68 dýr | 68 norðhvalir |
| **Kanada** | 1 dýr | 1 hnúfubakur |

Innan Alþjóðahvalveiðiráðsins er hvalveiðum skipt í þrennt eftir því í hvaða tilgangi þær eru stundaðar. Talað er um frumbyggjaveiðar, vísindaveiðar og veiðar í atvinnuskyni. Hvalveiðibann ráðsins tekur aðeins til atvinnuveiða og nær ekki til landa sem hafa gert fyrirvara við bannið. Aðeins Norðmenn veiða hval í atvinnuskyni auk Íslendinga en vísindaveiðar Japana gera þá að langstærstu hvalveiðiþjóð heims. Önnur hvalveiðilönd eru til dæmis Bandaríkjamenn og Rússar.

Opið hús

ÍAV

Þrastarhöfði 5 íbúð 101
Þrastarhöfði 7 íbúð 102




ÍAV eru að ljúka byggingu glæsilegra fjölbýlishúsa við Þrastarhöfða. Öll hönnun miðast við að viðhald verði í lágmarki og þarfir fjölskyldufólks verði í fyrirrúmi. Þrastarhöfði er fallegt og vel staðsett hverfi vestast í Mosfellsbæ. Húsin eru tveggja og þriggja hæða. Sérinngangur er af svalagangi eða beint af jarðhæð í hverja íbúð.

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskyldum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem eru flísalögð. Innréttingar eru vandaðar frá Brúnás. Heimilistæki eru AEG með burstaðri stáláferð.

**Örfáar íbúðir eru óseldar. Til afhendingar strax.**

**Verð frá 21,4 millj.**

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

Komdu og keyrðu
**næstu kynslóð**
Verð frá: 1.599.000 kr.




H-N markaðssamskipti / SÍA

www.peugeot.is

EURO NCAP ★★★★★

**Komdu og sjáðu hvernig Peugeot 207 endurspeglar næstu kynslóð smábíls.**
Kraftmikill og líflegur endurspeglar 207 nýjan staðal í akstri og hönnun. Búinn næstu kynslóð í tækni og fimm stjörnu öryggisbúnaði dekrar hann við ökumann og farþega. Sestu við stýrið og leyfðu þér aftur að verða ástfangin(n) af akstri.

**VELKOMIN(N) Í PEUGEOT 207 – AKSTUR FYRIR LÍFIÐ**

207

PEUGEOT

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Söluaðilar:**
**Bernhard**, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 15, sími 421 7800
**Bílver**, Akranesi, Akursbraut 11c, sími 431 1985
**Höldur**, Akureyri, Þórsstíg 2, sími 461 6020
**Bragginn**, Vestmannaeyjum, Flötum 20, sími 481 1535

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gömul stefnumörkun skilar árangri:

## Meiri þjónusta fyrir sömu krónur

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Heilbrigðismál eru hvarvetna meðal höfuðviðfangsefna í stjórnmálum. Á fáum sviðum öðrum er meira reiptog um skattpeningana. Af sjálfu leiðir að um þessi efni takast menn á í pólitík.

En einmitt á þessum vettvangi standa stjórnmálamenn frammi fyrir afar vandasamri og flókinni ákvarðanatöku. Kröfurnar um betri þjónustu vaxa eðlilega harðar en þjóðarframleiðslan. Þekkingunni og tækninni fleygir einnig fram með hraða sem er í öfugu hlutfalli við vilja skattborgaranna til þess að greiða meira í ríkissjóðinn.

Afleiðingin birtist í margvíslegu reiptogi hagsmuna. Hér á landi fara fram miklar umræður af þessu tagi og yfirleitt um eitt og eitt reiptog í senn. Víða annars staðar fara hins vegar fram meiri umræður um leiðirnar til þess að finna lausnir eða leiða reiptogið til lykta.

Á þessu eru þó undantekningar. Á tíma Friðriks Sophussonar í fjármálaráðuneytinu og Ingibjargar Pálmadóttur í heilbrigðisráðuneytinu var tekin afgerandi stefnumarkandi ákvörðun um sameiningu sjúkrahúsa. Hún var umdeild. Meðal annars var gagnrýnt að draga myndi úr faglegri samkeppni. Sennilega hefur það gerst í einhverjum mæli.

En markmiðið var að ná fram meiri þjónustu fyrir jafn margar krónur. Nú er kominn góður reynslutími. Það er einfaldlega unnt að mæla árangurinn í rekstri hins sameinaða móðurskips heilbrigðisþjónustunnar, Landspítalans. Niðurstaðan er skýr. Ætlunarverkið tókst í öllum stærri dráttum.

Á liðnum fimm árum hefur spítalinn mætt tæplega sjö prósenta íbúafjölgun. Sjúklingum sem leggjast inn hefur fækkað um þrettán prósent. Þeim sem notið hafa þjónustu á göngudeildum hefur hins vegar fjölgað um 28 prósent, um tæp þrettán prósent á dagdeildum og yfir 25 prósent á slysa- og bráðadeildum.

Þjónustan hefur breyst. Hún leysir úr vanda fleiri á skemmri tíma en áður. En kjarni málsins er sá að þetta er gert með jafn mörgum krónum. Framlög úr ríkissjóði eru þar af leiðandi lægra hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins eða þjóðarframleiðslu vilji menn heldur miða við hana. Þetta er eina leiðin til að geta mætt nýjungum í ríkisþjónustu.

Mála sannast er að þetta sýnir árangur sem vert er að tala um. Stjórnendur og starfsfólk eiga því sannarlega þakkir skildar. Skipulagsbreytingarnar hafa eðli máls samkvæmt kostað smáskærur með jöfnu millibili. Þær hafa vakið athygli og umtal. En árangurinn hefur legið í þagnargildi. Það er dæmigerð íslensk umræðuhefð.

En nú sýnist spítalastarfið vera á krossgötum. Flest bendir til að áframhaldandi hlutfallsleg lækkun útgjalda muni ekki leiða til aukinnar framleiðni heldur stöðnunar eða jafnvel skertrar þjónustu. Fyrir þá sök er þörf á nýrri pólitískri langtíma stefnumörkun.

Umræður um einstaka hagsmunaárekstra eru áfram háværar. En af þögninni um hina hlið málsins mætti halda að enginn sé í því hlutverki um þessar mundir að leggja línur um framtíðina í þessum efnum.

Uppskera slíkrar vinnu skilar sér sjaldnast fyrr en þeir eru farnir af vettvangi sem leggja það pólitíska erfiði á sig. Því er ekki úr vegi að minna á það sem vel hefur verið gert þegar kallað er á nýtt pólitískt frumkvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bingi á Alþingi

Í fjarveru Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra var tilkynnt við upphaf þingfundar í gær að Björn Ingi Hrafnsson tæki í fyrsta sinn sæti á Alþingi Íslendinga. Tók hann kumpánlega í hönd Sólveigar Pétursdóttur þingforseta og undirritaði svo drengskaparheit að stjórnarskránni. Björn Ingi, sem einnig er formaður borgarráðs, er vonarstjarna Framsóknarflokksins og furðulegt að hann hafi ekki tekið fyrr sæti á Alþingi. Hefði hann verið á framboðslista flokksins í Reykjavík norður væri hann líklega þingmaður núna. Halldór Ásgrímsson og Árni Magnússon, sem skipuðu tvö efstu sætin, eru nefnilega á bak og burt.



### Rauk á dyr

Mikill taugatitringur ríkti á Fjörukránni í Hafnarfirði á laugardagskvöldið á meðan frambjóðendur Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi biðu eftir úrslitum prófkjörsins. Brutust eðlilega út fagnaðarlæti þegar tilkynnt var að Hafnfirðingurinn Gunnar Svavarsson væri í fyrsta sæti. Ekki voru þó allir viðstaddir vissir um hver Gunnar væri. Síðan kom tilkynning númer tvö og samkvæmt henni var Gunnar enn efstur. Reyndist það svo rangt og var leiðrétt fimm mínútum síðar og Þórunn Sveinbjarnardóttir sögð í fyrsta sæti. Eitthvað fór það illa í Gunnar sem rauk á dyr, svo eftir var tekið, líklegast í faðm sinna helstu stuðningsmanna sem biðu úrslitanna á kosningaskrifstofu skammt frá.

### Vinsældir í símatíma

Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, hélt áfram að ræða hættu sem gæti stafað af straumi útlendinga til Íslands á Alþingi í gær. Nú hræðist hann að fólk frá Rúmeníu og Búlgaríu komi í auknum mæli til landsins við inngöngu í ESB um áramótin. Hann fær greinilega vind í seglin í þessari umræðu því fólk lét í ljós ánægju sína með málflutninginn á heimasíðu hans. Í símatíma á Bylgjunni síðdegis í gær voru innflytjendamál til umræðu. Sjö viðmælendur í röð fögnuðu þessu frumkvæði Magnúsar. Ætli frjálslyndir hendi ekki sjávarútvegsmálum út og taki innflytjendamál inn?



bjorgvin@frettabladid.is

## Að þekkja takmörk sín



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Kosningaloforð

Í upphafi þessa pistils vil ég taka skýrt fram að ég tel það smánarblett hvernig búið er að gömlu veiku fólki í okkar annars ágæta landi. Fyrir nokkru sagði ég á þessum stað frá gamalli starfssystur minni sem hafði annast níutíu og fimm ára veika móður sína í nokkra mánuði og þegar hún leitaði eftir hjúkrunarrými fyrir hana var hún spurð hvort hún þekkti ekki einhvern úti á landi. Það fólst í svarinu að gamla konan gæti fengið skjól úti á landi, sem um leið þýddi að hún yrði þar meira og minna ein með ókunnum alla daga. Hennar nánasta fjölskylda gæti hugsanlega litið til hennar um helgar. Síðar staðfestu þeir sem reka hjúkrunarheimili hér í borg að þetta væri hreint ekki einsdæmi.

Ráðamenn mega hins vegar ekki nota ófremdarástand sem þetta sér til framdráttar, slíkt er óþolandi. Þegar kosningar nálgast verða ráðamenn að þekkja takmörk sín, þeir geta ekki og mega ekki lofa því sem þeir hafa engin völd og ekkert leyfi til að lofa. Löng valdaseta og kannski vilji til að blekkja fólk hefur leitt til þess að ráðherrar rugla oftar en ekki sjálfum sér og embættum sínum saman.

Þetta kristallaðist nú síðast rétt fyrir helgina þegar Siv Friðleifsdóttir, sem nú gegnir embætti heilbrigðisráðherra, gaf loforð um að byggð yrðu 174 hjúkrunarrými. Í fréttunum var sagt að heilbrigðisráðherrann hefði ákveðið þetta og þar með var slegið ryki í augun á venjulegu fólki, því þar er ekki á valdi heilbrigðisráðherrans, hvað þá Sivjar að gefa slík loforð.

Þegar nánar var að gáð á 1,3 milljarðar að renna til framkvæmdanna af fjárlögum árin 2008 - 2009. Hvaða fjárlög sem það nú eru, því fjárlög eru bara til eins árs í senn. Ekkert á að renna til framkvæmdanna á fjárlögum ársins 2007, þau fjárlög eru nú til umræðu í þinginu. Ekki verður annað ályktað en ríkisstjórnin - stjórnarflokkarnir - hafi hafnað því að setja peninga í verkefnið, í síðasta sinn sem þeir hafa tækifæri til að samþykkja fjárlög. Annars hefðu þeir sett einhverja peninga í þetta áríðandi verkefni.

*Aftur ítreka ég að ég tel fulla þörf á að fjölga hjúkrunarrýmum en ég geri athugasemdir við að ráðherrar skreyti sig falsfjöðrum af þessu tagi.*

Siv Friðleifsdóttir, sem nú gegnir embætti heilbrigðisráðherra, virðist halda að hún geti ráðstafað peningum af fjárlögum mörg ár fram í tímann því auk peninganna sem eiga að renna til framkvæmdanna á að auka framlög til rekstrar í smá skömmtum og mest árið 2010 þá um 1.060 milljónir króna. Ég er illa svikin ef varaformaður fjárlaganefndar Alþingis hefur ekki eitthvað við málflutning af þessu tagi að athuga. Ég hef alloft heyrt hann leggja áherslu á að útgjöld ríkisins eru ákveðin með fjárlögum sem Alþingi samþykkir. Og nú er Siv Friðleifsdóttir búin að lofa fullt af peningum af fjárlögum sem samþykkja á næsta vetur og veturna þar á eftir - og ekki einu sinni víst að hún verði á þingi, því það verða kosningar í vor.

Þar með er ekki öll sagan af afrekum Sivjar sögð. Því hún er líka búin að ákveða hvar hjúkrunarrýmin 174 eiga að vera og það er aldeilis mikil og heppileg tilviljun að 100 - hundrað - eða 57,5 prósent þeirra eiga einmitt að vera í Suðvesturkjördæmi. Og þetta allt saman ákvað Siv sama dag hún var valin í 1. sæti framboðslista Framsóknarflokksins einmitt í Suðvesturkjördæmi. Já, þær eru margar tilviljanirnar, segi ég nú ekki annað.

Aftur ítreka ég að ég tel fulla þörf á að fjölga hjúkrunarrýmum en ég geri athugasemdir við að ráðherrar skreyti sig falsfjöðrum af þessu tagi. Það var vægast sagt umdeilanlegt þegar ríkisstjórnin tók Símasölupeningana út fyrir sviga og ráðstafaði þeim mörg ár fram í tímann. En það er alveg kristalklárt og -tært að ráðherrar hafa engin völd og ekkert leyfi til að ráðstafa fjárlögum fram í tímann, hvorki til góðra né vondra mála. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi í umboði þjóðarinnar. Það er ljóst að þetta fólk er búið að vera svo lengi við völd að það hefur misst sjónar á þjónustuhlutverki sínu og tilgangi laga og stjórnsýslu, hafi þess háttar einhvern tímann verið því ljóst!

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

## Forvarnir í félagsmiðstöðvum

**UMRÆÐAN**

Börn og unglingar



HULDA VALDÍS VALDIMARSDÓTTIR

Undanfarið hefur mikið verið rætt um forvarnargildi þess að börn og unglingar séu þátttakendur í skipulögðu frístundastarfi. Félagsmiðstöðvastarf fellur svo sannarlega undir þennan flokk og hafa félagsmiðstöðvar verið starfræktar í Reykjavík frá árinu 1974. Margt hefur breyst frá fyrstu starfsárum félagsmiðstöðvanna og forvarnar- og menntunargildi félagsmiðstöðvastarfsins gegnir sífellt veigameira hlutverki. Í dag taka börn og unglingar virkan þátt í starfi á vegum félagsmiðstöðvanna á átján stöðum í borginni.

Eitt af meginmarkmiðum með starfinu er að skapa börnum og unglingum vettvang fyrir heilbrigða og uppbyggilega frístundaiðkun þar sem skýr afstaða er tekin gegn allri neyslu vímuefna og annarri neikvæðri hegðun, s.s. stríðni og einelti. Í félagsmiðstöðvastarfi er einmitt sérstök áhersla lögð á að ná til þeirra sem sökum áhugaleysis eða af öðrum orsökum sinna ekki heilbrigðum viðfangsefnum í frítíma sínum.

Barna- og unglingalýðræði er sú hugmyndafræði sem félagsmiðstöðvarnar starfa eftir og hún felur í sér að áhersla er lögð á að virkja börn og unglinga til þátttöku og ábyrgðar í starfinu. Markmiðið er að þjálfa þátttakendur í að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þeirra eigin skoðunum og hugmyndum og taka afleiðingum þeirra. Jafnframt styrkja þessi vinnubrögð sjálfsmynd krakkanna, þjálfa þá í að temja sér víðsýni og gagnrýna hugsun.

Forvarnarstarfi er hægt að sinna á fjölbreyttan hátt og það er mikilvægt að sem flestir aðilar sem sinna frístundastarfi séu meðvitaðir um mikilvægi þess að unnið sé faglega og markvisst að því að skapa börnum og unglingum þennan jákvæða og uppbyggilega vettvang. Eftir því sem fleiri aðilar sinna þessu hlutverki sínu vel því meiri líkur eru á að allir finni eitthvað við sitt hæfi í frístundastarfi og græði því ekki einungis afþreyingu og ákveðna leikni heldur öðlist sjálfstraust og verði meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls. Að taka virkan þátt í frístundastarfi felur í sér að þátttakendur tileinka sér ákveðna lífsleikni sem nýtist þeim í öllu lífinu og sú óformlega menntun verður seint metin til fjár.

*Höfundur er deildarstjóri unglingastarfs hjá Íþrótta- og tómstundasviði Reykjavíkur.*



## IPODAR GETA SKERT HEYRN

Alvarlegar og viðvarandi heyrnarskemmdir geta hlotist af iPodum og MP3-spilurum með heyrnartólum

HEILSA 4



## SAMTAL GERIR FÓLKI GOTT

Mannúðar- og mannræktarsamtökin Höndin

HEILSA 2

allt



## ALLT HITT

### HEILSA

**Næst** þegar þú sofnar við skrifborðið í vinnunni geturðu slegið um þig með niðurstöðum rannsókna sem sýna fram á að hænublundur eykur afköst, sérstaklega þegar þú þarft að taka við miklum upplýsingum og vinna úr þeim á degi hverjum. Sífelld þreyta er merki um að þessi heilastöð geti ekki tekið við fleiri upplýsingum, að því er kemur fram í Science now. Ráðið ku vera lítill lúr. Þeir þátttakendur rannsóknarinnar sem hvíldu sig milli verkefna dagsins höfðu betri einbeitingu og skiluðu betri afköstum en þeir sem enga hvíld fengu.



**Sjóböð** þykja mjög hressandi samkvæmt þeim sem þau stunda. Á Íslandi eru böðin að verða æ vinsælli og ekki seinna vænna að skella sér í sjóinn til að æfa upp þolið fyrir veturinn. Sjá nánari upplýsingar hjá sjósundfélögunum www.skitkalt.com og www.sjosundfelagislands.is sem synda reglulega og hvetja fleiri til að fara í sjóinn.

**Teygjuhlé** fyrir börn og unglinga er tölvuforrit sem minnir fólk á að taka sér reglulega hlé frá tölvuvinnu og teygja úr sér. Forritið byggist á vinnuvistfræði og nýtist sem forvörn gegn álagsmeiðslum í stoðkerfi. Nánari upplýsingar er að finna hjá Lýðheilsustöð, www.lydheilsustod.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 7. nóvember, 311. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.29 | 13.11 | 16.52 |
| Akureyri | 9.26 | 12.56 | 16.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




José finnst gaman í fótbolta og hefur eignast góða félaga hjá Þrótti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fílar fótbolta í botn

***José Luis Nunez Alvarez, fimmtán ára, finnur fyrir miklum líkamlegum mun eftir að hann fór að æfa fótbolta með Þrótti.***

Þetta er þriðji veturinn sem José æfir fótbolta með Þrótti og spilar nú með þriðja flokki karla á eldra ári á gervigrasinu í Laugardal. Hann æfir yfirleitt fjórum sinnum í viku, eina til eina og hálfa klukkustund í senn og segir æfingarnar fjölbreyttar.

„Við hlaupum töluvert,“ segir José. „Æfum sendingar og skot og gerum margar armbeygjur. Ég get gert miklu fleiri armbeygjur nú en í byrjun. Ég er líka orðinn miklu sterkari eftir að ég fór að spila fótbolta.“

José segist fyrst hafa fengið áhuga á fótbolta þegar hann var níu ára og bjó úti í Perú, en tvö og hálft ár eru liðin síðan hann flutti til Íslands. „Vinur minn í Perú dró mig með sér í fótbolta. Ég var ekkert sérstaklega góður en batnaði smám saman. Ég æfði mig líka oft einn.“

José segist ekki hvað síst sækja í fótboltann vegna góðs félagsskapar og hefur eignast góða félaga hjá Þrótti. „Það er rosalega gaman í fótboltanum,“ segir José. „Ég get spilað allar stöður en er bestur í vinstri bakverðinum. Mig langar að gerast atvinnumaður þegar ég er orðinn stór en átrúnaðargoðið mitt er Ronaldinho hjá fótboltaliðinu Barcelona.“

*roald@frettabladid.is*

## Báðir foreldrar fá ferðastyrk

AUKINN STUÐNINGUR VIÐ FORELDRA SJÚKRA BARNA

Breytingar hafa verið gerðar á reglugerð um ferðastyrki vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar barna í útlöndum, en nú kemur slíkur styrkur í hlut tveggja fylgdarmanna en ekki eins, eins og verið hefur í mörgum tilvikum.



Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kynnti þessar breytingar nýlega fyrir fulltrúum Sjónarhóls og Umhyggju, félags sem vinnur að bættum hag sjúkra barna og fjölskyldna þeirra.

Á árinu 2005 var greiddur ferðastyrkur og uppihaldskostnaður fyrir 55 börn sem fengu meðferð á erlendum sjúkrahúsum í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Greiddur var ferðastyrkur fyrir báða foreldra í 28 tilfellum, en með reglugerðarbreytingunni nú fá báðir foreldrar ferðastyrk og tvöfaldast þannig sá fjöldi foreldra sem nú nýtur styrkjanna.

Reglugerðin tekur þegar gildi.




**Kaffidrykkja** er góð í hófi. Of mikið kaffiþamb veldur skertum svefni, meltingarerfiðleikum, sveppasýkingum hjá konum og ýmsu öðru sem líkaminn er lítt hrifinn af.



# Samtal gerir fólki gott

***Höndin er heiti á alhliða mannúðar- og mannræktarsamtökum. Einn þeirra sem þangað hafa sótt sér hjálp er Bjarni Ólafsson flugvirki sem átt hefur við þunglyndi að etja.***

„Ég las annaðhvort í Morgunblaðinu eða Fréttablaðinu um þessi samtök. Þau voru þá nýlega stofnuð og ég setti mig strax í samband við manninn sem kom fram í greininni. Hann heitir Eyjólfur Magnússon Scheving og er kennari. Það er fyrir hans krafta sem Höndin komst á laggirnar,“ segir Bjarni um fyrstu kynni sín af Hendinni og lýsir starfseminni lítillega. „Höndin hjálpar fólki að tjá sig um sín vandamál, hvort sem það eru áföll, þunglyndi eða annað. Það hittist vikulega í klukkutíma og talar um sína líðan og það sem brennur á því hverju sinni. Þetta er í svipuðum anda og hjá AA þó ekki sé starfað eftir 12 spora kerfinu og þetta virkar vel,“ segir Bjarni. Hann kveðst hafa góða reynslu af þessu fyrirkomulagi. „Mér finnst þetta mjög þægilegt. Að geta komið og talað við annað fólk í svipuðum aðstæðum en geta þó verið öruggur um að ekki sé farið með málefni mín út í bæ. Þetta hefur hjálpað mér og ég hef séð að þetta hjálpar mörgum öðrum.“

Sjálfur hafði Bjarni verið þunglyndur nokkuð lengi áður en hann hafði samband við Höndina. „Þunglyndi er erfiður sjúkdómur. Það hefur áhrif á alla sem í kringum mann eru. Fjölskyldu, vini og aðra. Maður breytist og verður allt annar maður en áður. Reynir að komast hjá því að gera flest af því sem aðrir gera og heldur sig til hlés algerlega. Það er þó misjafnt hversu þungbært það er. Það koma góð tímabil inn á milli og ég nota líka lyf til að ná mér upp úr þessu,“ segir Bjarni og vonast til að þeir sem þetta lesi hafi samband við hann eða Eyjólf ef þeir hafi áhuga á að ganga í samtökin. „Það er svo erfitt að ná til fólks sem er í vanda,“ bendir hann á.

Ennþá eru vikulegu fundirnir í heimahúsi en meiningin er að fá húsnæði undir starfsemina þegar henni vex fiskur um hrygg, að sögn Bjarna.



„Málið er að það er svo erfitt að ná til fólks sem er í vanda,“ segir Bjarni og er tilbúinn að leiðbeina fólki um hvert það á að leita ef það vill kynnast Höndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hann vill eindregið benda fólki á málþing á vegum Handarinnar sem haldin eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar í Áskirkju. Eitt slíkt er í kvöld. Umræðuefnið er jákvætt sjálfstraust - leið til betra lífs og frummælendur eru Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar, og Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis. Á eftir verða frjálsar umræður. Fundurinn hefst kl. 20.30 og er áhugaverður fyrir alla, ekki síst uppalendur, kennara og annað fólk sem sinnir fólki. Að lokum er ástæða til að benda á heimasíðuna www.hondin.is.

# Fjólubláir tómatar hollari en rauðir?

***Ýmislegt bendir til að tómatar með fjólubláum dílum innihaldi fleiri næringarefni en þeir rauðu.***

Við fylkisháskólann í Oregon er nú verið að rannsaka hvort tómatar sem eru fjólubláir að lit séu hollari en önnur afbrigði tómatsins.

Skiptar skoðanir eru um meint heilvænleg áhrif tómatanna. Þeir sem styðja þá kenningu benda á að fjólubláu blettirnir innihaldi sömu litarefni og bláber, sem talin eru draga úr hættu á krabbameini og hjartasjúkdómum.

Óþarfi er að hafa af því nokkrar áhyggjur hvort nýju fjólubláu tómatarnir sé búnir til með erfðatækni, þar sem þeir vaxa villtir í Afríku.

Talið er að innan nokkurra ára verði nýju tómatarnir fáanlegir í öllum helstu matvöruverslunum, þannig að neytendur munu þá geta sannreynt kenninguna um hollustugildi þeirra.

Hvað svo sem kann að koma í ljós, er nokkuð víst að fjólubláu tómatarnir eiga eftir að vekja athygli.



Rauðir tómatar hafa hingað til þótt hreinasta lostæti. Líkur eru á að þeir fjólubláu verði teknir fram yfir þá í framtíðinni þar sem þeir gætu verið hollari.

*- rve*

# Meiri tími með börnunum

BANDARÍSKIR FORELDRAR VERJA MEIRI TÍMA MEÐ BÖRNUM SÍNUM EN ÁÐUR.

Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn sem framkvæmd var við háskólann í Maryland og sagt er frá á vef bandaríska sálfræðingafélagsins APA. Þar kemur í ljós að mæður eyða meiri tíma með börnum sínum en áður og þarf að fara allt til ársins 1960 til að finna sviðaðar tölur. Þá leiðir rannsóknin líka í ljós að feður virðast vinna helmingi meiri heimilistörf en þeir gerðu fyrir 40 árum.



Giftar mæður verja um 12,9 tímum á viku í að hugsa um börnin en árið 1965 vörðu þær um 10,6 tímum. Feður verja um 6,5 tímum á viku í barnastúss, en það er aukning um fjóra tíma frá 1960. Það sem kannski stendur upp úr í rannsókninni er að á þeim heimilum þar sem bæði foreldrar vinna jafn mikið úti þá verja mæður samt meira en helmingi meiri tíma í heimilisstörf og viðveru með barninu heldur en faðirinn.


Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu fyrirlestrar og námskeið hjá Maður lifandi

**07. nóv. Lífvirk náttúruefni í grænmeti og öðrum heilsujurtum sem styrkja ...**
Sigmundur Guðbjarnason prófessor

**08. nóv. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
Meistarakokkar Maður lifandi

**14. nóv. Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
Haraldur Magnússon osteópati

**15. nóv. Ævintýralíf**
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

**16. nóv. Hráfæði með Sollu - DESERTAR**
Sólveig Eiríksdóttir matarhönnuður

**Nánari uppl. á madurlifandi.is og í síma 585 8703**

**Hrein lífræn jógúrt!**




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio·Bú

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

**Baknuddnámskeið fyrir byrjendur**
Helgina 11. og 12. nóv. Frá kl. 10 - 14
- Ilmolíunudd með sérvöldum olíum
- Þrýstipunktanudd
- Svæðanudd

Upplýsingar á Heilsusetri Þórgunnu sími. 5521850-8969653
frá kl. 10.00-12.00 og 16.00-17.00 e-mail prema@mmedia.is
sjá einnig heilsusetur.is




SALT • KRYDDSALT • JURTASALT



**Námskeið**

Næring og jurtir fyrir breytingaskeyðið **13. nóvember**
*-Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir.*

Næring og jurtir fyrir öndunarkerfi **21. nóvember**
*-Ásdís Ragna Einarsdóttir, grasalæknir.*

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103



Þegar Fréttablaðið bar að garði í nýju sundlaug Heilsustofnunar NLFÍ var Ásdís Jónsdóttir frá Ströndum þar að leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fullkomin sundaðstaða

***Heilsustofnun NLFÍ opnaði fyrir stuttu nýja útilaug í Hveragerði.***

Bryndís Guðnadóttir, markaðsstjóri Heilsustofnunarinnar, telur að ávinningur nýju sundlaugarinnar sé mikill. „Sundlaugin er þjónustuauki fyrir fólk hjá okkur, meðal annars fólk í þjónustuíbúðum, til dæmis þegar verið er að kenna leikfimi í innilauginni,“ segir Bryndís ánægð.

Auk inni- og útisundlaugar hefur Heilsustofnun upp á að bjóða ýmiss konar böð, saunu, heita potta og fleira sem gerir það að verkum að þar er komin eftir því sem næst verður komist fullkomnasta aðstaða sem nokkurt fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum hefur upp á að bjóða.

Útilaugin er líka merkileg fyrir þær sakir að hún dýpkar ekki á lengd heldur á breidd, Slíkt gerir það að verkum að gestir geta valið að synda annaðhvort í djúpa eða grunna helmingnum. Útilaugin verður ekki notuð til beinna æfinga heldur er meira litið á hana sem valkost fyrir gesti í frítíma þeirra. Allir geta þó komið og nýtt sér laugina á venjulegum opnunartíma.

„Það væri voðalega leiðinlegt að loka sundlauginni eingöngu fyrir dvalargesti og þó að þeir séu mjög duglegir að nýta sér aðstöðuna þá er það farið að færast í aukana að aðrir komi hingað við.“

Eins og áður segir er sundlaugin samt aðallega hugsuð fyrir dvalargesti Heilsustofnunar en Bryndís fagnar auðvitað því að íbúar Hveragerðis og aðrir vilji nýta sér þessa frábæru aðstöðu. „Fyrst og fremst erum við að auka þjónustuna,“ segir Bryndís glaðlynd að lokum. *- sha*



Þrír heitir pottar eru við nýju sundlaugina og eru þeir allir afar girnilegir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslenskur prófessor heiðraður

***Synoptik fonden veitti Einari Stefánssyni prófessor heiðursviðurkenningu 5. nóvember síðastliðinn.***

Stofnunin veitir árlega verðlaun þeim sem skarað hafa fram úr á sviði augnrannsókna í okkar heimshluta. Að þessu sinni varð Einar fyrir valinu og samfara því var haldin ráðstefna honum til heiðurs.

Einar er yfirlæknir og prófessor í augnlækningum við læknadeild Háskóla Íslands. Hann hefur undanfarin ár unnið mikið frumkvöðlastarf í rannsóknum sem lúta að súrefnismælingum í augnbotnum og smíði tækja til slíkra



Einar Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mælinga og fyrir þessi störf hlýtur hann viðurkenningu sína.

Einar er orðinn eftirsóttur gestafyrirlesari á alþjóðlegum ráðstefnum sérfræðinga í augnlækningum, auk þess sem hann situr í stjórn samtaka norrænna augnlækna og ritstýrir vísindatímaritinu Acta Ophthalmologica Scandinavica. *- tg*

# Ójafnvægi í heilastarfsemi orsök vöggudauða?

VÍSINDARANNSÓKN BENDIR TIL AÐ VANGETA TIL AÐ NÝTA SERÓTÓNÍN GETI ORSAKAÐ ÓTÍMABÆRAN DAUÐA UNGBARNA.

Bandarískir vísindamenn segjast hafa komist einu skrefi nær því að finna orsökina fyrir vöggudauða en vöggudauði er samheiti yfir það þegar kornabörn deyja skyndilega og að því er virðist á óútskýranlegan hátt.

Talið er að frávik í heilastarfsemi í þeim stöðvum heilans sem hafa með öndun og hitastjórnun að gera geti valdið því að börn hætti skyndilega að anda. Vísindamennirnir byggðu á rannsókn þar sem líkum var leitt að því að galli í heila barnanna sem dóu vöggudauða gerði þau viðkvæmari fyrir utanaðkomandi þáttum eins og sýkingum og ofhitnun.

Ástæðan er talin vera sú að vegna þessara frávika geti þessi börn ekki nýtt sér heilaboðefnið serótónín. Samanburður var gerður á heilum barna sem höfðu dáið vöggudauða og barna sem höfðu dáið af öðrum orsökum og kom í ljós að þau börn sem höfðu dáið vöggudauða voru ekki með nægilega marga móttakara fyrir serótónín í heilanum.

Þessar niðurstöður benda til þess að vöggudauði sé ekki tilviljanakenndur og ástæðulaus heldur eigi sér orsakir sem vonandi verður hægt að greina í tíma svo hægt verði að koma í veg fyrir slík atvik. Það er þó hæpið að mati sérfræðinga að einhver ein ástæða sé fyrir óútskýranlegum dauða kornabarna í vöggu.



Vonandi tekst vísindamönnum að finna ráð til að koma í veg fyrir vöggudauða.



Með nýju tæki má þurrka lús úr hárinu.

# Hárlýs mæta skaparanum

***Nýtt tæki sem útrýmir hárlús verður líklega markaðssett eftir tvö ár.***

Ákveðnar meðferðir virðast ekki lengur hrífa á lýs. Með nýju tæki sem líkist hárþurrku virðist bót hafa verið ráðin á vandanum, en það eyðir lúsanitum á mettíma.

Rannsóknir sýna að á aðeins hálftíma útrýmir tækið, sem kallast lúsabaninn, lúsunum með því að þurrka þær upp. Nú er verið að þróa tækið svo hægt sé að markaðssetja það innan næstu tveggja ára. Til að tækið virki sem best er nauðsynlegt að beina því sem næst hárrótinni.

Höfuðlýs eru algengur kvilli, en allt að þrjár milljónir Breta smitast árlega af þessum sníkjudýrum. Þess eru dæmi að lúsafaraldur gangi, stundum ítrekað, yfir leik- og barnaskóla.

Lýs berast með snertingu, til dæmis við höfuðsnertingu tveggja einstaklinga. Þær sjúga í sig blóð og líkur eru á að sýking hlaupi í bitin klóri hýsillinn sér ítrekað í þau.

Hingað til hafa sérstök sjampó gagnast í baráttunni við lýs, en mótstaða þeirra gegn þeim hefur smám saman vaxið á síðustu árum. Því eru miklar vonir bundnar við téðan lúsabana. *- rve*







**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið





















## Persona.is

SÓLEY JÖKULRÓS EINARSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Orðin á bak við líðan þína

„Ég er leiðinlegur," hugsar maðurinn eftir að hafa hringt í kunningja sinn sem var þurr á manninn í símanum. Daginn út og inn gerum við athugasemdir við okkar eigin hegðun með sjálfvirkum hugsunum en erum yfirleitt ómeðvituð um það, ólíkt því sem gengur og gerist með hefðbundnar hugsanir. Þegar fólk er niðurdregið eru þessar athugasemdir fremur neikvæðar og niðrandi.

Sjálfvirkar hugsanir geta auk orða, verið í formi minninga eða hugarsýna þar sem við sjáum fyrir okkur atburði. Áðurnefndur maður, sem við köllum Birgi, gæti séð kunningja sinn fyrir sér þar sem hann ranghvolfir augunum meðan á símtalinu stendur eða minnist símtalsins næst þegar hann hittir kunningjann og hugsar að sá hafi sjálfsagt engan áhuga á að umgangast hann.

En hvaða áhrif hefur þessi neikvæða sjálfvirka hugsun á okkur? Einn af eiginleikum hennar er sá að henni er tekið sem endanlegum sannleika þótt kannski sé ekki vottur af sannleika í henni að finna. Orð hafa mátt, sérstaklega þegar þau eru síendurtekin líkt og viðkomandi hlustaði á þau í heyrnartólum allan daginn.
Í þessu samhengi má nefna dæmisöguna um froskahlaupið. Dag einn ákváðu froskar að fara í víðavangshlaup. Þegar töluvert var liðið á hlaupið fór hvatningarhrópum áhorfenda að fækka því að þeir vildu komast heim. Þeir fóru meira að segja að skjóta því að hlaupurunum að fara nú að hætta þessu, þeir kæmust hvort sem er ekkert á leiðarenda; betra væri að gefast upp núna og hvíla sig frekar heima í sófa. Hlaupararnir tíndust brátt hver á fætur öðrum úr hlaupinu og lágu eins og hráviði út um allar götur. Þó var einn sem lét þetta ekki á sig fá og kepptist við að halda hraðanum. Að lokum varð einn eftir og komst að markinu. Áhorfendur furðuðu sig á seiglunni í hlauparanum og fóru að grafast fyrir um hvernig í ósköpunum hann fór að þessu. Þeir komust loks að því að hann hefði slæma heyrn og heyrði því ekki neikvæð hróp áhorfendanna.

Sjálfvirka hugsunin hefur áhrif á líðan okkar. Birgir slær því föstu að ástæðan fyrir viðmóti kunningjans sé sú að hann sjálfur sé leiðinlegur og líklegast líður honum ekkert sérlega vel eftir að hafa minnt sjálfan sig á það. Nú er ekkert víst hvort hann hafi sjálfur tekið eftir því að hafa hugsað þetta en hann finnur sterklega fyrir vanlíðaninni þegar hann leggur frá sér tólið.
En hvaðan kemur þessi hugsunarháttur? Það eru ekki atburðirnir sem hafa áhrif á líðan okkar heldur hugsunin sem sprettur upp þegar þeir gerast. Hugsunin veltur á þeirri reynslu sem við höfum orðið fyrir í lífinu og hefur svo áhrif á viðbrögð okkar. Þess vegna er það staðreynd að fólk bregst mismunandi við sama atvikinu af því að við höfum mismunandi reynslu í farteskinu. Meðan einn bregst við gagnrýni með reiði getur annar verið niðurbrotinn en sá þriðji þakklátur fyrir ábendinguna. Einnig getur sami maðurinn verið misvel upplagður og því sýnt mismunandi viðbrögð við samskonar aðstæður.

Það sem hér hefur verið sagt um sjálfvirkar hugsanir er byggt á hugræna líkaninu um andlegt ástand fólks. Þar er gert ráð fyrir að hugsunin ráði líðan. Í hugrænni atferlismeðferð er þar af leiðandi lögð áhersla á að endurskoða hugsunina, skora hana á hólm, til að bæta líðanina. Því lengur sem við látum þessar neikvæðu hugsanir viðgangast, því meira festast þær í sessi.

Ef Birgir endurskoðaði hugsun sína gæti hann t.d. athugað sannleiksgildi hennar, er hann í raun og veru leiðinlegur? Rökin með því eru jú þau að kunninginn var ekkert sérlega spenntur að heyra í honum. Birgir hefði hins vegar einnig getað fundið mótrök: Hann var í karlaklúbbi þar sem hann var vel liðinn og honum hafði líka einu sinni tekist að fá Sigríði frænku til að hlæja og það má nú heldur betur kallast góður mælikvarði á skemmtilegheit. Hann hefði einnig reynt að finna aðrar hugsanlegar ástæður fyrir viðmóti kunningjans: Kannski var hann þreyttur eftir daginn og lá hálfsofandi uppi í sófa þegar Birgir hringdi. Ef hugsunin er hins vegar rétt og kunningjanum finnst Birgir bara ekki skemmtilegur maður þá getur Birgir spurt sig hvort hægt sé að láta öllum líka við mann. Það hafa bara ekki allir sama smekk, þótt einum þykir súkkulaðiís ekki góður þá er ekki þar með sagt að súkkulaðiís sé vondur! Líklegast hefði Birgir ekki orðið eins niðurdreginn ef hann hefði endurskoðað hugsun sína um leið og hún skaut upp kollinum.

Næst þegar þú finnur fyrir neikvæðum breytingum á skapi þínu getur þú prófað að spyrja sjálfa/n þig hvað þú hafir verið að hugsa, séð fyrir þér og í framhaldi, skorað hugsunina á hólm. Vegna þess að sjálfvirkar hugsanir eru ekki eins meðvitaðar og þessar hefðbundnu getur oft reynst erfitt að þjálfa sig í að taka eftir þeim og vegna þess hve fastmótaðar þær geta verið reynist stundum erfitt að efast um sannleiksgildið. Það er þó aldrei of seint fyrir þig að grípa inn í þróunina og fara að tala eins vel til sjálfs þín og þú vilt að aðrir geri.

# Ipod geta skert heyrn

***iPod og aðrir MP3-spilarar með heyrnartólum geta stuðlað að alvarlegum og viðvarandi heyrnarskemmdum samkvæmt nýlegum bandarískum rannsóknum.***


Röng notkun á iPod og MP3-spilurum getur valdið viðvarandi heyrnarskemmdum.

Sérfræðingar í Bandaríkjunum, Bretlandi og Noregi leggja til að viðvörun fylgi með öllum iPod og MP3-spilurum. Heyrnarhjálp, landssamtök heyrnarskertra á Íslandi, taka í sama streng. Röng notkun á iPod og öðrum MP3-spilurum getur haft skaðleg áhrif á heyrnina og jafnvel valdið viðvarandi heyrnarskemmdum og eyrnasuði. Þetta kemur fram í nýlegri athugun sem var gerð við Northwestern-háskólann í Chicago.

Ástæðan er talin vera ný tegund heyrnartóla sem falla betur inn í hlustina en eldri gerðir og af of háu hljóði í of langan tíma í senn. Viðvarandi eyrnasuð er alltaf að aukast. Tölur frá landssamtökum heyrnarskertra í Noregi segja um 20.000 landsmanna þjáist af viðvarandi eyrnasuði og þar á meðal margt ungt fólk. Engar tölur liggja fyrir á Íslandi enn sem komið er.

Málfríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar, segir nýjustu gerð heyrnartóla liggja í loftþéttu rúmi þar sem hljóðið fer beint inn í eyrað og slík hljóð reyna meira á eyrað en þau sem koma úr fjarlægð. IPod og flestir aðrir MP3-spilarar spila yfir 100 desibila hávaða og margir erlendir sérfræðingar vilja meina að framleiðendur spilaranna ættu aðeins að leyfa hámark 80-85 desibil.

„Þrátt fyrir að þú hafir stáleyru er hætta á heyrnarskemmdum ef þú notar heyrnartól á hærra en 90 desibilum í átta tíma á dag," segir Brenda Lonsbury-Martin hjá bandarísku samtökunum Speech-Language-Hearing Association. Í sama streng tekur prófessor Dean Garstecki við Northwestern-háskólann sem bendir á annað vandamál. „Margir reyna að nota spilarana til að yfirgnæfa annan hávaða og þá er oft þörf á að hækka svo hátt að skaði hlýst af," segir Garstecki í samtali við Washington Post.

Málfríður segist hafa áhyggjur af ungu fólki sem notar spilarana og er sammála tillögum erlendra sérfræðinga um lægri hámarkshljóðstyrk og skilmerkilegri aðvörun á spilurunum. „Ef þú hefur einu sinni farið yfir strikið og skaðað heyrnina minkar þolið, og í sumum tilfellum er ekki aftur snúið," segir Málfríður. Flestir sérfræðinganna eru þó á sama máli um að almenningur þurfi að taka ábyrgð á eigin heyrn og láta ekki bjóða sér upp á hávaða sem reynist óþægilegur og nota iPod og MP3-spilarana af ábyrgð.

*rh@frettabladid.is*

*Heimildir og nánari upplýsingar: Heyrnarhjálp, landsamtök heyrnarskertra www.heyrnarhjalp.is, Landlæknisembættið www.landlaeknir.is, Landssamtök heyrnarskertra í Noregi www.hlf.no*

## Góð ráð til að vernda heyrnina:

**Notaðu heyrnartappa með hljóðsíu við notkun á iPod og öðrum MP3-spilurum, fáðu ráðleggingu fagfólks.**
**Ekki láta bjóða þér upp á hljóð og hávaða sem er óþægilegur.**
**Leyfðu eyrunum að hvílast, til dæmis eftir háværa tónleika.**
**Ekki standa beint fyrir framan hátalara, hvorki á tónleikum né skemmtistöðum.**
**Notaðu heyrnahlífar og eyrnatappa í viðvarandi hávaða. Tapparnir fást meðal annars hjá Heyrnarhjálp og í öllum apótekum.**
**Notaðu 60/60 regluna með iPod og MP3-spilara. Ekki hærra en 60% hljóðstyrk, og aldrei meir en 60 mínútur í senn.**



Tengsl eru talin vera á milli testósteróns og jafnvægisskyns.

# Áhrif testósteróns á jafnvægi

***Nýlegar rannsóknir sýna fram á tengsl milli testósteróns og jafnvægiskyns.***

Líkurnar á því að karlar frá aldrinum 65 ára og upp úr hrasi eða detti, eru taldar aukast eftir því sem testósterónmagn í líkama þeirra minnkar.

Verið getur að lágt hlutfall testósteróns hafi áhrif á sjón, hugsun og samhæfingu, að því er fram kemur í skýrslu frá Oregon Health & Science University í Portland.

Úrtak rannsóknarinnar voru 2.587 karlar á aldrinum 65-99 ára, en hún hófst árið 2000 og lauk henni í nóvember á síðasta ári. Testósterón-magn karlanna var skoðað, sömuleiðis hand- og fótastyrkur og jafnvægisskynjun. Á fjögurra mánaða fresti voru karlarnir spurðir hvort þeir hefðu dottið.

56 karlanna sögðust hafa dottið að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu, sumir nokkrum sinnum. Svo virtist sem karlar með lágt testósterónmagn væru allt að fjörutíu prósent líklegri til að detta en þeir með hátt magn.

Einnig kemur fram að karlar virðast í síauknum mæli sækja í hormónameðferð, svipaðri þeirri og konur hafa gert um árabil, til að endurheimta líkamlegan styrk og andlega getu. Þeir sem fengið hafa testósterón-sprautur töldu sig finna fyrir auknum vöðvamassa og líkamlegri getu. *- rve*



Ronald Reagan var einn fjölmargra sem þjáðist af Alzheimer.

# Alzheimer í hundrað ár

***3. nóvember síðastliðinn voru 100 ár liðin frá því Alzheimer-sjúkdómnum var fyrst lýst.***

Sjúkdómurinn er að sjálfsögðu mun eldri, en árið 1901 greindi þýski geðlæknirinn dr. Alois Alzheimer 51 árs konu með sjúkdóminn. Hann hóf að rannsaka einkennin og 3. nóvember árið 1906 lagði hann fram opinbera lýsingu á þeim fyrir 37. sálfræðiráðstefnu geðlækna í Suðvestur-Þýskalandi.

Alzheimer er einn af fjölmörgum heilabilunarsjúkdómum sem í auknum mæli hrjá Vesturlandabúa. Með hækkandi meðalaldri hefur læknasamfélagið beint sjónum sínum æ meira að þessum sjúkdómum enda er talið að þeir leggist á meirihluta þeirra sem ná meðalaldri. *- tg*

# Fræðsla um kynþroska og kynlíf

***KYNLÍF er nýtt námsefni frá Námsgagnastofnun um kynþroskann og kynlíf ætlað unglingum á aldrinum 12 til 15 ára.***

Í þessu námsefni eru farnar óvenjulegar leiðir og mælst er til að foreldrar kynni sér efnið. Foreldrar eru ennfremur hvattir til að nýta tækifærið og ræða um kynþroskann við unglinginn sinn á hispurslausan hátt. Í námsefninu Kynlíf er fjallað um þær breytingar sem verða í lífi unglinga við kynþroska, sálrænar, félagslega og líkamlegar. Sérstök áhersla er lögð á jákvæða sjálfsmynd unglingsins, að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og kynheilbrigði.

Einnig er unnið markvisst að því að efla sjálfstæða hugsun og ábyrgð og hvetja til gagnrýninnar umræðu um óæskileg áhrif frá umhverfinu varðandi kynferðismál.

Mikil áhersla er lögð á að kynþroskinn sé spennandi og skemmtilegur tími sem býður upp á nýjar og magnaðar tilfinningar. Flóknari hugsun og að sjálfsögðu nýjar hvatir og nautnir.

Heftið er í formi tímarits sem heitir KYNLÍF. Tímaritið er myndrænt og aðgengilegt og fullt af alls kyns greinum og fróðleiksmolum. Mælt er með að nemendur fái tímaritið til eignar enda er litið svo á að það sem þar er skoðað og skrifað sé einkamál hvers og eins. Allar nánari upplýsingar um námsefnið og kennsluleiðbeiningar er að finna á heimasíðu Námsgagnastofnunar: www.namsgagnastofnun.is.



KYNLÍF er heiti á nýju tímariti frá Námsgagnastofnun sem er fræðsluefni fyrir unglinga um kynþroska og kynlíf.




YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 588 57 11 og 694 61 03
YOGA YOGA YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar, slökun og hugleiðsla.
Morgun-, hádegis-, síðdegis- og kvöldtímar.
Sértímar fyrir byrjendur og barnshafandi konur.
www.yogaheilsa.is
NÝTT! Astanga yoga



Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi





Svefn & heilsa
www.svefn.is



- Næring og hollusta -





NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
HARÐFISKUR - BITAFISKUR
GÆÐAFISKUR
TÍU-ELLEFU • HAGKAUP • SKELJUNGSBÚÐIRNAR



allt heimili
Alla fimmtudaga




Karen Malmquist hvetur fleiri fullorðna til að ganga til liðs við Garpana. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Garpar í lauginni

***Garpasund eða Masters eins og það nefnist erlendis, hófst á Íslandi árið 1986. Þetta er félagsskapur karla og kvenna 25 ára og eldri sem æfa sund reglulega sér til heilsubótar og taka þátt í mótum bæði heima og erlendis.***

Formaður Garpanefndar Sundsambands Ísland, Karen Malmquist, æfir þrisvar í viku með sundfélaginu Óðni á Akureyri og henni líður best í lauginni.

„Þessi hefð kom til Íslands með þýskum sundþjálfara, Wolfgang Frosta Sahr, þegar hann flutti til landsins fyrir um tuttugu árum. Hann stuðlaði að því að nýyrðið Garpasund kom til og síðan 1994 hafa garpar æft markvisst sund á Íslandi,“ segir Karen.

Hjá Garpaflokki Óðins eru um tuttugu meðlimir, en flest sundfélög landsins hafa sinn eigin garpaflokk og eru meðlimir á Íslandi um 200 talsins. Karen uppgötvaði garpasundið þegar hún var um þrítug og segir það vera eina bestu heilsurækt sem völ er á. „Það er nauðsynlegt að hreyfa sig og þegar maður hefur verið í innivinnu allan daginn eru ekki allir sem vilja hamast inni með öðrum sveittum einstaklingum,“ segir Karen og heldur áfram. „Sundið er tilvalið fyrir fullorðið fólk því það er lítil sem engin hætta á álagsmeiðslum því vatnið heldur svo vel við líkamann.“

Karen segir sjálf að sundið hafi bjargað heilsu sinni. „Ég er með hálfónýtt bak og væri sennilega komin í hjólastól ef ég hefði ekki synt markvisst,“ segir Karen.

Mörg garpafélög á landinu bjóða upp á skriðsundnámskeið fyrir fullorðna og hvetja fleiri til að byrja að æfa sund reglulega. „Ég kunni ekkert nema pínu skólabringusund þegar ég byrjaði. Maður er ekki nema mánuð að læra gott skriðsund og eftir það eru garparnir með þjálfara þar sem hægt er að synda undir leiðsögn,“ segir Karen og leggur áherslu á að Garparnir séu ekki afreksfólk heldur sé markmiðið að synda sér til heilsubótar og vera í góðum félagsskap. „Auk þess að synda hittumst við reglulega með og án barna, í brunch og grill og viljum endilega fá fleiri í þennan góða félagsskap,“ segir Karen brosandi. En þrátt fyrir að keppni sé ekki aðalatriðið er Íslandsmeistaramót Garpanna haldið árlega og nýverið tóku íslenskir Garpar þátt í Norðurlandameistaramóti í Danmörku sem gekk vonum framar. „Samstarf íslensku Garpanna er mjög gott og það er fyrst og fremst skemmtilegt að hittast á mótum. Félagsskapurinn og heilsuræktin er aðalatriðið,“ segir Karen.

Sundið er stórkostleg fjölskylduíþrótt og Karen segir að fjölskyldan sé nánast öll á kafi í sundinu. Sundið er með ódýrari íþróttum sem hægt er að stunda og Garparnir æfa úti allan ársins hring. Skriðsundnámskeið eru í sundlaug Akureyrar, en á höfuðborgarsvæðinu hafa námskeið verið í boði á vegum World Class í Laugardal og hjá nokkrum sundfélögum og sundlaugum. Á heimasíðu Sundsambands Íslands eru aðildarfélögin sem mörg bjóða upp á skriðsundnámskeið og Garpastarf.

Nánari upplýsingar: Sundlaugar Reykjavíkur www.itr.is, Sundsamband Íslands www.sundsamband.is, Sundfélagið Óðinn á Akureyri www.odinn.is.

*rh@frettabladid.is*



Bandarísk ungmenni innbyrða mikið magn orkudrykkja.

# Skaðsemi orkudrykkja

***Næringarfræðingar hafa áhyggjur af óhóflegri neyslu orkudrykkja.***

Sala orkudrykkja í Bandaríkjunum jókst mikið á síðasta ári, eða um 80%, en álitið er að bransinn velti árlega allt að 3,4 milljörðum dala. Samkvæmt rannsókn drekkur 31% bandarískra ungmenna orkudrykki, sem samsvarar 7,6 milljónum unglinga, og sýnir rannsóknin þriggja milljóna dala aukningu á einu ári.

Næringarfræðingar segja töluverðar líkur á að ungmennin ánetjist drykkjum sem innihaldi koffín. Að auki innihaldi sumir drykkjanna B-vítamín sem valdið geti örum hjartslætti og náladoða í höndum og fótum sé það drukkið í óhófi.

Næringarfræðingarnir hafa þó mestar áhyggjur af því hvernig orkudrykkjanna er neytt. Ungmennin virðast sum hver innbyrða drykkina til að halda sér vakandi, til að finna fyrir örvunaráhrifum og blanda þeim jafnvel saman við áfengi. Þess eru dæmi að þau hafi í kjölfarið þurft á læknishjálp að halda.

Þess má jafnframt geta að til stendur að selja suma orkudrykkina í stærri umbúðum, sem þýðir að magn koffíns og annarra ánetjandi efna mun aukast í samræmi við það.

*- rve*

# Vesturlandabúar lauslátari

Í RANNSÓKN FRÁ LUNDÚNAHÁSKÓLA KEMUR FRAM AÐ FJÖLDI REKKJUNAUTA HEFUR MINNI ÁHRIF Á TÍÐNI KYNSJÚKDÓMA EN FÁTÆKT OG JAFNRÉTTI.



Einkvæni er langalgengasta hjúskaparformið um víða veröld.

Vesturlandabúar eiga flestir fleiri rekkjunauta en fólk í þróunarlöndunum, samkvæmt rannsókn sem Lundúnaháskóli stóð fyrir. Gögnum var safnað frá fimmtíu og níu löndum og kom í ljós að einkvæni er algengasta hjúskaparformið í heiminum en fleiri rekkjunautar tíðkast í ríkum löndum en fátækum.

Í rannsókninni kom einnig fram að unglingar byrja ekki jafn snemma að stunda kynlíf og talið hefur verið. Bæði kynin byrja að stunda kynlíf á aldrinum fimmtán til nítján ára, karlar aðeins fyrr en konur. Tíðni kynsjúkdóma er samt hærri í þróunarlöndunum og telja höfundar skýrslunnar að þættir eins og fátækt og staða jafnréttismála hafi meiri áhrif á tíðni kynsjúkdóma og útbreiðslu þeirra en fjöldi rekkjunauta.

Meðalfjöldi rekkjunauta er sextán og hálfur á hvern breskan karlmann og sautján og hálfur á hverja breska konu.



Reykingar geta dregið úr árangri krabbameinsmeðferðar.

# Bregðast betur við rödd en brunaboða

***Börn virðast frekar vakna við raddir mæðra sinna en hávaða í brunaboða.***



Nýleg rannsókn við Columbusskóla í Ohio, Bandaríkjunum, leiddi í ljós að meirihluti barna vaknaði ekki við brunaboða en fór samstundis á fætur þegar þau heyrðu upptöku með röddum mæðra sinna.

Rannsóknin var gerð á 24 börnum á aldrinum 6-12 ára. 23 barnanna vöknuðu þegar upptaka með röddum mæðranna var leikin, sem hvatti þau ákaft til að koma sér út úr húsinu vegna eldsvoða. Fjórtán barnanna vöknuðu einnig við brunaboðann. Eitt barnið vaknaði í hvorugu tilvikinu. Það tók börnin ekki nema tuttugu sekúndur að vakna upp við raddir mæðra sinna, á meðan þau voru heilar þrjár mínútur að vakna við hávaðann frá brunaboðanum. Upptakan og brunaboðinn voru fjórum sinnum háværari en almennt tíðkast með brunaboða.

Rannsakendur velta nú vöngum yfir því af hverju börnin virðast bregðast betur við mannarödd um en brunaboðum; hvort nafnaköll ráði þar úrslitum, raddir mæðranna eða hljóðtíðnin, en upptaka með röddunum var leikin á lægri tíðni en brunaboðinn.

Talið er að 3.389 Bandaríkjamenn hafi látið lífið af völdum bruna á síðasta ári, en fjórtán prósent þeirra voru yngri en tíu ára. Brunaboðar voru ekki við hönd í 42 prósentum tilfella og í 21 prósentum tilfella virkuðu þeir ekki.

*- rve*

# Reykingar valda aukaverkunum

***Niðurstöður rannsóknar krabbameinsstofnunarinnar Fox Chase benda til þess að reykingar auki líkur á aukaverkunum samfara geislameðferð.***

Niðurstöðurnar byggja á tölfræði fenginni frá 1.194 sjúklingum sem undirgengust geislameðferð vegna blöðruhálskrabbameins. Rannsóknin fór fram á árunum 1991 til 2001 og voru bæði reykingamenn, fyrrverandi reykingamenn og þeir sem aldrei höfðu reykt hafðir með í rannsókninni. „Þeir sem reyktu voru mun líklegri til að fá iðrafylgikvilla eins og alvarlegan niðurgang og iðraverki,“ segir í fréttatilkynningu frá stofnuninni.

Margt bendir til þess að reykingar dragi úr árangri þeirra krabbameinsmeðferða sem beitt er í dag. Reykingar til langs tíma virtust þó hafa lítil áhrif á árangur geislameðferðarinnar í tilviki blöðruhálskrabbans.

*- tg*



Svo virðist sem ranghugmyndirnar séu eins alls staðar.

## Sömu ranghugmyndir um kynlíf

RANNSÓKN BENDIR TIL ÞESS AÐ HÖMLUR Á OPINSKÁRRI UMRÆÐU EIGI STÓRAN ÞÁTT Í ÁBYRGÐARLEYSI Í KYNLÍFI UNGS FÓLKS.

Svo virðist sem sömu félagslegu þættirnir hafi áhrif á kynhegðun fólks allt frá syðsta oddi Afríku til Skandinavíu. Einn helsti þátturinn er hömlur á umræðu um kynlíf á opinskáan hátt, auk misræmis í fræðslu og félagslegum þrýstingi á kynhegðun.

Nokkur fleiri dæmi eru tekin í rannsókninni um þætti sem virðast hafa áhrif á ungt fólk í flestum löndum. Stúlkum finnst meðal annars að beri þær smokk á sér leggi þær mannorð sitt í hættu. Strákar eiga að stunda kynlíf hvenær sem það býðst og skiptir þá engu máli hvort þeir séu með smokk á sér eða ekki.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að flestir gera þau mistök að dæma út frá útliti og persónuleika hvort manneskja geti verið HIV smituð eða ekki. Ef fólk þekkist vel eða manneskja er falleg og snyrtileg telja flestir að hætta á smiti sé lítil og þá skiptir smokkurinn litlu máli.

*- tg*



Galah cockatoo páfagaukastelpa til sölu. Handmötuð og mikill karakter. Uppl. í s. 863 0837 eða 845 1865.

## Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Studioíbúðir í Hafnarfirði til leigu. S. 540 9700.

Til leigu 2 herb. íbúð við Laugav. Sérinng. Vinsaml. sendið uppl. á kristrun@ismennt.is

3. herb. 107 m2 íbúð með inni bílastæði í Álfkonuhvarfi til leigu. Íbúðin er laus. Verðhugmynd 130.000. Sími 840 5735.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð í Hafnarfirði. Uppl í s. 899 5879.

Ungan skilvísan reglumann með meðmæli vantar ca 60-80 fm íbúð frá 1. des. nk. Uppl. í s. 846 2300.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð, miðsvæðis. Greiðslugeta 80-100þ. á mán. Uppl. í s. 698 4048.

Ungt par með 2 börn óska eftir 3-4 herb. íbúð í Hfj. Erum reyklaus og skilvísum greiðslum er heitið. S. 899 0356.

## Atvinnuhúsnæði

250 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Funahöfða. Stór innkeyrsluhurð og hátt til lofts. Uppl. í s. 699 5880.

## Geymsluhúsnæði







**Hjól - og fellihýsi og húsbílar.**
Upphitað húsnæði á Eyrarbakka. Síðustu plássin. Geymsla Eitt ehf. S. 564 6500.

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í Neðra- Breiðholti ca. 25 fm. Upplýsingar í síma 899 6263. (Kristín)

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsmaður óskast á sólbaðstofuna Smart ehf., Grensásvegi 7. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Hrafnista Reykjavík- Umönnun**
**Stafsfólk óskast í aðhlynningu.**
**Starf 1: 8-16 virka daga**
**Starf 2: Morgun-kvöld og helgarvaktir.**
**Starf 3: 4ra tíma síðdegisvaktir. Upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magnea@hrafnista.is**

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki?**
**Kringlukránni vantar fólk til þjónustustarfa í sal. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 20 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Upplýsingar um starfið veitir Sophus í s. 893 2323.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**




**Leikskólinn Vinaminni**
**Laus er til umsóknar staða matráðar í leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10 111 Reykjavík. Um er að ræða 100% stöðu. Í leikskólanum Vinaminni leggjum við áherslu á hollan og næringarríkan mat með miklu grænmeti. Nánari upplýsingar er að fá hjá Sólveigu leikskólastjóri í síma 861 8055 eða 587 0977**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 12-17.30. Gæti hentað eldri konu. Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093.**

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut**
**Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga frá kl. 13 - 18.30 og 1 dag aðra hvora helgi. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 553 5280 & 894 7407.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Bortækni störf í boði - Sögun, borun og fleira.**
**Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar í síma 693 7701 & 892 7544.**

**Veislulist Skútan.**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253**

**Vantar þig vinnu?**
Okkur vantar hresst fólk í eldhús og sal. fullt starf eða hlutastarf, Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 eða 692 4310 Výtas.

**Starfsfólk óskast**
**Við leitum að ábyggilegu íslenskumælandi fólki til afgreiðslustarfa. Annars vegar í bakarí hálfan daginn og hinsvegar í söluturn frá 9-17. Ekki yngri en 25 ára. Uppl. í s. 899 8212.**

**Aðstoðarverslunarstjóri**
**Óskum eftir að ráða aðstoðarverslunarstjóra á Subway Hringbraut, um er að ræða dagvinnu, 80% starf. Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, eiga gott með að vinna með öðrum og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Nánari upplýsingar veitir Eygló í síma 530 7000. Hægt er að sækja um á staðnum og á subway.is**

**Leikskólinn Laugaborg**
**Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa sem fyrst, við leikskólann Laugaborg við Laugalæk. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 553 1325 eða 693 9808.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13 og 08.00 - 16.00. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa í bakaríum okkar. Vinnutími er frá kl 13-18.30 daglega. Helgarvinna kemur einnig til greina. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Hvar í veröldinni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Lítið hótel í Reykjavík leitar eftir fólki í þrif á morgnana. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá til alfa@hotelvik.is eða í s. 588 5588.

**Bílstjóri á norðurlöndum**
Bílstjóra vantar til keyrslu á nýjum trukkum á Norðurlöndum ásamt fólki í planingu. Fagmannleg framkoma, og enska og/eða skandinavíska skilyrði. Áhugasamir hringi eða sendi sms á íslensku í +49 171 955 2811 eða sendið póst á info@miracas.net. Verðum með viðtöl 10.-14. nóvember í Reykjavík og á Akureyri.

Yfirvélstjóra, stýrimann og háseta vantar á netabát frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 845 1546.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

## Atvinna óskast

Ég veit að það vantar mörgum hjálp við jólahreingerningarnar og eða það sem leggst til. Með gleði í mínu hjarta mun ég með ánægju leggja mitt af mörkum, er hörkudugleg, ábyggileg og heiðarleg. Uppl. í s. 557 2227 & 869 0819.

Maður með fjölbreytta reynslu óskar eftir atvinnu. Vanur að vinna sjálfsstætt. S. 897 7490.

## FUNDIR

**Hluthafafundur verður haldinn hjá Internet á Íslandi hf. þriðjudaginn**
14. nóvember 2006 í Tæknigarði Dunhaga 5, 107 Reykjavík, kl. 16:00.

Dagskrá
1. Kosning nýrrar stjórnar.
2. Önnur mál.

**Stjórnin**

**Fundarboð**

**Á að malbika Laugardalinn?**

Íbúasamtök Laugardals (ÍL) boða til aðalfundar í safnaðarheimili Áskirkju mánudaginn 13. nóvember kl. 20.00
**Dagskrá:**
(1) Venjuleg aðalfundarstörf. Gerð verður örstutt grein fyrir stöðu Sundabrautar og viðbrögðum íbúa við skipulagi Höfðatúnsreits.

(2) Erindi um framtíð Laugardals. Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, og Kristín Þorleifsdóttir, formaður umhverfis- og útivistarnefndar ÍL.

Stjórn ÍL (www.laugardalur.com)

Tillaga stjórnar að lagabreytingum eru kynntar á www.laugardalur.com.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Ég tapaði mjög verðmætum gleraugum í svörtu ílöngu boxi. Fundarlaun. Uppl. í s. 697 3620 & 849 2255.

**Saab bíllyklar**
Svartir Saab bíllyklar glataðir. Finnandi vinsamlegast hafi samband í s. 898 5119. Fundarlaun.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

SPJALL
SÖGUR OG DEIT
Karlar 515-8800
Konur 515-8888
ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMERI
905-2580

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Ég var með vinkonu minni!" Ung kona lýsir reynslu sinni nákvæmlega! Frábær ný frásögn hjá Sögum Rauða Torgins, sími 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard) kr. 19,90 mín, sögunr. 8216.

Exotic, Erótísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**Símaspá 908 2200**
Eru fjármálin eða tilfinningar í ólagi? Ástin, peningar, heilsa, miðlun og draumráðningar. Laufey spámiðill.

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**Hlustaðu á...**
905-2002 kr. 99,90
535-9955 kr. 19,90

Spjöllum saman!
Konur (frítt): 555-4321
Karlar (19,90): 535-9940
Karlar (39,90): 904-5454

**Símaspjall**
við dömurnar á Rauða Torginu
908-6000 kr. 299,90
535-9999 kr. 199,90

Vinsælasta stefnumótalína landsins!
Konur: 555-4321 (frítt)
Karlar: 905-2000 (199,90)
Karlar: 535-9920 (199,90)
Karlar: 535-9923 (frítt)

allt bílar
Alla laugardaga

# Opið hús

ÍAV

**Ásakór 2-4, íbúð 102**



Í dag þriðjudag milli kl. 16 og 18

**Glæsilega hannaðar íbúðir**
Ásakór er fallegt þriggja hæða fjölbýlishús með lyftu og 6 íbúðum á hæð. Sérinngangur er í hverja íbúð og fylgir eitt bílastæði hverri íbúð. Svalagangar 2. og 3. hæðar eru með glerskermun. Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Innréttingar eru vandaðar frá HTH. Þvottaherbergi er í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja 98-110 fm.

**Örfáar íbúðir eru óseldar. Til afhendingar strax.**

**Verð frá 22,9 millj. með sér stæði í bílageymslu**

www.iav.is Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

## FASTEIGNIR



*Til sölu í Logafold*
*Glæsilegt 293,7 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.*
*Sjá myndir á www.sumarbustadir.is HB fasteignir. Kári Kort 892-2506*

## ATVINNA

Hótel GEYSIR
**Óskum eftir að ráða starfskraft í veitingarsal eftir áramót í fullt starf. Með fallega framkomu og hlýlegt viðmót.**
Sendið inn umsóknir á mabil@geysircenter.is



PÓSTURINN
allur pakkinn

# Bílstjórar

Útkeyrsludeild óskar eftir starfsfólki til framtíðarstarfa í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu, á minni sendibílum.
Unnið er á tvískiptum vöktum sem skiptast vikulega, aðra vikuna frá kl. 07.30-16.55 og hina vikuna frá kl.16.30-22.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**
- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

## TIL SÖLU

# Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: galle@isl.is.

allt atvinna
Alla sunnudaga


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt!
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX® ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# HVUNNDAGURINN
## *... venjulegur rússíbanadagur*

„Vekjaraklukkan hringir yfirleitt í mig circa 08.09 og ég skelli á hana u.þ.b. tíu sinnum þangað til ég gefst upp og fer á fætur klukkutíma síðar," Segir Kristján Kristjánsson, framleiðslustjóri hjá bóka- og tónlistarútgáfunni Sögur ehf. Kristján er á harðaspani svona rétt fyrir jólin enda margt skemmtilegt að gerast hjá Sögum þessa stundina. „Ætli ég mæti ekki svona yfirleitt klukkutíma of seint upp á Sögur og byrja svona venjulegan rússíbanadag," segir Kristján. Sögur ehf. taka þátt í hinu alræmda jólabókaflóði og Kristján hlakkar mikið til þegar jólin koma og spennan magnast. „Ég þarf að fylgja eftir bókunum sem við erum að gefa út og get nefnt sem dæmi: Sagan um Bono og Matreiðslubók íslenska lýðveldisins, sem við stefnum á að selja í skipsförmum fyrir jólin," segir Kristján brosandi. En það eru ekki bara bækur sem Kristján ætlar að bjóða upp á fyrir jólin. „Við erum að gefa út marga stórgóða diska. Núna er ég að vinna að metnaðarfullri frumraun Sigga Pálma og Ívars Bjarklind sem eru komnir á samning hjá okkur," segir Kristján og heldur áfram. „Einhvern tímann seinnipartinn fatta ég að síminn hefur límst við mig og þegar ég er búin að losa hann fer ég í upptökustúdíó þar sem verið er að vinna íslenska plötu með keltneskum blæ. Eftir þrjá tíma þar skipti ég yfir í Stúdíó Flís þar sem Mannakorn eru að gera þægilega jólaplötu með gestasöngvurum sem ég held að verði án efa á jólahlaðborði allra landsmanna í ár." Í öllum hasarnum nær þó Kristján að slappa af. „Það er frábært að komast í nudd og spa í Laugar á löngum degi svo ég reyni að komast í það eins oft og ég get," segir Kristján. Á kvöldin er síðan kominn tími til að skipta um starfssvið og bregða sér í búning kvikmyndagerðarmannsins. „Ég er að framleiða leikna sjónvarpsþætti sem heita Venni Páer og byrja á Skjá einum um mánaðamótin. Þeir þættir eru gerðir til þess að fólk brosi út í annað og jafnvel hlæi upphátt svo ég vona að okkur takist það," segir Kristján sjálfur brosandi út í annað. Þegar öllu þessu er lokið, segist Kristján glaður telja kindur og bjóða góða nótt.



KRISTJÁN KRISTJÁNSSON ER AÐ LEGGJA LOKAHÖND Á SJÓNVARPSÞÆTTINA VENNA PÁER SEM BIRTAST Á SKJÁ EINUM INNAN SKAMMS.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

## VISSIR ÞÚ ...

... að sumir vísindamenn telja að planta sem nærist á kjöti lifi niðri í jörðinni án nokkurs sólarljóss?

... að ákveðin tegund fiðrildislirfa ver svæði sitt með því að gefa frá sér djúp hljóð?

... að rjúpur hjálpa ungum sínum að komast af úti í hinum stóra heimi með því að kenna þeim hvaða plöntur eru næringarríkar?

... að geispi er sérstakur samskiptamáti hjá öllum dýrategundum. Hann gefur ekki til kynna að þú sért þreytt/ur heldur að nú sé kominn tími til að gera eitthvað annað?

... að finkur æfa sig að syngja í svefni?

... að þú ert líklegri til að deyja vegna þess að þú færð kampavínstappa í höfuðið, en af banvænu skordýrabiti?

... að karlar eru sex sinnum líklegri en konur til að verða fyrir eldingu?

... að þyngd allra kvenna í heiminum er um það bil 85 prósent af þyngd allra karla í heiminum?

... að sálfræðingar telja skóáráttu og fótaáráttu algengustu kynlífsáráttur í vestrænu þjóðfélagi?

... að kóngarnir í venjulegum spilastokki eru kenndir við konunga úr sögunni, spaðakóngurinn er Davíð konungur, laufkóngurinn er Alexander mikli, hjartakóngurinn er Karlamagnús og laufkóngurinn Júlíus Sesar?

... að aðeins hjartakóngurinn er ekki með yfirskegg?

... að engar klukkur eru í spilavítum í Las Vegas?

... að augun í okkur stækka ekkert frá fæðingu, en nefið og eyrun hætta aldrei að vaxa?

...að maurar falla alltaf á hægri hliðina þegar eitrað er fyrir þeim?

... að hitaþolnasta örvera jarðar getur lifað af 121 gráðu hita?

... að mesta köfunardýpt fleygs fugls er 210 metrar en það er stuttnefjan sem kafar svo djúpt?

... að keisaramörgæsin kafar dýpst ófleygra fugla eða 534 metra?

... að mesta köfunardýpt skjaldböku er 1200 metrar?

... að mesta köfunardýpt spendýrs er 2000 metrar en það er búrhvalurinn sem fer svo djúpt?

... að meðalmeðgöngutími risapöndu er 95 til 160 dagar?

... að risapandan Shu Lan gekk með hún sinn í 200 daga?

... að moskussnjáldurmúsin er einungis 36 til 53 millimetrar á lengd og 1,5 til 2,6 grömm á þyngd?

... að karlkyns fíll sem veiddist árið 1974 var 4,16 metrar yfir herðakambinn og vó 12,24 tonn?



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.321 **-0,36X%** **Fjöldi viðskipta:** 254 **Velta:** 1.293 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +0,86% | **Bakkavör** | -0,98% |
| **Mosaic Fashons** | +0,59% | Exista | -0,90% |
| **Actavis** | +0,31% | FL Group | -0,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,20 +0,32% ... Alfesca 4,90 +0,00% ... Atlantic Petroleum 588,00 +0,00% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Avion 34,70 -0,86% ... Bakkavör 60,50 -0,98% ... Dagsbrún 4,74 +-0,84% ... FL Group 22,90 -0,87% ... Glitnir 23,10 +0,00% ... Kaupþing 830,00 -0,36% ... Landsbankinn 25,80 -0,77% ... Marel 79,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,59% ... Straumur-Burðarás 17,30 -0,58% ... Össur 118,00 +0,86%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kaupþing eykur hlutafé í útlöndum

### Útgáfan eykur slagkraft bankans til frekari sóknar og seljanleika bréfa félagsins.

Stjórn Kaupþings áformar að auka hlutafé bankans um tíu prósent með sölu á nýjum hlutum til alþjóðlegra fjárfesta. Markmiðið með sölunni er annars vegar að auka vægi erlendra fjárfesta í hluthafahópnum og styrkja þar með bankann til frekari vaxtar og viðgangs, og hins vegar að auka seljanleika hlutabréfa í Kaupþingi.

„Breiðari og alþjóðlegri hluthafahópur mun styðja við frekari vöxt bankans jafnframt því sem eiginfjárgrunnur bankans styrkist. Takist þetta ætti fjármögnunarkostnaður bankans að lækka auk þess sem styrkari stoðum er skotið undir langtímavaxtarstefnu bankans,“ segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, í tilkynningu.




**SIGURÐUR EINARSSON Á AÐALFUNDI KAUPÞINGS Í ÁR** Bankinn áformar að auka hlutafé um tíu prósent með sölu til erlendra fjárfesta.

Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi nemur eignarhlutur erlendra fjárfesta nú um sextán prósentum af hlutafé bankans.

Nýju hlutirnir verða skráðir í Kauphöll Íslands og Kauphöllina í Stokkhólmi.

Bankinn stefnir að því að sölu hlutanna verði lokið fyrir árslok.

Kaupþing banki var metinn á 553 milljarða króna fyrir helgi og gæti því söluandvirði nýju hlutanna numið 55 milljörðum króna.

Citigroup Global Markets og Morgan Stanley & Co International hafa umsjón með útboðinu og áskriftarverðlagningu en aðalumsjónaraðili útboðsins verður Fox-Pitt, Kelton. - eþa

# SPRON skilaði tíu milljörðum

SPRON skilaði tæplega 9,8 milljarða hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst hagnaður um 335 prósent á milli ára. Hagnaður sparisjóðsins er orðinn meiri en allur hagnaður ársins í fyrra sem var metár.

Stór hluti hagnaðarins varð til vegna skráningar á hlutabréfum Exista í Kauphöll Íslands og hagstæðra skilyrða á hlutabréfamarkaði. Arðsemi eigin fjár var yfir 87 prósent á ársgrundvelli.

Hreinar rekstrartekjur voru um 14,7 milljarðar króna á tímabilinu og þrefölduðust á milli ára. Hlutfall kostnaðar af tekjum var rétt undir átján prósentum.

Eigið fé SPRON var komið í 26,3 milljarða króna í lok september og námu heildareignir samstæðunnar 166 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall (CAD) stóð í 14,2 prósentum. - eþa



**VEFUR ATLAS COLD STORAGE** Á vef Atlas Cold Storage kemur fram að um 4.400 starfsmenn sjái um að þjónusta viðskiptavini félagsins um heim allan.

# Lokið við yfirtöku á Atlas

**Avion Group hefur gengið frá greiðslu á 86 prósentum hlutafjár í Atlas Cold Storage. Félagið var afskráð úr Kauphöllinni í Toronto við lok viðskipta í gær.**

**Í kjölfar yfirtökunnar hafa stjórnarmeðlimir Atlas Cold Storage Income Trust og Atlas Cold Storage Holding hætt störfum. Stjórn Atlas Cold Storage Income Trust er nú skipuð Magnúsi Þorsteinssyni, Jon Love og Joseph Mazzocco. Stjórn Atlas Cold Storage Holding Inc. er skipuð Baldri Guðnasyni, Joe Mazzocco og Reyni Gíslasyni.**

**Þá hefur Reynir Gíslason, forstjóri Eimskips Ameríku, tekið við stöðu forstjóra Atlas af David Williamson.** - óká

# Mögulegt samráð rannsakað

Samkeppnisyfirvöld í Bandaríkjunum rannsaka hvort Samsung og bandaríska fyrirtækið Cypress Semiconductor hafi haft með sér samráð um verðlagningu á vinnsluminni í tölvur, sem þau seldu Sony í fyrra.

Talsmenn Sony segja að fyrirtækið muni vinna með yfirvöldum að lausn málsins. Fréttirnar eru hins vegar ekki góðar fyrir fyrirtækið sem skilaði slökum hagnaði á þriðja ársfjórðungi, sér í lagi vegna innköllunar á rúmlega átta milljónum rafhlaðna fyrir fartölvur, sem fyrirtækið seldi til hinna ýmsu fartölvuframleiðenda. - jab





99 kr. dagurinn
2006 fæddist lítil prinsessa
99 kr/stk.
Ungbarna samfellur
99 kr/stk.
Ungbarna samfellur
99 kr/stk.
Viskastykki
99 kr/stk.
Filt jólaskraut
99 kr/pk.
Celebration glös
99 kr/stk.
Jólakanna barna
99 kr/stk.
Jólasveinahúfa
99 kr/stk.
Regnbogagormur
99 kr/stk.
Dreadies fléttubönd
99 kr/pk.
Siggi snákur
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/pk.
Herra sokkar
99 kr/stk.
Glow in the dark
Gildir 7. nóvember á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
Ítölsk pizza margarita
99 kr/pk.
Myllu smábrauð 10 stk
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Pepsi, Pepsi Light 2 ltr.
99 kr/pk.
Kjúklingapylsur 5 stk.
99 kr/stk.
Cheerios berry burst
99 kr/stk.
Brazzi 1 ltr.
99 kr/stk.
Kaviar
99 kr/stk.
Myllu vínar möndlukaka
99 kr/stk.
Toblerone 100 g
99 kr/stk.
Hagkaups ís 1 ltr.
99 kr/kg.
Klementínur
99 kr/kg.
Vatnsmelónur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**BILLY GRAHAM ER 88 ÁRA Í DAG**

*Ég hef lesið síðustu blaðsíðu Biblíunnar. Þetta á allt eftir að fara vel.*

***Predikarinn hefur óbilandi trú á framtíð mannkyns.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. NÓVEMBER 1957

## *Fyrsti Trabantinn kemur af færibandinu*

Á þessum degi árið 1957 rann fyrsta bifreiðin af hinni margrómuðu gerð Trabant af færibandi bílaverksmiðjunnar Zwickau í Austur-Þýskalandi. Trabantinn þótti sérstaklega hagkvæmur í rekstri þar sem tveggja strokka tvígengisvélin sem knúði hann áfram var ekki þurftafrek. Tvígengisvélin skilaði Trabbanum 25 hestöflum og kom honum upp í 100 kílómetra á klukkustund á 21 sekúndu en hámarkshraði Trabantsins var 112 kílómetrar. Þá var bíllinn lauflléttur enda gerður úr Duroplast-plasti en með notkun þess spöruðu Austur-Þjóðverjar sér kostnaðarsaman stálinnflutning. Plastið þótti þó ekki mjög traustvekjandi þegar umferðaróhöpp og árekstrar voru hafðir í huga en árekstrapróf hafa þó leitt í ljós að Trabantinn er jafnvel öruggari en margar minni og nýlegri blikkdósir.



**TRABANTINN** Er fyrir löngu orðinn sígildur og eftir að framleiðslu hans var hætt er hann orðinn eftirsóttur safngripur.

Trabantinn náði miklum vinsældum í Austur-Þýskalandi og öðrum kommúnistaríkjum og varð tákngervingur falls Berlínarmúrsins þegar Austur-Þjóðverjar trilluðu yfir í vesturhluta Berlínar á háværum og reykspúandi plastbílum sínum.

Trabantinn haslaði sér völl á Íslandi en þótti ekkert sérstaklega smart þó Trabanteigendur kipptu sér sjaldnast upp við að farið væri niðrandi orðum um farartækið og þeir stofnuðu á sínum tíma félagsskap Trabanteigenda, Klúbbinn Skynsemin ræður.

### MERKISATBURÐIR

**1916** Jeannette Rankin tekur fyrst kvenna sæti á Bandaríkjaþingi.

**1940** Franklin D. Roosevelt er í þriðja sinn kosinn forseti Bandaríkjanna.

**1944** Sovéski njósnarinn Richard Sorge er hengdur í Japan.

**1951** Söngvarinn Frank Sinatra og leikkonan Ava Gardner ganga í hjónaband.

**1972** Richard Nixon er endurkjörinn í forsetaembætti Bandaríkjanna. Hann sagði af sér árið 1974 vegna Watergate-málsins.

**2000** Samvöxnu tvíburarnir Jodie og Marie eru aðskildar í Lundúnum, tæplega þriggja mánaða gamlar. Fyrirfram var vitað að Mary myndi deyja, en Jodie lifir af aðgerðina.

**JÓN ARASON:** ÖLL LJÓÐMÆLI BISKUPSINS KOMIN Á EINA BÓK

# Góður fulltrúi gleymdra tíma

Í dag kemur bókin Jón Arason biskup - ljóðmæli út hjá JPV-útgáfu en í henni er í fyrsta sinn öllum kveðskap biskupsins nafntogaða safnað saman á eina bók. Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka, er helsti hvatamaðurinn að útgáfunni enda er Jón og sá tími sem hann var uppi á honum hugleikinn.

„Ég er frá Hólum og ólst þar upp við þennan kveðskap og hef haft gaman af honum. Þar fyrir utan hef ég mikinn áhuga á þessum tíma og skrifaði BS-ritgerð í hagfræði um tímabilið 1400 til 1550,“ segir Ásgeir.

„Þetta er gríðarlega áhugaverður tími út frá efnahagslegu sjónarmiði sem er kannski að einhverju leyti sambærilegur við þá alþjóðavæðingu sem gengið hefur yfir landið á síðustu árum. Ísland einangraðist töluvert eftir víkingaöld, en sú einangrun var skyndilega rofin árið 1412 þegar fyrstu bresku skipin komu hingað og í kjölfarið fylgdu Þjóðverjar og Hollendingar og brátt lágu erlend skip við í hverri vík. Íslendingar fór að selja fisk með miklum hagnaði, kaupa erlendar vörur og jafnframt taka við erlendum menningaráhrifum. Íslendingar voru einnig aðsópsmiklir og áttu í vopnuðum bardögum við hverja aðra sem og útlendinga. Þetta tímabil reis hæst með Jóni Arasyni og veldi hans en lauk við aftöku hans 1550, hernámi Dana og loks tilkomu verslunareinokunar árið 1602 sem lokaði leiðum annarra þjóða að Íslandi.“

Ásgeir segir oft talað um þetta tímabil sem „miðaldir“ út frá skáldskaparlegu sjónarmiði. „Miðöldin hefur því miður þurrkast út í bókmenntaminni Íslendinga,“ segir Ásgeir og bætir því við að það sé síður en svo sanngjarnt að Jón og samtímamenn hans skuli ekki njóta sannmælis í bókmenntasögunni. „Pappírinn kom til landsins síðla á fjórtándu öld sem varð til þess að bókagerð varð ódýrari og komst á meðfæri alþýðunnar enda var gríðarlega mikið ritað og ort á þessum tíma. Mest riddarasögur, rímur og rómansar sem fáir virðast kæra sig um í dag.“

Ásgeir segir kveðskap Jóns aðgengilegan nútímafólki. „Jón yrkir skýrt á alþýðlegu og léttleikandi tungumáli með myndrænum lýsingum þannig að það er auðvelt að læra hann utanbókar. Hann orti einnig jafnhendis heit trúarkvæði og gamanbragi með leiftrandi húmor. Þannig að hvort sem litið er á trúarkvæði eða veraldleg kvæði er Jón Arason einn helsti merkisberi „miðaldar“ í íslenskum skáldskap og vel til þess fallinn að kynna nútímafólki þennan gleymda tíma.“



**ÁSGEIR JÓNSSON** Segir Jón Arason hafðan fyrir rangri sök þegar hann er sagður hafa staðið gegn lútherskum sið á efnahagslegum forsendum. „Það er ekki rétt og hann hefði grætt meira á því að spila með konungi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ljóð Jóns nutu mikilla vinsælda á meðan hann lifði enda voru mörg af gamanbrögum hans voru án efa ortir til þess að hafa áhrif á almenningsálitið á þeim tíma. Vinsældirnar héldust einnig eftir dauða hans þrátt fyrir siðaskiptin. Vinsældirnar skýrir Ásgeir ekki síst með því hvað kvæðastíll Jóns er aðgengilegur. „Hann lagði ekki mikið upp úr fornum skáldskaparkenningum eða helgisögum. Jón orti beint upp úr ritningunni á skýru og einföldu máli sem átti jafnt erindi við lúterska sem kaþólska, lærða sem ólærða og heldur enn krafti sínum og kynngi eftir tæpar fimm aldir.“

**thorarinn@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.*

**Aðalheiður Una Sigurbjörnsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður til heimilis Kaplaskjólsvegi 56

verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 9.nóvember kl.13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga og Samtök um byggingu Tónlistarhúss í Reykjavík.

**Gyða Theódórsdóttir** **Gylfi Theódórsson**
**Hulda Theódórsdóttir**
**Sigurbjörn Theódórsson** **Theódór Theódórsson**
**Steinar Engilbert Theódórsson**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Stefánsson**

Áður til heimilis að Bústaðarvegi 89, Reykjavík.
Verður jarðsunginn frá Bústaðarkirkju í dag kl. 13.00.

**Stefán Jónsson** **Sigríður Sveinsdóttir**
**Karen Jónsdóttir** **Þröstur Eyjólfsson**
**Bryndís Jónsdóttir** **Ágúst Ingi Andrésson**
**Steinunn Jónsdóttir** **Hallur Ólafsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur.*

**Páll Þórðarson**

Flétturima 11, Reykjavík

Verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju kl. 13.00 miðvikudaginn 8. nóv.

**Þórður Pálsson**
**Elín Þórðardóttir** **Reinhold Kristjánsson**
**Steinunn Þórðardóttir** **Hrafn Bachmann**
**Aðalsteinn Þórðarson** **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Kjartan Þórðarson** **Helga Einarsdóttir**
**Gunnar Þórðarson** **Hafdís Kjartansdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

---



**Legsteinar**
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Brynleifur Sigmar Tobíasson**

Úthlíð, Varmahlíð, Skagafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar fimmtudaginn 2. nóvember. Jarðaförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 11. nóvember kl. 13:30.

**Jóna Guðrún Gísladóttir**
**Edda Brynleifsdóttir** **Þorsteinn Hafþórsson**
**Tobías Þórður Brynleifsson.**

---



†

*Þökkum samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Svövu Guðmundsdóttur**

Stóragerði 26, Reykjavík

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeildar 14E, göngudeildar hjartabilaðra og líknardeildarinnar Landakoti fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Haraldur Ragnarsson**
**Hulda Haraldsdóttir** **Pétur Hans Baldursson**
**Ragnar Haraldsson** **Birna Garðarsdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** **Hallgrímur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN
Í KVÖLD KL. 19:50
SOUTHEND UTD.
MAN. UTD.
Á MORGUN KL. 19:50
BIRMINGHAM
LIVERPOOL
ENSKI DEILDABIKARINN
EKKERT
VANMAT
RONALDO
7
NÓVEMBER Á SÝN
MEISTARADEILD EVRÓPU
Real Madrid - Lyon
Celtic - Man. Utd.
Arsenal - Hamburg
Bremen - Chelsea
Levski - Barcelona
Liverpool - PSV
KF NÖRD
Alla fimmtudaga kl. 12:15
SPÆNSKI BOLTINN
Barcelona - Villarreal
Valencia - Real Madrid
LANDSLEIKIR
Holland - England
Brasilía - Swiss
BOX
Manny Pacquiao - Erik Morales III
Wladimir Klitshko - Brocs
NBA
New Jersey - Miami
Sacramento - Dallas
EVRÓPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA
Bayer Leverkusen - Tottenham
sýn
besta sætið







## STUÐ MILLI STRÍÐA: Maðurinn sem dýr

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** KAUPIR EKKI ÓDÝRAR AFSAKANIR



Á undanförnum vikum hafa stjörnurnar í Hollywood smellt sér í skó líffræðinga og lýst því yfir að maðurinn sé dýr og því ekki einkvænisvera. Hugarfar sem virðist vera ríkjandi á þessum síðustu og verstu tímum hjónabandsins. Samkvæmt opinberum mælingum fer rúmlega þriðjungur hjónabanda í vaskinn á Vesturlöndum og stærstur hluti þeirra vegna þess að annar aðilinn hefur ekki getað haldið áhugamálum hjónaherbergisins innan veggja þess. Mikið er nú gott að geta skellt skömminni á hið dýrslega eðli mannsins, geta ekkert gert að framhjáhaldinu, frummaðurinn hafi gert vart við sig en ekki siðferðislegir brestir.

Einkvæni er væntanlega eitthvað sem „dýrin“ halda að sé fundið upp af trúarbrögðum heimsins en þau eru að venju talin vera hamlandi fyrir frelsi mannsins með boðum sínum og bönnum frá veru sem fjarlægist sköpunarverk sitt með ári hverju.

Einkvæni hefur verið innprentað í manninn frá örófi aldanna enda geta flækjur í ástamálum oft endað með ósköpum og jafnvel morðum eða stríðsátökum eins og sannaðist hvað best í sögunni um Tróju og Helenu fögru. Frummaðurinn sem lagði leið sína út úr hellinum með kylfu í hendi til að rota sér konu hefði væntanlega drepið hvern þann sem dirfðist að leggja hendur á eigur hans. Þetta var síðan útfært á mun smekklegri hátt í bókum á borð við Biblíuna sem lagði blátt bann við að girnast konu náunga síns eða asna. Ágætur ræðumaður fór síðan með sömu tölu fyrir tæpum tvö þúsund árum uppi á fjalli og bað landa sína um að rífa hægra augað úr sér ef það tældi þá til falls.

Hvað sem hinum lauslátu og frægu í kvikmyndaborginni kann að finnast er ekkert sérstaklega dýrslegt við að vera ekki við eina fjölina felldur. Í það minnsta myndu slétturotturnar og hrafninn væntanlega ekki viðurkenna að þau væru eitthvað minni dýr þótt þessar tvær tegundir hampi einkvæni.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




DÝRIN TAKA VÖLDIN!
FRUMSÝND 10. NÓVEMBER MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
SMS LEIKUR
SKÓGARSTRÍÐ
BÍÓMIÐI
SKÓGARSTRÍÐ
PlayStation.2
OPEN SEASON
FARÐU Á MYNDINA SPILAÐU LEIKINN!
SENDU SMS JA OSV Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!
11. HVER VINNUR!

**!**

**Kl. 20.00**
*Skáldkonurnar Anna Dóra Antonsdóttir og Kristrún Guðmundsdóttir lesa úr nýútkomnum skáldsögum sínum á Skáldaspírukvöldi Lafleur-útgáfunnar í Iðuhúsinu í Lækjargötu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Bækur á kjötmörkuðum

Bandarískir bóksalar og útgefendur bregðast við minnkandi bóksölu með því að finna varningi sínum nýtt samhengi og fleiri hillur. Í frétt dagblaðsins The New York Times er greint frá því að bækur dúkki nú upp í sífellt fleiri tegundum verslana, allt frá hátískubúðum stórborganna til kjötmarkaða smábæjanna og eru bækur nú jafnvel til sölu á bílaþvottastöðvum.

Samkvæmt heimildum frá sambandi bandarískra útgefenda minnkaði bóksala þar um 2,6 prósent milli ára frá því í fyrra en mesti vaxtarbroddur þeirra nú er í sölu utan hefðbundinna bókabúða og er haft fyrir satt að hvaða sölustaður sem er sé staður til að selja bækur.



**VINSÆLL Í URBAN OUTFITTERS** Metsölubók stjórnmálamannsins Als Gore, An Inconvenient Truth, selst vel.

Kaffihúsakeðjan Starbucks stimplaði sig inn í bóksölubransann í síðasta mánuði en þar á bæ hafa lengi verið seldir geisladiskar. Ýmiss konar handbækur hafa lengi sést í byggingavöruverslunum og hannyrðabúðum en sífellt fleiri verslanir taka nú inn skáldverk, listaverkabækur og önnur rit sem telja má að falli að sérstökum smekk kúnnahóps þeirra. Það eru þó ekki aðeins verslunareigendur sem koma þannig til móts við tilvonandi lesendur og opna arma sína fyrir útgefendum.

Bókaútgefendur eru nefnilega farnir að breyta kápuhönnun bóka sinna svo að þær falli betur að litasamsetningum og áherslum einstakra verslana.

## > Ekki missa af ...

ljósmyndasýningu **Chris Niedenthal** í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur.** Eftirminnilegar myndir hans af sögu **Póllands** milli 1969-1989 eru sterkur vitnisburður um hvíldarlausa baráttu stoltrar þjóðar, sem lét hvorki hervald né hugmyndafræði kúga sig.

samsýningunni **Uncertain States of America** sem stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.** Fjörutíu og fimm vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar sýna það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag.

sýningu menningarmiðstöðvarinnar **Gerðubergs** á listaverkum barna, **„Óvart abstrakt"** sem geymir verk unnin í Listsmiðjum **Gagns og gamans** í Gerðubergi.



**SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR SAGN- OG MENNINGARFRÆÐINGUR** Munnlegar heimildir bjóða meðal annars upp á möguleika þess að segja söguna frá sjónarhóli þátttakendanna sjálfra en ekki aðeins frá sjónarhorni ríkjandi valdhafa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hlustað eftir sögunni

**Sigrún Sigurðardóttir heldur erindi á vegum Sagnfræðingafélags Íslands í dag og ræðir þar um möguleika og sannleiksgildi munnlegra heimilda.**

Sigrún útskýrir að margar skilgreiningar séu til á munnlegum heimildum en hún lítur svo á að þær séu aðeins þær upplýsingar sem fengnar eru munnlega, til dæmis með viðtölum og enn fremur að þær teljist ekki lengur munnlegar heimildir þegar búið er að skrifa þær niður.

Hún segir að munnlegar heimildir hafi til þessa verið lítið notaðar af fræðimönnum hér á landi og þær hafi oft á tíðum verið vefengdar sökum þess hversu áberandi það sé að heimildin byggi á túlkun einstaklings og sé þar af leiðandi ekki hlutlaus. „Í fyrirlestrinum fjalla ég um að þetta er í raun ekki sérstakt vandamál sem munnlegar heimildir þurfa að glíma við heldur á þetta við um allar heimildir. Munnlegar heimildir gera þennan vanda sýnilegri en þegar unnið er með þær tekst maður á við aðferðafræðilegar spurningar er varða sannleiksgildi í sagnfræði."

Hún áréttar að munnlegar heimildir séu oftar en ekki persónulegar frásagnir sem lýsi atburðum sem tiltekinn einstaklingur hefur orðið vitni að og þá sé greinilegt hvaða sjónarhorn ráði en hún bætir því við að einhver túlkun búi einnig ávallt að baki rituðum heimildum.

### Sjónarhorn þátttakandans

Munnlegar heimildir voru notaðar í árdaga sagnfræðinnar en urðu síðan aftur móðins á fimmta áratug síðustu aldar. „Þá voru þær fyrst og fremst nýttar sem uppfyllingarefni, fræðimenn spurðu heimildarmenn sína spurninga sem fylla áttu upp í rannsóknir. Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum að farið var að vinna rannsóknir fyrst og fremst út frá munnlegum heimildum og þær notaðar til þess að ná til hópa sem ekki höfðu átt sterka rödd í opinberri umræðu," segir Sigrún og tekur dæmi af skrásetningu kvennasögu, sögu verkafólks og annarra minnihlutahópa. „Saga blökkumanna í Bandaríkjunum var líka skrifuð út frá öðrum forsendum en áður var gert enda var þá hægt að ná til fólks sem ekki var líklegt til að skilja eftir sig ritaðar heimildir," segir hún. Munnlegar heimildir bjóða þannig upp á möguleika þess að segja söguna frá sjónarhorni þátttakendanna sjálfra en ekki aðeins frá ráðandi sjónarhorni valdhafa.

### Möguleikar í tækni

Sigrún segir að augu fólks séu smám saman að opnast fyrir möguleikum þeim sem felist í munnlegum heimildum og miðlun þeirra með stafrænni tækni. Hún hefur ásamt Þorsteini Helgasyni sagnfræðingi kennt námskeið við Kennaraháskólann þar sem meðferð munnlegra heimilda er kennd auk þess sem verið er að ræða um möguleika þess að kenna meðferð þeirra við sagnfræðiskor Háskóla Íslands.

Sigrún er enn fremur starfandi verkefnisstjóri undirbúningsnefndar að stofnun miðstöðvar munnlegrar sögu en sem er samstarfsverkefni Sagnfræðistofnunar HÍ, Rannsóknastofnunar í kvenna- og kynjafræðum, Kennaraháskóla Íslands og Landsbókasafnsins. „Henni er ætlað að efla rannsóknir á þessu sviði og safna heimildum sem þegar liggja hjá söfnum eða einstaklingum víða um land. Sum safnanna hafa haldið ágætlega utan um þetta efni en önnur hafa ekki tækjabúnað til þess að varðveita heimildirnar við viðeigandi skilyrði. Eitt af markmiðum miðstöðvarinnar er að gera gagnagrunn um þessar heimildir svo að þær verði aðgengilegar til dæmis fyrir fræðimenn og kennara."

### Meira en textinn

Sigrún bendir á að munnlegar heimildir geymi svo miklu meira en skrifaður texti. „Þú heyrir ekki hikið í frásögninni þegar þú lest, svo skiptir orðanotkunin og áherslurnar máli og takturinn líka. Það verður spennandi að fylgjast með sagnfræðinni eftir 20-30 ár en þá verður kannski lagt meira upp úr því að lesa í eyðurnar og það hvernig frásögnin hefur áhrif á innihaldið."

Fyrirlesturinn fer fram í Þjóðminjasafninu á hádegi í dag og eru allir velkomnir. kristrun@frettabladid.is


Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

ARÍUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL.12.15
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus, sun. 19/11 örfá sæti laus, lau. 25/11 örfá sæti laus, sun. 26/11.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 11/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 9/11 uppselt, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim 16/11, fös. 17/11 örfá sæti laus, fim. 23/11, fös. 24/11 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 10/11 örfá sæti laus, lau. 11/11, sun. 19/11 örfá sæti laus.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 12/11 kl. 17:00, fös. 17/11 kl. 20:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 12/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, aukasýningar lau. 18/11 kl. 11:00 uppselt og 12:15 uppselt.

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 2/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 3/12 kl. 13:00 og kl. 14:30.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



„FRÁ ÞESSARI STUNDU ERUM VIÐ ÓVINIR."
AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 12/11 kl. 14 Sun 19/11 kl. 14
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 UPPS.
Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20

FOOTLOOSE
Lau 11/11 kl. 20 UPPS. Fös 17/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 9/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20 UPPS.
Fim 23/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

MANNTAFL
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Síðustu sýningar.

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 20
Frítt fyrir 12 ára og yngri

JÓLALEIKRITIÐ
RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frumsýning UPPS.

MEIN KAMPF
Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20
Fös 17/11 kl. 20 Lau 18/11 kl. 20

SAKAMÁL Á SVIÐ
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 12/11, 19/11, 26/11 kl. 20
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

AMADEUS
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

DOGMA LEIKARANS
Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

WATCH MY BACK
Fös 10/11, sun 19/11, sun 26/11
kl. 20:10 Miðaverð 1.000

LEIKHÚSSPJALL
Aðstandendur Amadeus spjalla um leiðina frá höfundi til áhorfenda.
Fim 9/11 kl. 20 í Kringlusafni.
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

4 5 6 7 8 9 10

### Þriðjudagur

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Sýning **Þórdísar Aðalsteinsdóttur** myndlistarkonu stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin ber yfirskriftina **Því heyrist þó hvíslað að einhverjir muni komast af** og stendur hún til 3. desember.

☐ 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Fríkirkjuveg**. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenskri listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi níunda áratugarins. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.

☐ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Listamennirnir voru valdir af einum áhrifamestu sýningarstjórum í hinum vestræna heimi, þeim **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum** en **Gunnar Kvaran**, fyrrum safnstjóri Listasafns Reykjavíkur starfaði einnig með þeim.

### LJÓSMYNDASÝNINGAR

☐ 12.00 Verk þýska ljósmyndarans **Chris Niedenthal** eru nú til sýnis í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** í **Grófarhúsi** við **Tryggvagötu**. Í ljósmyndum hans má rekja sögu Póllands allt frá því hann kom þangað fyrst upp úr 1960 og fram að þeirri byltingu sem kom með verkalýðssamtökunum Samstöðu og öllum þeim þjóðfélagsbreytingum sem fylgdu í kjölfarið, og allt til dagsins í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.











AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ









fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**ÁNÆGÐAR MEÐ ÁRANGURINN** Hrefna, eigandi B-young, og Jóhanna systir hennar voru ánægðar með viðtökurnar enda margmenni á opnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PB

# *B-young opnar í Hafnarfirði*

Á föstudaginn var ný B-young búð opnuð á Strandgötu í Hafnarfirði, og var opnunin haldin með pomp og prakt. Bubbi Morthens, Eyþór Gunnarsson og Ellen Kristjánsdóttir tróðu upp á nýju sviði í götunni og gestir B-young fengu nasasjón af framboði verslunarinnar á glæsilegri tískusýningu. B-young hefur verið á Laugavegi í fjórtán ár, en á föstudaginn voru einmitt þrjú ár liðin frá því að Hrefna Ósk Benediktsdóttir keypti reksturinn.



**BUBBI Á NÝJA SVIÐINU** Tróð upp fyrir gesti og gangandi rétt áður en óveðrið skall á.



**MÓÐINS MÆÐGUR** Sigríður Klingenberg ásamt Sigrúnu, dóttur sinni, en Hrefna segir fatnað B-young einmitt henta mörgum kynslóðum kvenna.



**HRIFNAR AF B-YOUNG** Inger Ósk og Fríða voru kátar með nýju búðina og tískusýninguna.

# McCartney kaupir sér grið

**Þó að Paul McCartney hefði á föstudaginn frumflutt tónverk sitt, Ecce Cor Meum, var það skilnaður hans og Heather Mills sem komst á forsíður blaðanna aftur en málið virðist engan endi ætla að taka.**



**PAUL MCCARTNEY** Er sagður hafa keypt segulbandsupptökurnar umdeildu þar sem eiginkonan hans sáluga ræðir um hjónaband sitt á opinskáan hátt.

Fréttaveita BBC greinir frá því að Paul hafi gert skilnaðinn að umtalsefni þegar flutningnum á tónverkinu lauk á föstudaginn í Royal Albert Hall og þar sagðist hann gera sér vonir um að stormviðrinu færi brátt að slota enda væri þetta fyrst og fremst einkamál þeirra tveggja. „Við verðum að viðhalda virðingu okkar,“ sagði Paul við Radio 4. Ecce cor Meum eða Behold my Heart var átta ár í smíðum og hefur Paul sagt að andi eiginkonu hans sálugu, Lindu McCartney, svífi þar yfir vötnum. Nafn Lindu hefur reyndar verið dregið inn í ljótan skilnað Pauls og Heather því málaferlin tóku hálfgerða u-beygju þegar Peter Cox, náinn vinur Lindu, tilkynnti fjölmiðlum um að hann hefði undir höndunum segulbandsupptökur frá Lindu þar sem hún tjáir sig á einlægan hátt um hjónaband sitt og Pauls.

The Daily Mail greindi frá því í helgarblaði sínu að Paul hefði keypt segulbandsupptökurnar af Cox fyrir 200 þúsund pund sem samsvarar rúmlega 25 milljónum íslenskra króna. Þeir hefðu átt fund á fínu kaffihúsi í miðborg Lundúna þar sem Paul hefði fengið upptökurnar og sögðu sjónarvottar frá því að vel hefði farið á með þeim en lögmenn McCartneys og Cox neituðu að tjá sig um þessa hugsanlega sölu.

Heather Mills heldur því fram að McCartney hafi lagt hendur á sig en kröfum hennar og lýsingum á hjónabandinu var lekið í bresku fjölmiðlana. Mills heldur því jafnframt fram að Linda hafi einnig mátt þola barsmíðar frá bítlinum en sú yfirlýsing olli töluverðu fjaðrafoki.

Upptökurnar, sem Paul hefur nú keypt, eru sagðar varpa nýju ljósi á hjónaband Pauls og Lindu sem talið var eitt það traustasta og ástríkasta í tónlistarheiminum en jafnvel er talið að Heather Mills muni reyna að fá þær spilaðar máli sínu til stuðnings í réttarhöldunum sem hefjast snemma á næsta ári. - fgg



**HEATHER MILLS** Vill að segulbandsupptökurnar verði spilaðar í réttarhöldunum, máli sínu til stuðnings.



**FAGNAR SIGRI** Nanna fagnar sigri á Íslandsmótinu í skyrglímu sem var haldið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Nanna sigraði skyrglímuna

Fyrsta Íslandsmótið í skyrglímu var haldið á skemmtistaðnum Pravda um helgina. Sex stúlkur tóku þátt og bar þokkadísin Nanna sigur úr býtum. Að launum hlaut hún tvær nætur með morgunverði á Hótel Venus, tíu tíma ljósakort, út að borða fyrir tvo, tíu þúsund króna skóinneign og klippingu.

„Þetta gekk ótrúlega vel þó að þetta hefði verið ansi subbulegt,“ segir Frosti Logason, dagskrárstjóri X-ins 977 sem stóð fyrir uppákomunni. „Þetta fékk góðar viðtökur og það eru allar líkur á því að við munum endurtaka þetta. Skemmtanagildið var gífurlegt fyrir þá sem voru á staðnum og fyrir þá sem sáu þetta ekki er algjört möst að endurtaka þetta,“ segir hann.



**TÍSKUSÝNING** Fyrir skyrglímuna var boðið upp á tískusýningu frá Tantra. Kynnirinn Geir Ólafsson virtist ánægður með það sem fyrir augu bar.



**HART BARIST** Skyrinu var slett út um alla veggi á Pravda þegar stúlkurnar börðust hatrammlega innbyrðis.



**ÁNÆGÐUR EIGANDI** Magnús, eigandi Pravda, var hæstánægður með frammistöðu sigurvegarans Nönnu og föðmuðust þau innilega í leikslok.



**SÁTTIR ÁHORFENDUR** Fullt var út úr dyrum á Pravda og eins og gefur að skilja voru flestir áhorfendur karlkyns. Skein gleðin út úr andlitum strákanna er þeir fylgdust með glímunni.




# Vilt þú betri vexti til að klára dæmið?

**TILBOÐS VEXTIR!**

# 16,10%*

| Dæmi um greiðslubyrði | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi ára | 200.000 kr. | 400.000 kr. | 600.000 kr. | 800.000 kr. | 1.000.000 kr. |
| 1 | 19.138 | 37.723 | 56.308 | 74.892 | 93.477 |
| 2 | 10.368 | 20.348 | 30.329 | 40.309 | 50.290 |
| 3 | 7.445 | 14.557 | 21.669 | 28.782 | 35.894 |
| 4 | 5.983 | 11.661 | 17.339 | 23.018 | 28.696 |
| 5 | 5.106 | 9.924 | 14.742 | 19.559 | 24.377 |
| 6 | 4.521 | 8.766 | 13.010 | 17.254 | 21.498 |
| 7 | 4.104 | 7.938 | 11.773 | 15.607 | 19.442 |
| 8 | 3.791 | 7.318 | 10.845 | 14.372 | 17.899 |

**Forsendur:** 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,10% vextir - Kostnaður lánaður

**Sæktu um lán...**

**WWW.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Miðað við vaxtatöflu S24 21.09.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 30.11.2006.




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BORAT | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10.20 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| BORAT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað







**DANIEL CRAIG** Hinn nýi Bond fær frábæra dóma fyrir frammistöðu sína í Casino Royale.

# Í fótspor Connery

Hinn nýi James Bond, Daniel Craig, hefur fengið frábæra dóma í Bretlandi fyrir frammistöðu sína í Bond-myndinni Casino Royale, sem verður frumsýnd 17. nóvember.

Gagnrýnandi The Daily Mirror líkir Craig við Sean Connery, sem margir telja besta Bond allra tíma, og segir að hann búi yfir sama hárbeitta útliti og Connery var þekktur fyrir. Daily Telegraph er á sama máli og segir að Craig stígi með fullu sjálfsöryggi í gömlu handsmíðuðu skóna hans Connery.

Margir unnendur Bond voru ósáttir við ráðningu Craig í hlutverkið á sínum tíma og töldu hann ekki vera rétta kostinn. Í nýju myndinni virðist þó sem Craig hafi fært Bond inn í nútímann á afar sannfærandi hátt. „Þetta er Bond, en ekki eins og við þekkjum hann,“ sagði gagnrýnandi The Telegraph. „Byssurnar og hasarinn eru til staðar og stelpurnar eru þarna líka en sama tuggan frá því í gamla daga er farin. Í staðinn er komin mun meira ögrandi og betur skrifuð mynd.“

Gagnrýnandi The Times var einnig hæstánægður. „Craig er á meðal þeirra bestu. Hann sameinar töffaraskap og sjálfsöryggi Connery og undirliggjandi grimmd Timothy Dalton.“






# Hefur náð fullum bata

Söngkonan Marianne Faithful hefur náð sér að fullu eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein. Faithful, sem hélt tónleika hér á landi fyrir tveimur árum, þurfti að gangast undir skurðaðgerð vegna veikindanna en er komin í form á nýjan leik. Ætlar hún að halda áfram sem frá var horfið með tónleikaferð sína um heiminn og byrjar hún í Evrópu á næsta ári.



**MARIANNE FAITHFUL** Söngkonan sem hélt tónleika á Íslandi fyrir jafnað sig af brjóstakrabbameini sínu.

„Þetta hefur verið ótrúleg reynsla og á margan hátt mjög jákvæð,“ sagði Faithful. „Ég gerði mér ekki grein fyrir hversu marga vini ég ætti. Mér fannst ég bæði heppin og elskuð. Mig langar að þakka öllum fyrir stuðninginn.“

Marianne Faithful, sem er 59 ára, sló í gegn þegar hún söng Rolling Stones-lagið As Tears Go By á sjöunda áratugnum. Átti hún í ástarsambandi bæði við söngvarann Mick Jagger og gítarleikarann Keith Richards. Faithful hefur einnig leikið í nokkrum kvikmyndum, þar á meðal Marie Antoinette í leikstjórn Sofiu Coppola.

# Skilur við eiginkonuna

Grínleikarinn Chris Rock ætlar að skilja við eiginkonu sína til tíu ára, Malaak Compton-Rock. Engar ástæður hafa verið tilgreindar fyrir skilnaðinum en fregnir frá Hollywood herma að Chris hafi þegar ráðið þekktan skilnaðarlögfræðing til að aðstoða sig. Chris og Malaak gengu í hjónaband í nóvember árið 1996 og þau hafa síðan eignast tvær dætur saman. Ekki er langt síðan að grínarinn kunni lýsti því yfir í viðtali að sér fyndist hjónabandið vera farið að stjórna lífi sínu of mikið. Chris Rock hefur nýlega lokið við að leika í kvikmynd sem kemur fyrir sjónir almennings innan tíðar. Eins kaldhæðnislega og það kann að hljóma kallast myndin: „Ég held ég elski eiginkonu mína.“



**SKILUR VIÐ KONU SÍNA** Grínarinn Chris Rock hefur ráðið sér þekktan skilnaðarlögfræðing til að sjá um skilnaðinn við eiginkonu sína til tíu ára.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stjörnuparið **Victoria og David Beckham** hafa beðið papparassana um að fylgja þeim venjulega hvert fótmál að skilja flassið eftir heima. Sonur hjónakornanna, Romeo, þjáist nefnilega af flogaveiki, og óttast foreldrar hans að blossarnir geti orðið til þess að hann fái kast. Romeo er á lyfjum til að hafa stjórn á flogaveikinni, en blikkandi ljós eru þekkt fyrir að valda köstum hjá fólki með þennan sjúkdóm. Victoria getur þó snúið sér til Elton John til að fá stuðning, en hann er guðfaðir Romeo og þjáist einnig af flogaveiki.



**Jerry Oppenheimer,** sem skrifaði ættarsögu Hilton-ættarinnar frægu, segist vorkenna partíprinsessunni Paris og segir hana ekki hafa átt annarra kosta völ en að lifa partílífinu sem hún gerir nú. Hann segir mömmu og ömmu **Paris** hafa ýtt henni inn á partíbrautina og hvatt hana til að nota ættarnafnið til að öðlast frægð og frama. Oppenheimer heldur því jafnframt fram að fjölskylda Hilton hafi í raun og veru alls ekki verið mótfallin kynlífsmyndbandinu fræga, þar sem það hafi komið Paris á kortið, og sé hún í raun hálfgert fórnarlamb fjölskyldunnar.



# Hljómsveit stórra hugmynda

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Slóvenska hljómsveitin Laibach vakti töluverða athygli þegar hún kom hingað til lands og spilaði á vel sóttum tónleikum á Nasa í mars sl. Hljómsveitin er búin að vera starfandi síðan 1979 og á að baki fjölda platna. Volk er hennar fyrsta plata með nýju efni síðan WAT kom út fyrir þremur árum.

Laibach er þekktust fyrir Wagneríska iðnaðarrokkið sem einkenndi smelli eins og Geburt Einer Nation og Life is Life, en sveitin hefur í gegnum ferilinn fengist við mjög ólíka hluti; allt frá tilraunakenndum hávaða yfir í hljómfagra kóratónlist og hart teknó. Laibach er hljómsveit stórra hugmynda. Margar af plötum sveitarinnar eru þemaplötur (gott dæmi NATO frá 1994) og hún gerði sína útgáfu af Bítlaplötunni Let It Be. Volk byggir á ósvikinni Laibach hugmynd. Platan hefur að geyma útgáfur hljómsveitarinnar af þjóðsöngvum fjórtán ríkja, þ.á.m. Þýskalands, Bandaríkjanna, Englands, Frakklands, Rússlands, Kína, Slóveníu og þeirra eigin ríkis NSK. Laibach hefur breytt lögunum mikið og snúið út úr textunum. Skoðanir hljómsveitarmeðlima og hugmyndir um þau ríki sem hér eru tekin fyrir skína í gegn.

Margir gestasöngvarar koma fram á plötunni, m.a. nokkrar söngkonur og barnakór. Tónlistin er mjög ólík WAT sem var taktföst og dansvæn. Hér er tilraunakenndum raftóktum blandað við gamla Laibach stílinn og hátíðlega orgel- og kórtóna. Platan er tormelt, en batnar við ítrekaða spilun. Lögin eru nokkuð misjöfn að gæðum, en mín uppáhaldslög eru Þýskaland, Rússland, Kína, Ítalía, Japan og Slóvenía.

Þess má geta að lokum að nafn plötunnar er orðaleikur. Volk þýðir „þjóð“ á þýsku, en „úlfur“ á slóvensku. Innan í umslaginu segir: „Pop is music for sheep and we are wolves disguised as shepherds ...“

**Trausti Júlíusson**




**LAIBACH**

VOLK

**Niðurstaða:** Á Volk eru útgáfur slóvensku ofursveitarinnar af fjórtán þjóðsöngvum. Platan er misjöfn að gæðum, en hugmyndin á bak við hana er ósvikin Laibach hugmynd.










| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5:50 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE LAST KISS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10:30 | B.i. 12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 5:30 - 7 - 8:30 - 10:10 | B.i. 16 | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 - 10:10 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5:30 - 8:30 | | THE GUARDIAN | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12. |
| THE LAST KISS | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BORAT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 | B.i. 16 | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð | |
| BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BORAT | kl. 10 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| MÝRIN | kl. 8 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BARNYARD M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 8 | B.i. 12 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
gildir ekki á íslenskar myndir né í VIP
SPARISJÓÐURINN

www.sambioin.is 575 8900




**MAGNI** Magni mun troða upp á stórtónleikunum í Höllinni þann 30. nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rokkað í Höllinni

Miklir rokkstjörnutónleikar verða haldnir í Laugardalshöll þann 30. nóvember. Allar hetjurnar úr Rock Star: Supernova hittast þar í fyrsta sinn síðan raunveruleikaþættinum lauk, eða þau Magni, Dilana, Toby og Storm ásamt húshljómsveitinni.

Auk þess mun Á móti sól hita upp með lögum af væntanlegri safnplötu sinni. Miðasala á tónleikana hefst í dag klukkan 12 á midi.is og í verslunum Skífunnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Gamanmyndin **Borat** fór óvænt beint á toppinn í Bandaríkjunum eftir sína fyrstu sýningarhelgi. Halaði hún inn tvöfalt meiri pening í miðasölunni en búist var við, eða rúma 1,7 milljarða króna. Búist var við því að hún yrði ein af fimm vinsælustu myndunum en langt á eftir The Santa Clause 3, sem endaði í öðru sæti á eftir Borat þrátt fyrir að hafa verið sýnd í mun fleiri kvikmyndahúsum.



Bréf sem gítarsnillingurinn **Eric Clapton** skrifaði til fyrrverandi kærustu sinnar þegar hann var sextán ára verður selt á uppboði síðar í þessum mánuði. Bréfið skrifaði hann til vinkonu sinnar í listaskóla. „Núna þegar þú hefur loksins bundið endi á sambandið er ég sorgmæddur en feginn," segir Clapton m.a. í bréfinu. Talið er að það seljist á bilinu 130 til 190 þúsund krónur.



Áður óbirtar myndir frá síðustu tónleikum **Bítlanna** verða sýndar í bresku sjónvarpi síðar í þessum mánuði. Tónleikarnir voru haldnir á Candelstick-vellinum í San Francisco árið 1966. Þar verður meðal annars sýnt frá rifrildi á milli aðalrótara sveitarinnar og umsjónarmanns vallarins. Óttaðist umsjónarmaðurinn að græjubíll Bítlanna myndi eyðileggja hafnaboltavöllinn sem þar var.










Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

10%
vaxtaauki!

ARGUS / 06-0472

Kynntu þér málið á **spron.is**



spron

### > Veigar í liði ársins

Veigar Páll Gunnarsson er í liði ársins sem var birt í norska blaðinu Aftenposten í gær. Hann var í þriðja sæti í einkunnagjöf blaðsins, rétt eins og hjá Verdens Gang og Dagbladet, og er einn þriggja framherja í liðinu. Liðsfélagi hans og markahæsti maður norsku deildarinnar, Daniel Nannskog, er einnig í liði ársins sem og hinn tvítugi Nígeríumaður Edu sem hefur vakið athygli stórliða í Evrópu í sumar með frammistöðu sinni.



**sport**

sport@frettabladid.is

HELGI VALUR DANÍELSSON: FÉLAGIÐ HANS, ÖSTER, FÉLL UM HELGINA ÚR SÆNSKU ÚRVALSDEILDINNI Í KNATTSPYRNU

# *Alls ekki spennandi að spila í næstefstu deild*



Helgi Valur Daníelsson og félagar hans í sænska knattspyrnuliðinu Öster þurftu að bíta í það súra epli um helgina að falla úr sænsku úrvalsdeildinni. Öster komst upp í úrvalsdeildina fyrir ári og dvölin var því stutt hjá félaginu í efstu deild.

Helgi Valur var frekar daufur í dálkinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Þetta er frekar svekkjandi. Þetta var að vísu ekki í okkar höndum í gær þar sem Häcken vann sinn leik gegn Helsingborg. Okkur hefur bara gengið illa að skora. Við erum búnir að spila mjög vel síðari hluta mótsins, skapa okkur fullt af færum og það var bara það sama upp á teningnum í gær,“ sagði Helgi Valur og bætti við að það hefði komið honum á óvart að Häcken vann sinn leik.

„Það voru nú flestir búnir að spá okkur falli fyrir tímabilið. Við komum upp í fyrra eftir að hafa endað í öðru sæti næstefstu deildar. Það var alltaf á brattann að sækja hjá okkur en ég tel samt að við höfum verið betri en mörg lið sem enduðu fyrir ofan okkur,“ sagði Helgi Valur.

Helgi Valur er með samning hjá Öster út tímabilið 2008 en hann er ekki spenntur fyrir því að spila í næstefstu deildinni í Svíþjóð. „Það er alls ekki spennandi að spila í næstefstu deildinni. Það minnkar líka möguleika mína á landsliðssæti. En framtíðin fer bara eftir því hvort einhver lið hafi áhuga og geri tilboð í mig,“ sagði Helgi Valur sem mun ræða við stjórnina á næstu dögum um framtíð sína hjá félaginu.

„Formaður félagsins sagði í blöðunum í dag að einhver lið hefðu spurst fyrir um mig en ég hef ekki heyrt neitt sjálfur. Ég veit í rauninni ekki sjálfur hvaða lið það eru. Það er ansi mikill munur á deildunum hérna. Við spiluðum við tvö lið úr næstefstu deildinni í bikarnum og það er mikill munur. Það eru kannski einhver góð lið þarna en það er líka ansi mikill munur á liðunum í deildinni.“

Helgi Valur sagði að í framhaldi af þessu falli myndi stjórn félagsins funda með öllum leikmönnum en sænska deildin fer nú í vetrarfrí fram yfir jól.



**PARDEW OG WENGER** Sá síðarnefndi neitaði að taka í hönd þess fyrrnefnda eftir leikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrrum stjóri Arsenal:

## Gagnrýnir viðbrögð Wengers

**FÓTBOLTI** Terry Neill, fyrrverandi stjóri Arsenal, hefur gagnrýnt framkomu Arsene Wenger, núverandi stjóra Arsenal, í leik liðsins gegn West Ham á sunnudaginn, en stjórar liðanna lentu í miklum útistöðum eftir að West Ham skoraði sigurmark leiksins. Neill þessi var stjóri Arsenal frá 1976 til 1983.

„Ég kann vel við báða framkvæmdastjórana en ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með Arsene Wenger. Ég hefði haldið að hann væri meiri maður en þetta. Arsene Wenger er gáfaður maður og þegar hann lítur til baka þá held ég að hann verði óánægður með eigin viðbrögð. Alan Pardew sagði mér eftir leikinn að hann hefði farið inn í búningsklefa Arsenal eftir leikinn og reynt að ná tali af Wenger en án árangurs,“ sagði Neill og bætti því við að fögnuðurinn hjá Pardew hefði verið viðeigandi og að hann þyrfti ekki að biðjast afsökunar. - dsd



**AZINGER OG FALDO** Verða fyrirliðar liðanna sem mætast í Ryder-bikarnum árið 2008. NORDIC PHOTOS/GETTY

Bandaríska Ryder-liðið:

## Paul Azinger fyrirliði liðsins

**GOLF Í gær var tilkynnt að Paul Azinger verður næsti fyrirliði bandaríska Ryder-liðsins en næsta Ryder-keppni verður haldin í Bandaríkjunum árið 2008. „Þetta er mesti heiður sem atvinnugolfara getur hlotnast,“ sagði Azinger af þessu tilefni.**

**Árið 1993 greindist Azinger með krabbamein í eitli í öxl. Í kjölfarið fór Azinger í aðgerð og veikindin héldu honum frá keppni í tvö ár. Azinger hefur fjórum sinnum verið valinn í Ryderliðið á ferlinum.**

**Áður höfðu Evrópumenn tilkynnt að Nick Faldo yrði fyrirliði evrópska liðsins í mótinu en Azinger og Faldo hafa starfað saman í golflýsingum í bandarísku sjónvarpi.** - dsd

# Fimm nefndir sem hugsanlegir eftirmenn Eggerts

**Ef Eggerti Magnússyni tekst að kaupa meirihluta hlutabréfa í West Ham mun hann láta af formennsku í KSÍ. Fimm menn, allir þekktir í knattspyrnuheiminum, eru nefndir sem hugsanlegir eftirmenn Eggerts.**

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon hefur verið formaður Knattspyrnusambands Íslands síðan 1989. Undanfarnar vikur hefur hann farið fyrir hópi fjárfesta sem hefur reynt að eignast meirihluta hlutabréfa í enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham. Hann hefur þegar staðfest að takist honum það muni hann láta af formennsku í KSÍ sem og hætta sem meðlimur í framkvæmdastjórn Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA.

Sú umræða hefur áður komist á kreik um hver tæki hugsanlega við formennsku KSÍ af Eggerti fari svo að hann hætti. Hún er nú komin aftur á fullt skrið í tengslum við þreifingar Eggerts í Englandi. Nú eru fimm menn helst nefndir til sögunnar sem gætu haft áhuga og getu til að taka við embættinu. Þeir eru Halldór B. Jónsson, varaformaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, Guðni Bergsson, fyrrum atvinnumaður í knattspyrnu og Gunnar Sigurðsson sem hefur lengi starfað í þágu knattspyrnunnar á Akranesi.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra úr þessum hópi sem voru misviljugir að tjá sig um málið. Flestum fannst þeim ótímabært að koma þessu máli í yfirborðið þar sem Eggert er enn í starfi. Engu að síður vildi enginn beinlínis neita að áhugi viðkomandi væri fyrir hendi.

Gunnar Sigurðsson sagði að það gæti vel verið að hann hefði áhuga á starfinu. Hann var sjálfur lengi í stjórn KSÍ og þekkir því vel til starfans. „Þessi vettvangur er mér vel kunnugur. KSÍ hefur verið að vinna mjög spennandi starf og ég hefði áhuga á að taka þátt í því,“ sagði Gunnar.



**FORMAÐURINN OG FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson kynna ársskýrslu KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Jónas Kristinsson hefur lengi starfað fyrir knattspyrnudeild KR og sinnt þar störfum í tuttugu ár. Hann þekkir því einnig afar vel til hreyfingarinnar og hefur þar að auki sterkar skoðanir á málefnum sem lúta að KSÍ. Guðni er landsþekktur knattspyrnumaður og var lengi fyrirliði íslenska landsliðsins. Hann hefur hingað til ekki látið til sín taka á þessum vettvangi en áhugi hans á málefninu liggur í augum uppi. Þeir sem til þekkja segja hann efnilegan í starfið.

Geir og Halldór eru hátt settir í KSÍ í dag, Geir sem framkvæmdastjóri og Halldór sem varaformaður. Þeir hafa því báðir þá reynslu og þekkingu sem til þarf og þykja koma afar sterklega til greina.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**ROBIN VAN PERSIE** Fékk peningamynt í höfuðið frá stuðningsmönnum West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Claus Jensen og van Persie:

## Fengu pening í höfuðið

**FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið hefur hafið rannsókn á tveimur atvikum sem áttu sér stað um helgina í ensku úrvalsdeildinni. Robin van Persie fékk peningamynt í höfuðið í leik Arsenal og West Ham og það sama kom fyrir Claus Jensen, leikmann Fulham, í leik Fulham og Everton.**

**„Við munum skoða skýrslur dómaranna og ræða við félögin sem í hlut eiga til að finna út hverjir eiga sök á þessu. Lykillinn er að finna hver ber ábyrgðina á þessu og ákveða refsingu í kjölfarið,“ sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins.** - dsd



**DINO ZOFF** Var rændur á dögunum nálægt heimili sínu í Róm. NORDIC PHOTOS/AFP

Ítölsk goðsögn:

## Dino Zoff laminn og rændur

**FÓTBOLTI** Dino Zoff, fyrrverandi markvörður og landsliðsfyrirliði Ítala í knattspyrnu, lenti í heldur leiðinlegri lífsreynslu á sunnudagskvöldið. Hann var á gangi ásamt eiginkonu sinni þegar fjórir þjófar rændu þau.

Zoff lenti í handalögmálum við þjófana og hlaut að launum glóðarauga. Hjónin gáfust upp að lokum og þjófarnir hurfu á brott með úrin þeirra, símana og seðlaveski sem innihéldu u.þ.b. 87 þúsund krónur.

Ránsin átti sér stað nálægt heimili hjónanna en þau höfðu lagt bíl sínum á nálægu bílastæði. Þjófarnir ganga enn lausir. - dsd

Riðlakeppnin í Royal League liggur ljós fyrir:

## Sjö Íslendingar í Royal League

**FÓTBOLTI** Nú þegar deildakeppninni er lokið í Svíþjóð og Noregi liggur ljóst fyrir hvaða lið taka þátt í Royal League deildakeppninni en hún er keppni bestu liða Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs. Fjögur lið frá hverju landi fá þátttökurétt í keppninni.

Alls eru fjögur Íslendingalið í keppninni nú og í þeim eru sjö Íslendingar. Fimmta liðið, Lilleström, og áttuðu leikmaðurinn, Viktor Bjarki Arnarsson, getur ekki teflt honum fram fyrr en eftir áramót þegar félagaskiptaglugginn opnar á ný.

Liðunum er skipt í þrjá fjögurra liða riðla og lýkur riðlakeppninni í byrjun desember. Þau lið sem lentu í tveimur efstu sætum sinna deildakeppna eru saman í riðli í Royal League. Þannig eru Rosenborg og Brann í



**ROYAL LEAGUE** Úr leik Djurgården og Elfsborg í síðustu keppni. NORDIC PHOTOS/AFP

1. riðli, Bröndby og FCK í 2. riðli og Elfsborg og AIK í 3. riðli.

Að minnsta kosti einn Íslendingaslagur verður í keppninni er Hammarby og Bröndby mætast í 2. riðli. Keppnin hefst nú á fimmtudaginn er Noregsmeistarar Rosenborg taka á móti Brann. - esá

**1. RIÐILL**
**OB (DANMÖRKU)**
BRANN (NOREGI)
Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Ármann Smári Björnsson
**ROSENBORG (NOREGI)**
HELSINGBORG (SVÍÞJÓÐ)

**2. RIÐILL**
**HAMMARBY (SVÍÞJÓÐ)**
Pétur Marteinsson, Gunnar Þór Gunnarsson
BRÖNDBY (DANMÖRKU)
Hannes Þ. Sigurðsson
**FCK (DANMÖRKU)**
LILLESTRÖM (NOREGI)
Viktor Bjarki Arnarsson

**3. RIÐILL**
**AIK (SVÍÞJÓÐ)**
ELFSBORG (SVÍÞJÓÐ)
**VÅLERENGA (NOREGI)**
Árni Gautur Arason
VIBORG (DANMÖRKU)

Akureyri vann góðan sigur á Fylkismönnum í DHL-deild karla í handbolta í gær:

# Baráttusigur Norðanmanna

**HANDBOLTI** „Við vorum mjög lengi í gang en þegar við fórum að gera þar sem við lögðum upp með fór þetta að ganga eins og smurð vél, eins og þetta á að gerast. Stemningin var frábær og áhorfendurnir eiga tvímælalaust hlut í þessum sigri,“ sagði Akureyringurinn Magnús Stefánsson, sem iðulega er kenndur við Fagraskóg, eftir sigur Akureyrar á Fylki í gær.

Magnús benti réttilega á að heimamenn hefðu verið mjög lengi í gang en sprækir Árbæingar voru sterkari í fyrri hálfleik. Fylkismenn léku sterka 6-0 vörn og Hlynur Morthens var öflugur fyrir aftan hana í markinu svo Akureyringar komust lítt áfram í sóknarleik sínum. Fylkismenn höfðu verðskuldað 13-16 yfir í hálfleik en heimamenn komu gríðarlega ákveðnir til leiks í síðari hálfleik.

Með baráttu og dugnaði náðu þeir að jafna leikinn og var mikil spenna á fjölum KA-heimilisins allan síðari hálfleikinn. Liðin voru jöfn á öllum tölum en Fylkismenn ávallt skrefinu á undan en því miður misstu dómararnir leikinn frá sér í síðari hálfleik sem kom niður á báðum liðum.

Á lokasprettinum voru Akureyringar sterkari en þeir sigu fram úr í stöðunni 24-24 og héldu forystunni til leiksloka. Hreiðar Levý Guðmundsson átti frábæran síðari hálfleik í marki heimamanna sem höfðu að lokum þriggja marka sigur, 30-27 í skemmtilegum leik á Akureyri í gær.

„Ég held að spilamennska okkar geti bara batnað en við erum ánægðir með byrjunina á tímabilinu. Við erum með góða breidd, til að mynda vantaði tvo sterka menn í þessum leik en við löndum samt sigri. Þetta er ekki þessi klassa vörn og frábæra lið sem þeir hafa verið að tala um, ég er ekki að sjá hana og ég myndi segja að þetta væri sanngjarn sigur,“ sagði stórskyttan úr Fagraskógi, Magnús Stefánsson, í leikslok.

Sigur Akureyrar færði liðið upp í þriðja sæti DHL-deildar karla og er það nú, rétt eins og Fylkir, með fimm stig. Akureyri á þó leik til góða, gegn Fram. Bæði lið eiga Stjörnuna í næsta leik, Akureyri á útivelli og Fylkismenn í Árbænum. **- hþh**



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Andri Snær Stefánsson úr liði Akureyrar reynir hér að komast fram hjá Hreini Þór Haukssyni Fylkismanni. Andri skoraði sex mörk í leiknum, þar af þrjú úr hraðaupphlaupum. PEDROMYNDIR.IS

**AKUREYRI-FYLKIR 30-27**

**Mörk Akureyrar**: Magnús Stefánsson 7 (13), Goran Gucis 6 (10), Andri Snær Stefánsson 6 (11), Ásbjörn Friðriksson 6 (12), Alex Kuzminski 4 (6), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Nikola Jankovic 0 (3), Aigarz Kazdinz 0 (3).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 13, Sveinbjörn Pétursson.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Andri Snær 3, Ásbjörn 2, Magnús)
**Fiskuð víti**: 6 (Alex 2, Ásbjörn, Þorvaldur, Goran, Magnús)
**Utan vallar**: 6 mínútur
**Mörk Fylkis**: Vladimir Duric 11 (23), Arnar Þór Sæþórsson 4 (8), Eymar Kruger 4 (8), Ingólfur Axelsson 4 (10), Ásbjörn Stefánsson 2 (3), Ívar Grétarsson 1 (1), Haukur Sigurvinsson 1 (1), Þórir Júlíusson 0 (2).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 20.
**Hraðaupphlaupsmörk**: 2 (Ásbjörn, Vladimir).
**Fiskuð víti**: 2 (Vladimir, Ívar).
**Utan vallar**: 8 mínútur.


50+ Verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

- Eru vinnumiðlarar hlutlausir í ráðningarferlinu?
- Líður þér vel á vinnustað sem er einsleitur í aldurssamsetningu?
- Skiptir aldur máli þegar rætt er um vinnufyrirkomulag og líðan starfsmanna?
- Eru aðilar vinnumarkaðarins að styrkja stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði?

**Atvinnurekendur, stjórnendur, vinnumiðlarar, rannsakendur og áhugafólk um íslenskan vinnumarkað athugið!**

Verkefnisstjórn 50 + efnir til fundaraðar um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Annar fundur af þremur verður á Grand hótel, Hvammi þann 9. nóvember n.k. kl. 8:30-10:00.

***Dagskrá:***

1. Hugrún Jóhannesdóttir forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu fjallar m.a. um hlutverk vinnumiðlana og þátt þeirra í að hafa áhrif á viðhorf atvinnurekenda til þessa aldurshóps.

2. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir stjórnarformaður Rannsóknarstofu í vinnuvernd fjallar um einstaklinginn á vinnustað, vellíðan og vinnuviðhorf með hliðsjón af aldri starfsmanna.

3. Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og Gunnar Páll Pálsson formaður VR fjalla m.a. um þátt félagasamtaka, stéttarfélaga og félög atvinnurekenda. Hvað geta þessir aðilar gert til að styrkja stöðu hópsins á vinnumarkaði?

4. Umræður.

Fundarstjóri Elín R. Líndal.

Nánari upplýsingar um starf verkefnisstjórnarinnar og fundaröðina er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is

Morgunverður verður framreiddur frá kl. 8:00, verð kr. 1.400.-

Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig á netfangið: ***margret.gunnarsdottir@vmst.is***



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**EIÐUR SMÁRI** Verður líklega með Barcelona um næstu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði:

# Eiður Smári er á góðum batavegi

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er óðum að jafna sig á meiðslum sem hann hlaut í leik Barcelona og Chelsea í síðustu viku. Eiður Smári meiddist á ökkla og samkvæmt spænskum fjölmiðlum hefur bati hans verið hraðari en búist var við.

Barcelona mætir Badalona í spænsku bikarkeppninni á morgun og fastlega má búast við því að Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, taki engar áhættur með íslenska landsliðsfyrirliðann og láti Javier Saviola spila í fremstu víglínu liðsins. Jafnframt er búist við því að Eiður Smári verði mættur í byrjunarlið Barcelona um næstu helgi þegar Barcelona mætir Real Zaragoza á heimavelli. **- dsd**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborg@centrum.is

Ísskápur á mynd GCG21SISFSS

30% AFSLÁTTUR

# Alvöru amerískir

**GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir**

General Electric

ELECTRIC

**GCE23YHTFSS með lúgu**
Stærð: h 176x b 90,9 x d 60,7 cm
**Verð áður kr. 313.500 stgr.**
**Verð nú kr. 219.450 stgr.**

**GCE21YETFSS**
Stærð: h 176x b 90,9 x d 60,7 cm
**Verð áður kr. 285.100 stgr.**
**Verð nú kr. 199.570 stgr.**

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – **www.eirvik.is**

> **BILL MURRAY**

Margrómaður leikari sem hefur slegið í gegn í myndum eins og Lost In Translation, Ghostbusters og Groundhog Day. Bill fæddist í Illinois-ríki 21. september árið 1950 og geta sjónvarpsáhorfendur séð hann í myndinni Garfield á Stöð 2 Bíó í dag.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FANN TIL MEÐ BRESKRI MÓÐUR

# *Oft er flagð undir fögru skinni*

Það var frekar óþægilegt að horfa á fyrri hluta bresku sjónvarpsmyndarinnar The Kindness of Strangers sem var sýndur í fyrrakvöld, en sá síðari var í gærkvöldi.

Myndin snerist um konu, sem hefur nýlega eignast tvíbura með eiginmanni sínum, sem kynnist annarri konu á svipuðum aldri. Þær verða bestu vinkonur og konan fer að hjálpa móðurinni með krakkana og ýmislegt annað á heimilinu. Gengur hún svo langt að móðirin fer að gruna nýju vinkonuna um að girnast eiginmann sinn. Sakar hún hana jafnframt um að reyna að grafa undan sér og gefa það í skyn að hún eigi við geðræn vandamál að stríða.

Þessi fyrri hluti var mjög góður og afar vel leikinn, eins og flest sjónvarpsefni sem kemur frá Bretlandi. Það óþægilega við þáttinn var aftur á móti að fylgjast með því hvernig móðirin missir smám saman trúverðugleika sinn og um leið sjálfstraustið með hverju áfallinu á fætur öðru. „Vinkona" hennar er illskan uppmáluð og sannkallað flagð undir fögru skinni sem alla tíð ætlar sér að bola henni í burtu.



**THE KINDNESS OF STRANGERS** Enn ein sjónvarpsmyndin frá Bretlandi sem stendur fyrir sínu.

Það er nefnilega erfitt þegar aðeins maður sjálfur og ein manneskja veit hvað er í gangi og langaði mann oft til að hrista upp í eiginmanninum og segja honum að opna augun. Snilldin við þáttinn var sú að láta mann sjá hlutina nánast eingöngu frá sjónarhorni konunnar sem er við það að missa allt án þess að fá rönd við reist.

Eftir að þættinum lauk var röðin komin að myndinni Fatal Attraction, þar sem aðalpersónan þurfti einnig að glíma við konu einnig var ekki öll þar sem hún var séð. Þar var spennan öðruvísi, en góð engu að síður.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.20** **Beverly Hills 90210**
**SKJÁR EINN**



▶ **20,05** **Amazing Race** STÖÐ 2



▶ **20.00** **Casablanca TCM**



▶ **23.15** **Örninn SJÓNVARPIÐ**



▶ **23.55** **My Name Is Earl**
**SIRKUS**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið (9:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)
**18.25 Andlit jarðar (16:16)** Stuttir þættir með svipmyndum héðan og þaðan af Jörðinni. e.
**18.30 Kappflugið í himingeimnum (9:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (10:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og faðir hennar missir vinnuna. Meðal leikenda eru Kristen Bell, Percy Daggs, Teddy Dunn, Jason Dohring, Ryan Hansen, Francis Capra, Tessa Thompson og Enrico Colantoni.
**21.00 Svona var það (17:22)** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum. Með aðalhlutverk fara Ashton Kutcher, Mila Kunis, Topher Grace, Danny Masterson og Laura Prepon.
**21.25 Nærmynd** Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Finnann Klaus Härö.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Lögmál Murphys (5:6)** (Murphy's Law, Ser. 3) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Meðal leikenda eru James Nesbitt, Claudia Harrison og Del Synnott. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
▶**23.15 Örninn (2:8)** (Ørnen)
**0.15 Kastljós**
**0.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Deeply**
**8.00 Garfield: The Movie**
**10.00 Double Bill**
**12.00 Not Without My Daughter (e)**
**14.00 Garfield: The Movie 16.00 Double Bill**
**18.00 Not Without My Daughter (e)**
**20.00 Deeply**
**22.00 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss**
**0.00 Edge of Madness**
**2.00 The Package**
**4.00 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 My Sweet Fat Valentina**
**13.50 Silfur Egils**
**15.25 Meistarinn (18:22) (e)**
**16.10 Shin Chan**
**16.35 Mr. Bean**
**16.55 He Man**
**17.15 Nornafélagið**
**17.40 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir) Leyfð öllum aldurshópum.
**18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (5:21) (e)** (Simpson fjölskyldan) Lísa gengur til liðs við vafasama klíku vegna tilrauna sinna til að bjarga elsta tré Springfield-borgar.
▶**20.05 Amazing Race** Kapphlaupið mikla er nú hafið í níunda skiptið. Markmiðið er sem fyrr að þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það eitt að markmiði að verða fyrstur í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni hefst kapphlaupið í Denver. Tveir eru í hverju liði; hjón, pör, systkini, mæðgur og bestu vinir. Í fyrsta þætti liggur leiðin beint út fyrir landsteinana, suður á bóginn til Sao Paulo í Brasilíu en upp frá því hefst heimshornaflakkið fyrir alvöru með risastökki til Rússlands, þaðan til Þýskalands, Ítalíu, Grikklands, Óman, Ástralíu, Taílands, Japan og svo að endingu aftur á byrjunarreit í Denver.
**20.50 NCIS (18:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Þriðja þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta um störf sérstakrar glæpadeildar hjá bandaríska sjóhernum. 2005. Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break** (Flóttinn)
**22.20 Shield (10:11)** (Sérsveitin) Einn sterkasti og umtalaðasti spennuþáttur síðari ára.
**23.10 Numbers (3:24)**
**23.55 Deadwood (10:12)**
**0.40 The Curse of the Pink Panther**
**2.25 The Sky Is Falling**
**4.10 Ísland í bítið e**
**5.35 Fréttir og Ísland í dag**
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray - NÝTT! (e)**
**8.45 Innlit / útlit (e)**
**15.30 One Tree Hill - NÝTT! (e)**
▶**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Rachael Ray hefur verið kölluð hin nýja Oprah, enda er Oprah Winfrey hennar stærsti aðdáandi og einn af framleiðendum þáttanna. Oprah er einmitt aðalgestur þáttarins í dag. Rachael hefur mikið dálæti af skóm og gefur áhorfendum góð ráð um ýmislegt varðandi skókaup.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Melrose Place**
**19.45 Out of Practice (e)** Bráðfyndin gamansería.
**20.10 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemningu. Eftir stendur flottur gæi sem er fær í flestan sjó.
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Close to Home - Ný þáttaröð** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari og nýbökuð móðir, sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi, ekki alltaf við góðar undirtektir yfirmanna sinna. Þættirnir, sem koma úr smiðju Jerrys Bruckheimer, hafa fengið alveg ótrúlega góðar móttökur áhorfenda og er þeim líkt við hina vinsælu C.S.I.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**23.35 Survivor: Cook Islands (e)** Bandarísk raunveruleikasería.
**0.30 The Dead Zone (e)**
**1.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.00 Melrose Place (e)**
**2.45 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.30 The Hills**
**21.00 Rescue Me** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62. Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem angrar þá. Ekki hjálpar það til að mennirnir eru enn að takast á við afleiðingar 11. september sem hafði mikil áhrif á hópinn, en þar féllu margir félagar þeirra í valinn. Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.
**22.00 24 (19:24) Bönnuð börnum.**
**22.45 24 (20:24) Bönnuð börnum.**
**23.30 Insider**
▶**23.55 My Name is Earl (e)**
**0.20 The War at Home (e)**
**0.45 Seinfeld (e)**
**1.10 Entertainment Tonight (e)**
**1.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Newcastle - Sheff. Utd. (e) frá 04.11**
**16.00 Fulham - Everton (e) frá 04.11**
**18.00 Þrumuskot (e)**
**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 West Ham - Arsenal (e) frá 05.11**
**22.00 Roma - Fiorentina (e) frá 05.11**
**0.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**SÝN kl. 19:50**

### ENSKI DEILDARBIKARINN – SOUTHEND UTD - MAN. UTD.

Leikarnir taka nú að æsast í hinni ensku deildarbikarkeppni. Það er komið að fjórðu umferðinni. Tveir leikir verða sýndir í beinni útsendingu á Sýn, í kvöld og á morgun. Stórliðið Manchester Utd sækir í kvöld Southend Utd heim. Southend leikur í 1. deild, eða Championship League, eins og hún kallast nú. Southend, sem situr nú í fallsæti, lagði Leeds Utd í þriðju umferð 3-1 á útivelli en Man. Utd sigraði 2. deildar liðið Crewe Alexandra 1-2, eftir framlengdan leik. Líkt og önnur stórlið, á borð við Arsenal og Chelsea, þá má fastlega búast við að Man Utd. tefli fram liði skipuðu ungum og upprennandi leikmönnum. Hér verður því um kærkomið tækifæri fyrir aðdáendur liðsins til að kynnast framtíðarleikmönnum þess.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Survivor: Cook Islands**

**Á SKJÁ EINUM KL. 23.35**



Án efa vinsælustu raunveruleikaþættir sem gerðir hafa verið hingað til. 16 manns er hent á lokaðan stað og þurfa að bjarga sér í 36 daga. Í hverjum þætti er einhverjum hent út af staðnum og eftir stendur einn sigurvegari. Nýjasta serían er byrjuð á Skjá Einum og hver þáttur kemur á óvart, Þátturinn sem sýndur er í kvöld er endursýndur frá því í gærkvöldi.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **8.00** Fréttir **8.30** Fréttayfirlit **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stelpulitir
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Við fórum allir í „Kápuna" hans Gogols
**21.00** Afsprengi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.30 Gillette Sportpakkinn**
**17.55 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.25 Stjörnugolf 2006**
**18.55 X-Games 2006 - þáttur 1**
**19.50 Enski deildarbikarinn**
**22.50 Bardaginn mikli**
**23.45 Veitt með vinum** (Norðlingafljót) Veitt með vinum eru vandaðir veiðiþættir í umsjón Karls Lúðvíkssonar þar sem hann fer í veiði með félögum sínum m.a. í Minnivallalæk, Laxá í Aðaldal, Staðartorfu, Múlatorfu, Hraun, Breiðdalsá, á Þingvöllum, Laxá í Aðaldal og Norðlingafljóti.
**0.15 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
**0.45 Ár í lífi Steven Gerrard** (Steven Gerrard: A Year In my Life) Nýr þáttur um enska landsliðsmanninn Steven Gerrard hjá Liverpool. Gerðir hafa verið tveir þættir um kappann en í þessum er stiklað á stóru í atburðum síðasta árs hjá kappanum. Þar á meðal er sigur í Meistaradeild Evrópu í fyrra og sigur í bikarkeppninni í ár en Gerrard skoraði í báðum þessum leikjum.

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Fugle i natten **12.20** S¢ren Ryge bes¢ger Lis og dyrene **12.50** Livet på skinner **13.20** Rabatten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Smæk for Skillingen **15.30** En lille reminder **15.40** SPAM **16.00** Insektoskop **16.05** Lucky Luke **16.30** Store N¢rd **17.00** Lille N¢rd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Teenagetesten **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Mistænkt 7: Sidste akt **22.40** Örnen **23.35** Clement Kontra

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Hurtigruten 365 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.30** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Ssslangejegeren **18.55** Tinas mat 19.25 Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn: Missing Women **23.10** Jazz: String Sisters i Drammens Teater **0.05** Larry Sanders-show

## SVT 1

**11.05** Brevgrottan i öknen **13.50** Herr Arnes penningar **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Bajo el cielo de Madrid **16.15** Le Maroc qui bouge **16.25** Les petits animaux sauvages **16.30** Krokodill **17.00** Myror i brallan **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Trackslistan **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Poliser **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Yizo, Yizo **23.15** Sändning från SVT24


# Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.




Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Hlynur Guðjónsson fyrir að vera öðrum fremri í málmsuðu en hann varð Íslandsmeistari í greininni í síðustu viku.*

# Vegir Kristjáns og Bjarna liggja aftur saman

„Mér líst vel á þetta, hérna er skemmtilegt og hæft fólk,“ segir Bjarni Brynjólfsson, fyrrum ritstjóri Séð og heyrt, en hann hefur tekið við stöðu upplýsingafulltrúa hjá breska sendiráðinu. Um er að ræða tímabundið starf þar til í júní á næsta ári. Bjarni leysir Árdísi Sigurðardóttur af sem farin er í barneignarleyfi en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru eiga hún og Kristján Þorvaldsson, samstarfsmaður Bjarna á Séð og Heyrt til margra ára, von á barni saman.



**BJARNI BRYNJÓLFSSON** Er orðinn upplýsingafulltrúi breska sendiráðsins á Íslandi.

Bjarni viðurkennir að þetta sé skondin tilviljun, að leiðir hans og Kristjáns skyldu liggja svona saman aftur með jafn óvenjulegum hætti. „Vegir Guðs eru jú órannsakanlegir,“ segir upplýsingafulltrúinn og getur vart annað en hlegið en Bjarni var að koma sér fyrir í húsnæði sendiráðsins á Laufásvegi þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Bjarni var einn þeirra sem sagt var upp þegar miklar mannabreytingar urðu á tímaritaútgáfunni Fróða fyrir nokkru og hefur lítið farið fyrir ritstjóranum fyrrverandi eftir allan hamaganginn. „Ég hef eiginlega bara verið að rækta garðinn minn, í bókstaflegri og andlegri merkingu,“ útskýrir hann og segist hafa notið þess að hafa tekið sér svona langt frí eftir tuttugu ár í fremstu víglínu en útilokar ekki endurkomu á íslenskan fjölmiðlamarkað eftir þjónustuna í þágu bresku drottningarinnar. - fgg



**ÁRDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Á von á barni með Kristjáni Þorvaldssyni, samstarfsmanni Bjarna til margra ára.

**KRISTJÁN ÞORVALDSSON** Verður stoltur faðir aftur eftir 23 ára „hlé“ en hann er sem kunnugt er pabbi leikarans góðkunna, Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar.



**LÁRÉTT** **2** sjávardýr **6** gat **8** sjór **9** skref **11** þurrka út **12** skot **14** vondur **16** í röð **17** spíra **18** hætta **20** tveir eins **21** land í asíu.

**LÓÐRÉTT** **1** hróss **3** ryk **4** bræðingur **5** knæpa **7** fjármuni **10** mál **13** hamfletta **15** svall **16** mælieining **19** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fisk, **6** op, **8** mar, **9** fet, **11** má, **12** snafs, **14** illur, **16** mn, **17** ála, **18** ógn, **20** ll, **21** laos.

**LÓÐRÉTT:** **1** lofs, **3** im, **4** samsull, **5** krá, **7** peninga, **10** tal, **13** flá, **15** rall, **16** mól, **19** no.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Gunnar Svavarsson.
2 Í Leynimýri.
3 Hrafnreyður.


**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

**Sheraton Real de Faula**
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

**Tottenham–Wigan**
– 24.–27. nóv. 58.900 kr.

**Berlín í jólaundirbúningi**
– 24.–27. nóv. 51.900 kr.

**George Michael**
– 27.–29. nóv. 69.900 kr.

**Aðventuferð til Trier**
+ 8.–11. des. 59.900 kr.

Í Trier er öllu til tjaldað um aðventuna: Dásamlegur jólamarkaður þar sem hægt er að versla fallega muni og gæða sér á ekta jólaglögg og jólakökum. Jólaskreytingar, jólaljós og hagstætt verðlag. Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 3 stjörnu hóteli í 3 nætur, skoðunarferð og rútuferðir.

**Chelsea–Arsenal**
– 9.–11. des. 69.900 kr.

**Arsenal–Portsmouth**
+ 15.–17. des. 59.900 kr.

Sunnlendingarnir frá Portsmouth hafa staðið sig vonum framar í deildinni í haust. En nú reynir á þá þegar þeir mæta Arsenal á Emirates Stadium. Gunners eru alltaf erfiðir við að etja á heimavelli. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

**Óli Palli og The Pogues**
– 16.–18. des. 59.180 kr.

**Arsenal–Man. City**
– 30.–31. jan. 54.900 kr.

**Liverpool–Everton**
– 2.–4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


SUNNA GUÐMUNDSDÓTTIR: JÓLAHÚSIÐ VINSÆLT HJÁ ÍSLANDSVINUM

# Stórstjörnur kaupa jólaskrautið á Skólavörðustíg

„Jú, það er rétt, hún hangir hérna fyrir aftan búðarborðið og blasir við viðskiptavinum þegar þeir koma inn,“ útskýrir Sunna Guðmundsdóttir, starfsmaður Jólahússins á Skólavörðustíg, þegar hún er innt eftir jólakúlu sem árituð er af bandaríska gæðaleikaranum John C. Reilly.

Reilly kom til landsins fyrr á þessu ári vegna frumsýningar á kvikmyndinni A Praire Home Companion og vakti koma hans mikla athygli enda var Reilly tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í Chicago. Leikarinn góðkunni gerði sér ferð í Jólahúsið og keypti sér íslenskt jólaskraut sem væntanlega mun prýða heimili hans í Bandaríkjunum þegar hátíð ljóss og friðar gengur í garð í næsta mánuði. Voru það ekki síst hjónakornin Grýla og Leppalúði og synir þeirra þrettán sem vöktu mestu kátínuna. Reilly er ekki eini þekkti leikarinn sem hefur fest kaup á jólaskrauti í búðinni því gamli James Bond-leikarinn Roger Moore rak einnig inn nefið þegar hann kom hingað á vegum UNICEF og mun væntanlega skreyta húsið sitt með íslensku jólaskrauti frá Skólavörðustígnum.



**SUNNA GUÐMUNDSDÓTTIR** Starfsmenn Jólahússins ætla að reyna að safna sem flestum eiginhandaráritunum frá öllu því fræga fólki sem kemur í búðina og kaupir íslenskt jólaskraut. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ætlunin er að fá sem flestar áritanir, við vorum aðeins of seinar til að byrja á þessu núna,“ upplýsir Sunna. Jólahúsið nýtur mikilla vinsælda hjá erlendum ferðamönnum sem koma í búðina á hvaða árstíma sem er og segir Sunna að varla sé dauður tími í búðinni þótt vissulega hægist aðeins um fyrstu þrjá mánuði ársins eftir að jólahaldi lýkur. Svo fer hins vegar allt á fullt. „Útlendingarnir koma hérna mikið yfir sumartímann þannig að þetta teygist í báða enda,“ segir Sunna og bætir því við að þeir sem ekki komist til Íslands versli mikið á netinu og eiga Grýla og synir hennar hvað mestum vinsældum að fagna sem fyrr.

freyrgigja@frettabladid.is



**ROGER MOORE** Keypti sér jólaskraut þegar hann dvaldist hér á landi á vegum UNICEF.

**JOHN C. REILLY** Keypti íslenska jólasveina og íslenskt handverk.



**JÓLAKÚLAN FRÆGA** John C. Reilly setti það ekki fyrir sig að árita jólakúlu fyrir starfsfólk Jólahússins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Flýgur sú fiskisaga að **Steingrímur J. Sigfússon**, formaður vinstri grænna og einn helsti orator þingsins, sitji nú við og lemji saman bók. Nokkur leynd ríkir um bókina og var ekki nokkur vegur að fá fram upplýsingar um það hvenær bókarinnar er að vænta né heldur hver muni gefa út. Bókin mun þó vera hugmyndafræðilegs efnis og má búast við því að umhverfismál og vitanlega pólitík verði fyrirferðarmikil þó svo að ekki sé ætlunin að rita pólitíska sjálfsævisögu.



Fréttamaðurinn **Finnur Beck** og unnusta hans, **María Hrund Marinósdóttir** markaðsráðgjafi, eignuðust fyrsta barn sitt á laugardaginn. Þeim skötuhjúunum fæddist stúlka og heilsast öllum í fjölskyldunni vel. Finnur, sem stundar um þessar mundir nám í lögfræði meðfram vinnu sinni á Fréttastofu Sjónvarpsins, greinir frá þessum tímamótum á bloggsíðu sinni. „Litla daman dafnar vel og er augnayndi foreldra sinna. Eins og Guðna finnst henni mjólkin góð,“ skrifar Finnur á finnurbeck.blogspot.com.



New York maraþonið var hlaupið um síðustu helgi. Samkvæmt opinberri heimasíðu maraþonsins tóku 38 Íslendingar þátt að þessu sinni, bæði karlar og konur á öllum aldri. Einn þátttakendanna var **Karl Pétur Jónsson**, tengdasonur Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Er þetta fyrsta skipti sem Karl Pétur hleypur heilt maraþon og stóð hann sig framar vonum, hljóp á þremur klukkustundum og 58 mínútum.

- jbg/hdm



# Ísland í sviðsljósinu hjá MTV

Hryllingsmyndaleikstjórinn Eli Roth er staddur hér á landi til að taka upp nokkur atriði fyrir mynd sína Hostel II. Eli lýsti því yfir í Fréttablaðinu að ferðalag hans hingað væri bara léleg afsökun fyrir því að komast á hestbak á Ingólfshvoli þar sem leikstjórinn á hest. Starfsfólk frá kvikmyndafyrirtækinu Lionsgate og Sony, sem sjá um framleiðslu og dreifingu á Hostel-myndinni, gerðu sér einnig ferð til Íslands og fylgdust með gangi mála og sjónvarpsstöðin MTV slóst einnig með í hópinn og tók upp mikið af efni sem væntanlega verður sýnt á stöðinni eftir áramót.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mæltist dvölin svo vel fyrir hjá starfsfólki myndarinnar að stærstur hluti þess ákvað að framlengja dvöl sína hér fram yfir helgi. Hersingin gerði sér síðan ferð niður í miðbæ Reykjavíkur þar sem Eli fékk óskipta athygli íslensku kvenþjóðarinnar en hann er nú sagður vera að íhuga það alvarlega að festa kaup á íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Eli fékk hins vegar harða samkeppni frá Danny Masterson sem íslenskir sjónvarpsáhorfendur ættu að kannast við úr sjónvarpsþáttunum That 70`s Show þar sem hann leikur hinn kærulausa Steven Hyde. Masterson kom hingað með unnustu sinni Bijou Philips sem leikur eitt aðalhlutverkanna í Hostel II.

Búlgarski leikarinn Stanislav Ianevski fékk hins vegar hvað mestu athyglina í Bláa lóninu. Þegar leikarinn tók sundsprett könnuðust ferðamenn frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi við kauða úr kvikmyndinni Harry Potter og eldbikarinn þar sem Ianevski lék Victor Krum. Hópuðust þeir um hann og var Stanislav hinn almennilegasti samkvæmt sjónarvottum. - fgg



**DANNY OG BIJOU** Féllu fyrir landi og þjóð en Danny leikur hin kærulausa George Hyde í That ´70 Show.



**ELI ROTH** Er mikill Íslandsvinur og hefur í hyggju að eignast hér húsnæði.




# MSc NÁM Í BYGGINGARVERKFRÆÐI og BYGGINGARTÆKNIFRÆÐI

## Kynningarfundur

miðvikudaginn 8. nóvember
kl. 17:00 í Háskólanum í Reykjavík,
Ofanleiti 2.

### Boðið er upp á fjögur sérsvið:

- Framkvæmdir og framkvæmdastjórnun
- Mannvirki og mannvirkjahönnun
- Concrete Technology
  *(Efnisfræði steinsteypu er kennd á ensku)*
- Umferð og skipulag

Nánari upplýsingar eru á
www.hr.is og hjá
Ingunni Sæmundsdóttur,
ingunn@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK • KRINGLAN 1, 103 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Loksins*

Einu sinni í fyrndinni var ég í svo ægilega leiðinlegu starfi að helgarnar voru eini ljósi punkturinn. Lífið snerist um þær, virku dagarnir voru hörmung, mánudagar verstir, en strax klukkan fimm á þriðjudegi var hægt að byrja niðurtalningu. Aðdráttarafl helganna felst yfirleitt ennþá í jafn látlausum lífsgæðum og sundferð fjölskyldunnar með viðkomu í ísbúðinni. Slóra frameftir á náttfötunum, lesa blöðin og skreppa í göngutúr eða heimsókn.

**HVÍLDARDAGAR** í þeim skilningi eru reyndar ekki réttnefni lengur því með fleiri börnum aukast auðvitað annir í frítíma. Þótt vinnan mín núverandi sé skemmtileg og krefjandi eru virkir dagar næstum til afslöppunar miðað við helgarnar. Þá fer enginn í skóla eða leikskóla og því vissulega kostur fyrir foreldra ungra barna að kunna að meta notalegan hasar sem byrjar við dagrenningu.

**UNDANFARNAR** vikur hefur hins vegar verið líf og fjör á heimilinu alla daga vikunnar á meðan tilvera fjölskyldunnar hefur snúist um prófkjör. Hina harkalegu aðferð flokkanna til að velja álitlega frambjóðendur á lista svo fólk sem alla jafna eru fínir félagar fær um tíma stöðu harðra keppinauta.

**ÞEGAR** maður býður sig fram í prófkjöri er það nefnilega framboð allrar hans fjölskyldu. Heimilið verður nokkurs konar kosningaskrifstofa, samskipti snúast að mestu um erindi, snatt, símtöl, spekúlasjónir um bækling, heimasíðu, auglýsingar eða kappræður. Að ekki sé talað um viðtöl, myndatökur og útlit. Húsið er undirlagt en þó ekkert í líkingu við hversu hausinn er undirlagður. Varla að mamman klári sig af Krummi krunkar úti án þess að nefna dálítinn fróðleiksmola í leiðinni um prófkjörsmál við blessuð börnin.

**ALLT** til að koma á framfæri þeim hugsjónum sem reka þennan mann í stjórnmál.

**ÞESSI** vika er einmitt lokasprettur-inn. Næstu helgi ætla ég að skreppa í sund með fjölskyldunni og koma við í ísbúðinni. Lesa blöðin og skreppa í göngutúr. En fyrst og fremst ætla ég að njóta þeirra látlausu lífsgæða að hafa áhrif á umhverfi mitt því atkvæðisrétturinn er of dýrmætur til að láta hann ónýttan. Þetta verður helgi til að velja hvað gerist í kosningunum næsta vor: Helgi til að kjósa.


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá


